



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félagsráðgjafardeild

MA-ritgerð

**Jöfn búseta barna hjá báðum foreldrum
eftir skilnað**

Viðtalsrannsókn á reynslu tíu foreldra

Sólveig Sigurðardóttir

Desember 2009

Leiðbeinandi: Sigrún Júlíusdóttir

Nemandi: Sólveig Sigurðardóttir

Kennitala: 200384-2459

Útdráttur

Rannsókn þessi fjallar um jafna búsetu barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað. Markmið rannsóknarinnar er að bæta við og dýpka þekkingu og skilningi á uppeldisumhverfi og aðstæðum barna eftir skilnað og að fá fram sjónarmið og viðhorf til jafnrar búsetu barna hjá báðum foreldrum. Tilgangur rannsóknarinnar er þá fyrst og fremst að afla þekkingar og um leið varpa ljósi á aðstæður fjölskyldna, sem búa við slíkt fyrirkomulag, til þess að geta haft áhrif á löggjöf, fræðslu og þjónustu á sviði fjölskylduráðgjafar. Beitt var eigindlegum rannsóknaraðferðum. Tekin voru hálfstöðluð einstaklingsviðtöl við tíu fráskilda foreldra sem eiga börn, á aldrinum sex til átta ára, sem hafa jafna búsetu hjá báðum foreldrum. Helstu niðurstöður rannsókna voru að foreldrar barna sem búa við jafna búsetu líta mjög jákvæðum augum á fyrirkomulagið. Foreldrarnir eru í góðu sambandi og leggja mikla áherslu á að vinna í sameiningu að því að tryggja hagsmuni og velferð sameiginlegs barns. Samvistir foreldra og barna breytast eftir skilnað, sem má rekja til þess að foreldrarnir hafa afmarkaðri tíma með barni sínu. Jöfn búseta hefur hins vegar ekki áhrif á gæði tengsla foreldris og barns. Foreldrar verða eigingjarnari á sinn eigin tíma með barninu og hefur það áhrif á samvistir barnsins við aðra fjölskyldumeðlimi, og þá fyrst og fremst ömmu og afa beggja vegna. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu vísbendingar um ákveðna þætti sem þurfa að vera til staðar til þess að jöfn búseta barna hjá báðum foreldrum geti gengið vel. Þessi þættir eru: (i) *góð foreldrasamvinna sem einkennist af gagnkvæmri virðingu og trausti*, (ii) *sterk tengslamyndun barns við báða foreldra, sérstaklega þó við feður*, (iii) *jafnræði í hlutverkum foreldra fyrir og eftir skilnað*, (iv) *foreldrar búsettir nálægt hvort öðru* og (v) *góð aðlögunarhæfni barns*.

Lykilorð: Skilnaður, forsjá, jöfn búseta, foreldrar, börn

Abstract

This study focuses on dual-residence arrangement for children following parental divorce. The aim was to examine and get a deeper understanding of children's conditions following a parental divorce and to get parents' perspectives on dual-residence arrangement. The purpose of this study was to provide knowledge and to highlight the situation of divorced families and children that spend equal time with each parent. The research method was qualitative. Ten parents who have children from the ages of six to eight years old living in dual-residence were interviewed. The main conclusion is that the experience of parents who have young children living in dual-residence is very positive. These parents have a good relationship and are both committed to work together to ensure the best interests of the child. The parent-child relationship was affected by the divorce, because of the limited time that the parents had with their children. Dual-residence arrangement however, does not affect the quality of the relationship. Parents become selfish of their time with the child and it affects the child's relationship with other family members, especially grandparents. The result of the study indicated some factors that divorced families, with dual-residence arrangements, need to consider. These factors are: *(i) good parental cooperation (ii) children's close relationship with both parents, especially with fathers, (iii) equality in parents' roles before and after divorce, (iv) parents living near each other and (v) good adaptability of a child.*

Key words: Divorce, custody, dual-residence arrangement, parents, children

Formáli

Ritgerð þessi er metin til 30 ECTS og er hluti af meistaraþrófi í félagsráðgjöf til starfsréttinda við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn var Sigrún Júlíusdóttir prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Ég vil færa henni mínar bestu þakkir fyrir góða leiðsögn og ánægjulegt jafnt sem lærdómsríkt samstarf. Þá vil ég þakka Halli Þór Sigurðarsyni, Jóhönnu Hallsdóttur, Sturlaugi Sturlaugssyni og Bjarnheiði Hallsdóttur fyrir yfirlestur ritgerðarinnar og gagnlegar ábendingar. Viðmælendum mínum vil ég færa sérstakar þakkir fyrir þátttöku í rannsókninni. Að lokum vil ég þakka mínum nánustu, fjölskyldu og vinum fyrir margvíslega aðstoð, hvatningu og stuðning á því tímabili sem rannsóknin var unnin.

Efnisyfirlit

	Bls.
Útdráttur	3
Abstract	4
Formáli	5
1. Inngangur	8
2. Lagalegt umhverfi í skilnaðarmálum	12
2.1 Forsjá barna eftir skilnað foreldra	13
2.2 Búseta barna eftir skilnað foreldra	17
2.3 Umgengni foreldra og barna eftir skilnað	20
2.4 Skilnaðarráðgjöf	23
3. Þróun samvista og helstu áhrifaþættir	27
3.1 Fæðingarorlof foreldra	28
3.2 Jafnréttismál	30
3.3 Almenn umræða og félags- og hagsmunasamtök	32
4. Skilnaðar- og búsetumál barna í ljósi rannsókna	34
4.1 Íslenskar rannsóknir	34
4.2 Alþjóðlegur samanburður	38
5. Aðferð og framkvæmd rannsókna	43
5.1 Eigindleg aðferðarfræði	43
5.2 Siðferðileg álitamál	44
5.3 Framkvæmd og úrvinnsla	46
5.4 Þátttakendur	48
6. Niðurstöður: Jöfn búseta barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað	50
6.1 Samband foreldra	50
6.1.1 Skilnaður og ráðgjöf	51
6.1.2 Samskipti og samvinna	53
6.2 Reynsla foreldra af jafnri búsetu barna	57
6.2.1 Tilhögun samvistanna	58
6.2.2 Upplifun og viðhorf til fyrirkomulagsins	60
6.2.3 Samvista foreldra og barna	64
6.3 Breytingar í lífi barna eftir skilnað	66
6.3.1 Viðbrögð, þroski og líðan	66
6.3.2 Aðlögun barna eftir skilnað foreldra	68
6.3.3 Áhrif fjölskyldubreytinga – ný fjölskyldugerð	70
6.4 Fjölskyldutengsl	72
6.4.1 Tengsl foreldra og barna	72
6.4.2 Kynslóðatengsl	74

7. Umræða og Ályktanir	77
7.1 Heildarmynd af niðurstöðum rannsóknarinnar	77
7.2 Löggjöf og þróun skilnaðarmála	80
7.3 Þekkingarsköpun og reynsla	85
7.4 Samantekt og framtíðarsýn	86
Heimildaskrá	89
Fylgiskjöl	94
Fylgiskjal 1	95
Fylgiskjal 2	97
Fylgiskjal 3	98

1 Inngangur

Miklar breytingar hafa orðið á almennri fjölskyldusamsetningu undanfarna áratugi þar sem ólíkar fjölskyldugerðir hafa rutt sér til rúms og hin hefðbundna kjarnafjölskylda, þ.e. móðir, faðir og sameiginleg börn þeirra, er ekki lengur hin staðlaða fjölskyldumynd. Nú árið 2009 búa 23% barna á Íslandi hjá einum fullorðnum einstaklingi og 77% barna búa hjá tveimur fullorðnum einstaklingum. Á ári hverju upplifa á bilinu 1100-1400 börn skilnað foreldra sinna. Tíðni skilnaða og sambúðarslita á Íslandi hefur undanfarið verið u.þ.b. 2 af 1000 íbúum á ári. Fjöldi hjúskaparslita hafa verið yfir 1200 á ári. Skilnaðartíðni á Íslandi er svipuð en ívið lægri en á hinum Norðurlöndunum, um 35% hjónabanda enda með skilnaði hér á landi. Tíðnin hefur haldist svipuð undanfarna áratugi. Um 65% þeirra para sem fengu lögskilnað eða slitu óvígðri sambúð árið 2008 áttu börn saman (Landshagir, 2009).

Í samningi sameinuðu þjóðanna um réttindi barns (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna nr. 18/1992) segir að börn eigi rétt á að þekkja báða foreldra sína og njóta umönnunar þeirra. Aðildarríkin eru hvött til að virða þá meginreglu að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn sitt og koma því til þroska. Þá segir í íslenskum Barnalögum (nr. 76/2003) að foreldrum beri að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu. Jafnt því að gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum þannig að best henti hag og þörfum barnsins hverju sinni.

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er jöfn búseta barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað. Gerð var rannsókn á reynslu tíu foreldra af slíku fyrirkomulagi. Aðdraganda rannsóknarinnar má rekja til viðtalsrannsóknar um skilnaðarbörn og kynslóðatengsl í kjölfar skilnaðar, sem Sigrún Júlíusdóttir prófessor í félagsráðgjöf vinnur nú að ásamt höfundi. Áætlað er að hún muni birtast á fyrri hluta árs 2010.

Frumniðurstöður þeirrar rannsóknar hafa sýnt að þeir þættir sem skipta mestu máli fyrir velferð barna eftir skilnað foreldra, eru búseta, samvinna og traust milli foreldra, fjölskyldusamheldni og loks þroski barns og tilfinningartengsl við foreldra (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2009a). Í viðtölum og við úrvinnslu framangreindar rannsóknarinnar, sem og við vinnu BA-ritgerðar um skilnaðarmál, kviknaði áhugi höfundar á að skoða nánar fjölskyldur þeirra barna sem dvelja jafnt hjá báðum foreldrum, þ.e. reynslu og sýn foreldra af slíku fyrirkomulagi. Kveikjuna að

verkefninu má jafnframt rekja til þess að fjölskyldan er miðlægt viðfangsefni í félagsráðgjöf og einnig kom til skjalanna persónuleg reynsla sem skilnaðarbarn.

Tekin voru eigindleg viðtöl við tíu fráskilda foreldra ungra barna sem búa við jafna búsetu. Viðmælendur rannsóknarinnar voru allir með svokallað viku- viku fyrirkomulag þar sem barnið dvaldi í viku hjá öðru foreldrinu og svo viku hjá hinu. Sérstaklega var spurt um skilnaðartímabilið, reynslu viðmælenda af fyrirkomulagi samvistanna, aðlögun og líðan barna og tengsl og samskipti fjölskyldumeðlima eftir skilnað.

Markmið rannsóknarinnar er að bæta við og dýpka þekkingu og skilning á uppeldisumhverfi og aðstæðum barna eftir skilnað og að fá fram sjónarmið og viðhorf til jafnrar búsetu barna hjá báðum foreldrum. Tilgangur rannsóknarinnar er þá fyrst og fremst að afla þekkingar og um leið varpa ljósi á aðstæður fjölskyldna, sem búa við jafna búsetu, til þess að geta haft áhrif á löggjöf, fræðslu og þjónustu á sviði fjölskylduráðgjafar. Út frá markmiðum rannsóknarinnar er sett fram eftirfarandi rannsóknarspurning:

Hver er reynsla og sýn fráskilinna foreldra af jafnri búsetu barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað?

Miklar breytingar hafa orðið á högum barna og þeim tækifærum sem fjölskyldur hafa á að viðhalda tengslum í fjölskyldum eftir skilnað. Þetta á bæði við um innsta kjarnan sem og stjórfjölskylduna í heild. Í dag hefur skilnaður ekki reynst hafa eins afgerandi áhrif á börn og áður var. Þar koma eflaust til breytt viðhorf, löggjöf og almennt umbreyttir lífshættir í samfélaginu. Við skilnað geta þó skapast fjölþætt vandamál hjá fjölskyldum. Félagráðgjafar eru vel til þess fallnir að sinna skilnaðarmálum, þeir nálgast viðfangsefni sitt út frá heildarsýn. Slík hugmyndafræði felur í sér að beitt er þeirri sýn á manneskjuna að hver og einn einstaklingur sé sérstakur og margbreytilegur. Þá er horft á aðstæður einstaklinga út frá öllum hliðum og í samhengi við umhverfi hvers og eins, fjölskyldu, vana og samfélagsins í heild sinni (Lára Björnsdóttir, 2006). Slík nálgun getur reynst vel þegar breytingar á borð við skilnað verða í lífi barna og fjölskyldna.

Áætla má að ef vel er unnið úr málunum geti barn átt í ástríku sambandi og stöðugum samskiptum við báða foreldra eftir skilnað. Í því sambandi er áhugavert að

hugleiða þær breytingar sem hafa orðið á raunverulegum samvistum barna og foreldra frá því að sameiginleg forsjá varð möguleg á Íslandi. Einnig er vert að skoða hvort löggjöf um sameiginlega forsjá sem meginreglu eftir skilnað hafi haft enn frekari áhrif og orðið til þess að jöfn búseta barna hjá báðum foreldrum hafi orðið ákjósanlegt samvistarform við skilnað í barnafjölskyldum.

Umræður hafa verið um kosti og galla jafnrar búsetu barna hjá báðum foreldrum í kjölfar skilnaðar. Þeir sem því eru fylgjandi hafa nefnt mikilvægi samskipta við báða foreldra, aukinn tíma feðra með börnum sínum, betri aðlögun barna og jafnari ábyrgð foreldra. Þeir sem henni eru andsnúnir hafa hins vega nefnt aukið rótleysi, meiri átök milli foreldra, mikilvægi þess fyrir börn að hafa aðeins eitt aðalheimili og minni tengsl við aðalforeldrið (Ársæll M. Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2008). Mikil þörf er á að rannsaka þá reynslu sem þegar er komin á jafna búsetu barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað og þau áhrif sem fyrirkomulagið hefur á velferð barna og fjölskyldutengsli. Sú rannsókn sem framkvæmd hefur verið mun vonandi bæta við þá þekkingu sem nú þegar er til staðar varðandi tengsl foreldra og barna eftir skilnað. Hér á landi hefur reynsla og sýn foreldra af jafnri búsetu barna ekki verið skoðuð á þann hátt sem hér er gert.

Uppbygging ritgerðar er á þann veg að hún skiptist í þrjú megin hluta. Fyrst fræðilegan hluta, síðan rannsóknar og niðurstöðuhluta og í þriðja og síðasta lagi umræðu og ályktanir um niðurstöður. Fyrsti kafli í fræðilega hluta ritgerðarinnar fjallar um lagalegt umhverfi í skilnaðarmálum, skoðað út frá forsjá, búsetu og umgengi barna eftir skilnað foreldra sem og skilnaðarráðgjöf. Borin er saman staða Íslands við hin Norðurlöndin. Í öðrum kafla fræðilega hlutans er umfjöllun um þróun samvista og helstu áhrifaþætti. En þeir eru hér fæðingarorlof foreldra, jafnréttismál, almenn umræða og félags- og hagsmunasamtök. Í loka kafla fræðilega hlutans er fjallað um íslenskar rannsóknir á sviði fjölskyldufræða sem snerta samvistir barna og foreldra í kjölfar skilnaðar og jafnframt litið til erlendra rannsókna á sviðinu. Þá skiptist rannsóknar og niðurstöðuhlutinn í tvo kafla. Fyrst aðferð og framkvæmd rannsóknar og svo niðurstöður rannsóknar. Í þriðja hluta, umræðu og ályktunum, er tengt saman fræðilega hluta ritgerðarinnar og rannsóknarniðurstöður, og ályktað út frá þeim.

Í ritgerðinni eru nokkur hugtök sem þarfnast skilgreiningar: *Jöfn búseta* vísar til þess að börn búi til jafns hjá báðum foreldrum sínum eftir skilnað. Þetta hefur einnig verið nefnt *tvískipt búseta*. *Sameiginleg forsjá* vísar til þess að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að vernda barn sitt og ráða högum þess eftir skilnað. *Umgengnisfyrirkomulag* vísar til samvista barns við það foreldri sem það á ekki lögheimili hjá eftir skilnað. *Kynslóðatengsl* felur í sér vísun í samband foreldra og barns, og ömmu/afa og barnabarns.

2 Lagalegt umhverfi í skilnaðarmálum

Lagalegt umhverfi varðandi fjölskyldumálefni hefur breyst á mörgum sviðum á undanförunum árum. Breytingar í meðferð skilnaðarmála hafa átt sér stað á öllum Norðurlöndunum, þar sem aukin áhersla er á rétt barna úr öllum fjölskyldugerðum til beggja foreldra hver svo sem hjúskapastaða foreldra er (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005). Umgengni og samvistir í fjölskyldum eftir skilnað hafa fengið fremur litla umfjöllun og hefur í raun verið lítill gaumur gefinn í íslenskum lögum. Nokkur munur er á íslenskri löggjöf um forsjá, búsetu og umgengni og sambærilegri löggjöf á hinum Norðurlöndunum en ýmsar lagabreytingar á þessu sviði komu til seinna hér á landi en í nágrannalöndunum.

Félagsmálaráðherra skipaði, þann 9. nóvember 2007, nefnd í samræmi við þingsályktun um aðgerðaráætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna, sem samþykkt var á 134. löggjafarþingi. Nefnd þessari var falið að fjalla um stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra og réttarstöðu barna þeirra. Nefndin skilaði lokaskýrslu árið 2009 (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009a). Í skýrslunni koma m.a. fram sjónarmið nefndarinnar um einstök álitamál sem snerta löggjöfina. Telur nefndin fulla ástæðu til þess að endurskoða íslensk barnalög um forsjá, búsetu og umgengni með hliðsjón af því hvort þau þjóni hagsmunum barna, en slíkt hefur verið gert á hinum Norðurlöndunum á síðustu misserum og árum.

Þegar þetta er skrifað er það allra nýjasta sem sett hefur verið fram á sviði löggjafar um forsjá, búsetu og umgengni á Íslandi frumvarp Daggar Pálsdóttur, um breytingar á barnalögum, nr. 76/2003, sem hún lagði fyrir í október 2007. Frumvarpið var tekið til 1. umræðu á Alþingi 2. nóvember sama ár (Þingskjal 159, 2007-2008). Í kynningu Daggar kom fram að breytingarnar í frumvarpinu væru nátengdar jafnréttismálum, þar sem karlar eru í ríkari mæli að gera kröfu til virkrar þátttöku í lífi barna sinna eftir skilnað. Þær breytingar sem lagðar voru til með frumvarpinu voru flestar til þess fallnar að gera foreldrum betur kleift að axla sem jafnasta foreldraábyrgð við skilnað. Helstu nýmæli frumvarpsins voru að foreldrar geti við skilnað ákveðið að lögheimili barns verði hjá þeim báðum, að dómari geti dæmt sameiginlega forsjá og ákveðið umgengni í allt að sjö daga af hverjum 14 og að þegar forsjá er sameiginleg geti lögheimilisforeldri ekki flutt lögheimili nema með samþykki

hins foreldrisins. Sex þingmenn tóku til máls í umræðum um frumvarpið á Alþingi og fékk það mjög jákvæð viðbrögð í heildina. Frumvarpið hefur verið til umfjöllunar í allsherjarnefnd síðan 25. mars 2008. Hefur það ekki enn verið afgreitt úr nefndinni og því ekki orðið að lögum (Þingskjal 159, 2007-2008).

Hér verður athygli beint að helstu ákvæðum núgildandi laga um forsjá, búsetu og umgengni sem og skilnaðarráðgjöf á Norðurlöndunum. Skoðað er hvað greinir Ísland frá Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finnlandi í þessum efnunum. Farið verður yfir hvernig staðan er í dag hér á landi og að lokum er umfjöllunin tengd niðurstöðum nýlegrar rannsóknar um sameiginlega forsjá.

2.1 Forsjá barna eftir skilnað foreldra

Öll börn eiga rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja, frá fæðingu og þar til þau verða lögráða sem er við 18 ára aldur á öllum Norðurlöndunum. Foreldrum ber að gegna forsjár- og uppeldisskyldum barna sinna svo best henti þörfum þeirra. Samkvæmt íslenskum barnalögum frá árinu 2003 felur forsjá barns í sér skyldur foreldra til að vernda barn sitt, ráða persónulegum högum þess og fara með lögformlegt fyrirvar þess. Sá sem fer með forsjá barns ber að afla því lögmatrar fræðslu og ala með því iðjusemi og siðgæði (Barnalög nr. 76/2003).

Árið 1992 var lögfest á Íslandi að foreldrar gætu samið um að forsjá barns þeirra yrði hjá þeim báðum, þ.e. sameiginleg forsjá, eftir skilnað eða sambúðarslit eða í höndum annars hvors (Barnalög nr. 20/1992). Fyrir þann tíma var forsjá barna aðeins á hendi annars foreldris eftir skilnað og í flestum tilvikum voru það mæður sem fóru einar með forsjá barna, eða í yfir 90% tilvika. Sjaldgæft var að feður færu einir með forsjá, eða í um 5% tilvika, og hefur það orðið enn sjaldgæfara, en árið 2008 var forsjá barns í 1% tilvika aðeins hjá föður (Hagstofa Íslands, 2009).

Tvær megin forsendur voru fyrir sameiginlegri forsjá í íslenskum barnalögum á þessum tíma. Önnur var sú að foreldrar væru sammála um að vilja hafa sameiginlega forsjá og að þau telji sig geta unnið saman sem foreldrar samkvæmt því fyrirkomulagi. Hin forsendan var sú að foreldrar gætu komið sér saman um lögheimili barns hjá öðru þeirra. Samkvæmt þessu er gengið út frá sameiginlegri foreldraábyrgð og foreldrasamvinnu sem og að barnið eigi eitt lögheimili (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Barnalög nr. 20/1992 voru felld úr gildi árið 2003 við gildistöku

nýrra barnalaga nr. 76/2003. Um var að ræða heildarendurskoðun á lögnum þar sem m.a. var ákveðið að foreldrar gætu krafist úrskurðar sýslumanns í ágreiningsmálum um umgengni og meðlag. Þá voru gerðar þær breytingar á 31. gr. laganna árið 2006 að sameiginleg forsjá var lögfest sem meginregla. Foreldrar fara þá sameiginlega með forsjá barns sín eftir skilnað og slit sambúðar nema annað sé ákveðið en foreldrum ber enn að ákveða hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði fasta búsetu (Lög um breytingu á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar nr. 69/2006).

Í sænskum lögum um börn og foreldra (Lagen om Föräldrabalk nr. 1949:381) kemur skýrt fram að ávallt skuli hafa hagsmuni barna að leiðarljósi varðandi forsjá, búsetu og umgengni eftir skilnað foreldra. Sérstaklega skal hafa í huga þörf barna fyrir traust og náíð samband við báða foreldra. Við skilnað fara foreldrar sjálfkrafa áfram sameiginlega með forsjá barna sinna. Ef annað foreldrið vill breyta forsjárfyrirkomulaginu skal leita til dómstóla. Árið 1998 var gerð sú breyting á sænskum lögum (Lagen om Föräldrabalk með áorðnum breytingum 1998:319) að dómara fengu heimild til þess að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris. Dómari má hins vegar ekki dæma sameiginlega forsjá ef báðir foreldrarnir eru á móti því né heldur má dæma foreldri forsjá sem ekki vill bera þá ábyrgð. Dómstólum ber að meta hvort sameiginleg forsjá mæti þörfum barnsins í hverju tilviki. Foreldrar geta einnig gert með sér skriflegan samning um forsjá, búsetu og umgengni og er lagt mat á hvort hann samræmist velferð barnsins (Lagen om Föräldrabalk). Langflestir foreldrar í Svíþjóð fara sameiginlega með forsjá barna sinna. Árið 2001 höfðu 96% fráskilinna foreldra sameiginlega forsjá þar í landi. Við mat á heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá kom fram að slíkt fyrirkomulag og jafnar samvistir við báða foreldra þjóni í lang flestum tilvikum best hagsmunum barna. Það sé þó háð hæfni foreldra til samvinnu. Lögð er áhersla á að dæma aldrei sameiginlega forsjá þegar foreldrar geta ekki unnið saman. Þegar um heimilisofbeldi er að ræða eða þegar annað foreldrið er vanhæft sökum áfengis- eða vímuefnanotkunar (Björnberg & Dahlgren, 2008).

Samkvæmt norskum barnalögum frá 1981 (Barnelova no. 7:1981), ásamt áorðnum breytingum, fara foreldrar sameiginlega með forsjá barna sinna eftir skilnað eða sambúðarslit nema annað sé sérstaklega ákveðið. Með sameiginlegri forsjá deila foreldrar ábyrgð á börnum sínum og ber að hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi við

allar ákvarðanir um þeirra hagi. Samkvæmt sömu norsku lögum hafa dómstólar í Noregi heimild til þess að dæma sameiginlega forsjá frá því að barnalögin tóku gildi árið 1981. Ber þeim að byggja ákvörðun sína um forsjárfyrirkomulag á því sem barninu er fyrir bestu hverju sinni.

Í nýlegum dönskum lögum um ábyrgð foreldra (Forældreansvarsloven, 2007) kemur fram að foreldrar með sameiginlega forsjá þurfa að taka í sameiningu meiriháttar ákvarðanir um hagi barna sinna, en lögheimilisforeldrið getur tekið minniháttar ákvarðanir sjálf. Í lögnum er lögð áhersla á að börn hafi almennt þörf fyrir samvistir við báða foreldra og þurfi á umönnun þeirra beggja að halda. Foreldrar halda áfram að fara sameiginlega með forsjá barna sinna eftir skilnað nema annað sé ákveðið. Ef ágreiningur verður geta dómara tekið ákvörðun um hvort sameiginlega forsjá haldi áfram eða annað foreldrið fái einhliða forsjá. Þó þurfa að vera raunhæfar ástæður, eins og t.d. ofbeldi, vanræksla eða misnotkun vímuefna, fyrir því að dómara slíti sameiginlegri forsjá foreldra. Heimild dómara til þess að dæma sameiginlega forsjá í ágreiningsmálum hefur verið í lögum um foreldrarétt í Danmörku frá gildistöku þeirra árið 2007.

Í finnskum lögum um forsjá barna og rétt til umgengni (Laki lapsen huollosta ja tapaamisoikeudesta nr. 1983/361), með áorðnum breytingum frá 1994, kemur fram að börn eiga ætíð rétt á forsjá beggja foreldra sinna, hvort sem þau eru gift hvort öðru eða fráskilin. Ákvörðun um forsjá barna þarf að vera tekin með hagsmuni barnsins að leiðarljósi og verður að vera raunhæft fyrirkomulag fyrir framtíð barnsins. Foreldrar geta tekið sameiginlega ákvörðun um forsjárfyrirkomulag og er reynt eftir fremsta megni að láta foreldra semja. Ef samkomulag næst ekki þarf að fara með málið fyrir dómstóla. Dómara þar í landi geta dæmt áframhaldandi sameiginlega forsjá eða einhliða forsjá, eftir því hvort talið sé að foreldrar geti unnið saman og hvað sé hverju barni fyrir bestu.

Á þessu má sjá að á Norðurlöndunum fimm hefur verið lögfest sú megin regla að foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns síns eftir skilnað eða sambúðarslit nema annað sé sérstaklega ákveðið. Ef ágreiningur verður um forsjárfyrirkomulag geta foreldrar leitað til dómstóla í öllum löndunum. Ísland er hins vegar eina landið sem hefur ekki heimilað að dómara geti dæmt sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris.

Í frumvarpi Daggar Pálsdóttur (2007-2008) um breytingar á íslensku barnalögunum sem fjallað var um hér að framan, kom fram tillaga um að veita dómurum slíka heimild. Enn hefur það ekki verið samþykkt og sett í lög hér á landi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að dómara skeri úr um hvort foreldrar fari áfram sameiginlega með forsjá eða annað foreldrið fari framvegis eitt með forsjá. Þá mætti ekki slíta sameiginlegri forsjá nema ríkar ástæður væru til og að það væri barninu fyrir bestu. Jafnframt kom fram í frumvarpi þessu að þó svo dómari telji ekki ástæðu til þess að slíta sameiginlegri forsjá skuli hann engu að síður ákveða hjá hvoru foreldrinu barnið skuli eiga lögheimili. Þegar dæmt er í forsjármálum á Íslandi nú til dags hafa dómstólar tilhneigingu til að ákveða að engar breytingar verði á umhverfi barns. Í forsjárdeilum hefur lögheimilisforeldrið því sjálfkrafa mjög sterka stöðu (Dögg Pálsdóttir, 2007-2008).

Nefnd um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum taldi margt mæla með því að hér á landi yrði dómurum heimilað að dæma sameiginlega forsjá. Sett voru fram rök sem mæla með og á móti heimildinni. Sem rök með heimild dómara var nefnt að það gæti haft jákvæð áhrif á samstarfsvilja foreldra, spornað gegn riftun á sameiginlegri forsjá vegna tilfallandi deilumála, fækkað málum sem fara fyrir dómstóla og aukið mikilvægi og gagnsemi sáttaumleitunar og ráðgjafar fyrir foreldra í forsjárdeilu. Einnig hefur verið nefnt að sameiginleg forsjá styrki tengsl milli foreldra og barna, hvetji til samábyrgðar, meiri samvasta og að jafnaði sé best fyrir barn að halda sem mestum tengslum við báða foreldra. Jafnframt hafi forsjárleysi annars foreldrisins áhrif á réttarstöðu þess gagnvart barni sínu (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009a).

Rök á móti dómaraheimildinni eru t.a.m. að sameiginleg forsjá geti verið neikvæð fyrir barn, ef foreldrum tekst ekki að vinna saman og geti það valdið togstreitu og erfiðleikum. Ef annað foreldrið vill ekki vera í samstarfi við hitt foreldrið megi draga í efa gildi sameiginlegrar forsjár og að foreldrar nái að vinna úr ágreiningsmálum sínum. Ef hvorki er samvinna né samstarfsvilji milli foreldra getur það leitt til þess að þeir taki hvor um sig misvísandi ákvarðanir í krafti forsjárréttar eða að annað foreldrið gæti látið hinu alfarið eftir að taka nauðsynlegar ákvarðanir. Er þá óvíst að það þjóni sérstaklega hagsmunum barnsins (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009a).

Nú á tímum er sameiginleg forsjá það fyrirkomulag sem langflestir foreldrar á Íslandi, sem og á Norðurlöndunum búa við eftir sambúðar- eða hjúskaparslit. Árið 1992 þegar sameiginleg forsjá varð fyrst möguleiki hér á landi nutu 11% barna sameiginlegrar forsjá foreldra sinna. Árið 2006 þegar sameiginleg forsjá var lögfest sem meginregla bjuggu rúm 78% barna við slíkt fyrirkomulag og árið 2008 voru það um 80% barna (Landshagir, 2009). Að sama skapi sóttust aðeins 9% fráskilinna foreldra eftir sameiginlegri forsjá barna sinna þegar það varð fyrst möguleiki. En síðan þá hefur orðið gríðarleg aukning og á síðasta ári, þ.e. árið 2008, var sameiginleg forsjá valin í yfir 90% tilfella (Hagstofa Íslands, 2009). Á þessu má sjá að miklar breytingar hafa orðið á forsjárfyrirkomulagi barna á Íslandi undanfarin ár. Við erum þó enn töluvert á eftir í þeirri þróun sem hefur átt sér stað á hinum Norðurlöndunum.

Ný íslensk rannsókn um reynslu foreldra af sameiginlegri forsjá hefur gefið áhugaverðar niðurstöður á þessu sviði (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008). Um er að ræða símakönnun sem framkvæmd var sumarið 2008. Rannsóknin náði til allra foreldra sem sóttu um skilnað eða sambúðarslit til Sýslumannsins í Reykjavík frá því að sameiginleg forsjá varð lögfest sem meginregla í lok júní 2006 til júníloka 2008. Í ljós kom að um 92% foreldra í rannsókninni fóru sameiginlega með forsjá barna sinna. Niðurstöður sýndu að samvistir barna og foreldra eru jafnari þegar forsjáin er sameiginleg heldur en þegar hún er á höndum annars foreldrisins. Þátttakendur rannsóknarinnar voru jafnframt spurðir um afstöðu sína til heimildar dómara til að dæma sameiginlega forsjá ef foreldrar væru ósammála. Í ljós kom að meiri hluti foreldra (77%) voru mjög eða frekar hlyntir því en mun færri (20%) voru mjög eða frekar andvígir slíkri heimild. Fram kom að foreldrar með sameiginlega forsjá voru frekar hlyntir dómaraheimild en foreldrar með einhliða forsjá og afstaða feðra var jákvæðari en mæðra.

2.2 Búseta barna eftir skilnað foreldra

Við skilnað þurfa foreldrar á Íslandi að taka ákvörðun um umgengni barns við það foreldri sem það á ekki lögheimili hjá. Þau geta samið um jafna búsetu á báðum heimilunum en samkvæmt gildandi lögum hér á landi (Barnalög nr. 76/2003) getur barn aðeins átt lögheimili hjá öðru foreldrinu. Þó hefur verið gerð tillaga að breytingu á barnalögum á þann hátt að foreldrar með sameiginlega forsjá geti samið um að

lögheimili barna þeirra verði hjá þeim báðum eftir skilnað eða sambúðarslit. Tillagan hefur hins vegar ekki verið leidd í lög á Íslandi.

Í Svíþjóð geta börn ekki haft lögheimili hjá báðum foreldrum. Hins vegar geta dómstólar tekið ákvörðun um búsetu barna eftir skilnað foreldra (Lagen om Föräldrabalk nr. 1949:381). Ef foreldrar hafa sameiginlega forsjá getur dómari, að beiðni beggja eða annars foreldris, ákveðið hvar barnið á að búa og þá með hagsmuni þess að leiðarljósi. Dómstólar geta ákveðið að barn eigi að búa hjá öðru foreldrinu eða að það eigi að búa til skiptis hjá báðum foreldrum. Foreldrar geta einnig gert með sér skriflegan samning um búsetu barna sinna eftir skilnað. Í Svíþjóð hefur jöfn búseta barna náð töluverði útbreiðslu (Hydén & Hydén, 2002).

Í Noregi geta börn ekki átt tvöfalt lögheimili. Hins vegar geta foreldrar samið um jafna búsetu barna hjá báðum foreldrum, sem hefur í för með sér að þau taka sameiginlegar ákvarðanir um málefni daglegs lífs barna sinna (Barnelova no. 7:1981). Ef foreldrar geta ekki samið um búsetu barna sín á milli ber dómstólum að taka ákvörðun um hjá hvoru foreldrinu barnið skuli að jafnaði eiga fasta búsetu. Norsk sérfræðinganevnd sem var skipuð til þess að endurskoða ákvæði barnalaga um forsjá, umgengni og búsetu setti fram skilyrði um nokkra þætti sem yrðu að vera til staðar til að jöfn búseta hjá báðum foreldrum henti barni (NOU, 2008:9). Þar má nefna staðsetningu, þ.e. foreldrar þurfa að búa nálægt hvort öðru, foreldrasamvinnu, samvinnu við skóla og leikskóla, sveigjaleika á fyrirkomulaginu í takt við aðstæður og þarfir barnsins og að lokum sátt barns við fyrirkomulagið.

Í Danmöku geta börn ekki verið með tvöfalt lögheimili. Samkvæmt dönskum lögum (Forældreansvarsloven, 2007) geta dómarar dæmt um búsetu barna ef foreldrar sem fara sameiginlega með forsjá eru ósammála. Dómarar geta tekið ákvörðun um að breyta lögheimili barns sem þegar hefur verið tekin ákvörðun eða samið um. Dómarar geta þó ekki dæmt jafna búsetu þar í landi heldur ber þeim að ákveða hjá hvoru foreldrinu barn á að jafnaði fasta búsetu.

Í Finnlandi geta börn ekki átt lögheimili á tveimur stöðum. Í finnskum lögum (Laki lapsen huollosta ja tapaamisoikeudesta nr. 1983/361) kemur fram að foreldrum beri að taka sameiginlega ákvörðun um hjá hvoru þeirra barnið skuli eiga fasta búsetu eftir skilnað. Ef ekki næst samkomulag þarf að beina málinu til dómstóla. Er þá tekin ákvörðun um hjá hvoru foreldrinu barnið skuli eiga lögheimili. Við dóm um

búsetufyrirkomulag barna ber dómstólum að afla ítarlegra upplýsinga um búsetuhagi barnsins.

Búsetureglur barna eftir skilnað foreldra eru nokkuð svipaðar á Norðurlöndunum. Dómarar í öllum löndunum taka ákvaðarnir um búsetu barna ef ágreiningur verður um forsjárfyrirkomulag og hvergi er gert ráð fyrir að börn geti átt tvö lögheimili. Í Svíþjóð og Noregi geta dómarar dæmt jafna búsetu barna hjá báðum foreldrum en slík hefð hefur ekki skapast á hinum Norðurlöndunum.

Í áðurnefndu frumvarpi (Dögg Pálsdóttir, 2007-2008) var lagt til að gerð yrði sú grundvallarbreyting á íslenskum barnalögum að foreldrar með sameiginlega forsjá gætu samið um að barn ætti lögheimili hjá þeim báðum eftir skilnað. Jafnframt kom fram að nauðsynlegt væri að gera breytingar á öðrum lögum til samræmingar þannig að barn gæti átt skráð lögheimili á tveimur stöðum og foreldrar sem myndu semja um tvöfalt lögheimili barna sinna fengju bæði barnabætur sem einstætt foreldri. Þessar breytingar hafa ekki, eins og fram hefur komi, orðið á íslenskum lögum.

Nefnd Félags- og tryggingamálaráðuneytis (2009a) um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum fjallaði um jafna búsetu og tvöfalt lögheimili barns. Sett voru fram rök sem mæla með og á móti tvöföldu lögheimili. Til stuðnings því sjónarmiði að foreldrar geti samið um tvö lögheimili var m.a. bent á að foreldrar kjósa oft jafna umgengni sem þýðir í reynd tvöfalda búsetu. Talið er að tvö lögheimili myndu jafna stöðu barns og rétt þeirra til beggja foreldra og um leið jafna réttindi, ábyrgð og stöðu foreldranna. Fram kom að æskilegt væri að setja sem skilyrði að lögheimilin væru bæði í sama sveitarfélagi og í sama eða samliggjandi skólahverfi. Rök á móti tvöföldu lögheimili vísa m.a. til þess að íslenski löggjafinn hefur almennt talið barni fyrir bestu að eiga fasta búsetu á einum stað og talið að slíkt tryggi stöðugleika fyrir barnið, samfellu í reglum og betra eftirlit. Bent er á að tvöfalt lögheimili barna tryggi ekki nálægð foreldra og nokkur réttaráhrif eru bundin við heimilsfang sem flókið er að vinna úr ef lögheimilin verða tvö, þetta eigi sérstaklega við ef þau eru í tveimur sveitarfélögum.

Í íslenskri rannsókn um sameiginlega forsjá og íhlutun stjórnvalda sem fjallað er um hér að ofan (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008) kom fram að lögheimili barna var í 92% tilvika hjá móður og 8% tilvika hjá föður. Meiri hluti foreldra í rannsókninni voru frekar eða mjög sáttir með ákvörðun um lögheimili barna

sinna, en mæður voru mun sáttari en feður. Þátttakendur rannsóknarinnar voru jafnframt spurðir um afstöðu sína til þess að börn geti átt skráð lögheimili hjá báðum foreldrum og í ljós koma að meirihlutinn (73%) voru hlynntir því að sá möguleiki væri fyrir hendi en minnihluti (21%) voru því andvígir. Þá kom fram að feður og foreldrar með sameiginlega forsjá voru frekar hlynnt því að börn gætu verið með skráð tvö lögheimili heldur en hinir.

2.3 Umgengni foreldra og barna eftir skilnað

Foreldri sem fer eitt með forsjá barns síns er skylt samkvæmt íslenskum barnalögum (nr. 76/2003) að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema það sé andstætt hagsmunum og þörfum barnsins að mati dómara eða lögsmálsstjórnvalds.

Á fyrstu áratugum 20. aldar töldu menn að það væri hagur barna að aðeins eitt foreldri færi með forsjá þess og stjórnaði umgengni hins foreldrisins við barnið (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005). Svíar voru fyrstir Norðurlandanna til að taka aðra stefnu í þessum málum og settu í lög árið 1915 að það foreldri sem fer ekki með forsjá barns hafi umgengnisrétt við það. Danir, Norðmenn og Finnar fylgdu á eftir nokkru síðar. Íslendingar voru síðastir til að lögfesta umgengnisrétt eftir skilnað en það var gert árið 1972. Fyrir þann tíma var umgengni barna við föður háð vilja móður. Síðan þá hefur mikið gerst í þessum efnum.

Í Svíþjóð eiga börn rétt á umgengni við það foreldri sem það býr ekki hjá. Foreldrar bera sameiginlega ábyrgð á að tryggja börnum sínum þennan rétt (Lagen om Föräldrabalk nr. 1949:381). Dómarar geta dæmt í umgengnismálum og einnig geta foreldrar gert með sér skriflegan samning. Dómstólum ber að taka ákvörðun um samvistir foreldra og barna með hagsmuni barna að leiðarljósi. Í Svíþjóð hefur skapast sú venja að dómarar geti dæmt jafna umgengni við báða foreldra þó svo það sé gegn vilja annars foreldris.

Í norsku barnalögunum (Barnelova no. 7:1981) kemur fram að börn eiga rétt á umgengni við báða foreldra, jafnvel þó þau búi ekki saman. Foreldrar bera sameiginlega ábyrgð á að framfylgja umgengnisrétti barna. Foreldri sem barnið býr ekki hjá á umgengnisrétt við barnið nema það mæli gegn hagsmunum þess. Í þeim tilvikum þegar foreldrar eiga við geðrænvandkvæði eða vímuefnavanda að stríða geta dómstólar dæmt litla sem enga umgengni, eða umgengni undir eftirliti. Foreldrum

ber, samkvæmt barnalögum þar í landi, að semja um umgengni með eftirfarandi atriði í huga: að tryggja barni sem mestar samvistir við báða foreldra, aldur og þroska barnsins, staðsetningu barns og foreldris sem það býr ekki hjá og hvað sé barninu fyrir bestu. Jafnframt er tilgreint sérstaklega í lögnum (Barnelova) um eðli og umfang “hefðbundins umgengnisréttar” sem dómarar geta dæmt, eða foreldrar samið um. Með því er átt við einn eftirmiðdag í viku, aðra hverja helgi, tvær vikur yfir sumartímamann og jól eða páska. Í Noregi hefur skapast hefð fyrir að semja um eða dæma jafna umgengni.

Í dönskum lögum um ábyrgð foreldra (Forældreansvarsloven, 2007) kemur fram að tilraun skuli vera gerð til þess að viðhalda tengslum barna við báða foreldra. Bera foreldrar ábyrgð á að tryggja að barn geti viðhaldið reglulegum samskiptum og tengslum við báða foreldra. Í ágreiningsmálum um umgengni geta dómstólar tekið ákvörðun um samvistir barns við það foreldri sem það býr ekki hjá. Danmörk er eina Norðurlandið þar sem tiltekið er sérstaklega í lögum að hægt sé að ákveða umgengni barns við það foreldri sem það býr ekki hjá í allt að 7 daga af 14, þ.e. jafnar samvistir.

Í finnskum lögum (Laki lapsen huollosta ja tapaamisoikeudesta nr. 1983/361) er ítarlega greint frá rétti barna til að eiga samskipti og reglulega umgengni við það foreldri sem það býr ekki hjá. Foreldrum ber í sameiningu að tryggja þennan rétt barna sinna með hagsmuni þeirra að leiðarljósi og skulu þau því semja um umgengnisfyrirkomulag. Ef foreldrar geta ekki samið fer málið fyrir dómstóla. Þeir dæma síðan samkvæmt þörfum barnsins og þeim skilyrðum sem eru fyrir umgengni við hitt foreldrið. Engar reglur eru settar um tíðni samvista í lögnum og því geta dómarar þar í landi dæmt jafna umgengni (t.d. viku-viku eða 14 daga í mánuði) ef þeir telja það vera barni fyrir bestu.

Víðast á Norðurlöndunum eru umgengnismál rekin fyrir dómstólum og geta dómarar dæmt um umgengni að kröfu annars foreldris eða beggja. Hins vegar greinir Ísland sig frá hinum Norðurlöndunum þar sem dómarar geta ekki dæmt um jafna umgengni. Umgengnismál eru fyrst og fremst rekin hjá sýslumanni hér á landi (Barnalög nr. 76/2003). Sett hefur verið fram tillaga um að farið verði að fordæmi Dana og lögfest að dómstólar geti ákveðið að barn skuli dvelja allt að sjö daga af hverjum 14 hjá foreldrinu sem það á ekki lögheimili hjá (Dögg Pálsdóttir, 2007-2008). En þeirri tillögu hefur ekki enn verið hrint í framkvæmd.

Í áðurnefndri skýrslu nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum er fjallað um umgengnismál og því velt upp hvort heppilegt sé að foreldrar geti rekið umgengnismál fyrir dómstólum án tengsla við forsjármál (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009a). Jafnframt er fjallað um rök sem mæla með og á móti heimild til þess að dæma jafna umgengni. Sem rök með slíkri heimild er fyrst og fremst nefnt að rúm umgengni við báða foreldra sé börnum fyrir bestu. Talið er að nauðsynlegt sé að veita úrskurðaraðilum frjálsar hendur til þess að velja það fyrirkomulag sem best hentar hverju sinni og að þessi heimild sé í samræmi við reglur á hinum Norðurlöndunum. Sem rök á móti er talið að ekki sé heppilegt að dæma jafna umgengni á meðan íslensk lög gera ráð fyrir fastri búsetu barns á einum stað. Eins grundvallast jöfn umgengni á góðu samstarfi og samvinnu foreldra til þess að slíkt þjóni hagsmunum barns. Það kann því að vera varhugavert að dæma jafna umgengni gegn vilja annars foreldris.

Í nýlegri rannsókn (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008) greindu um 24% svarenda frá því að barn dveldi jafnt hjá báðum foreldrum og voru langflestir (86%) í þeim hópi með viku-viku fyrirkomulag, þ.e. að barn dvelur í viku hjá öðru foreldrinu og viku hjá hinu. Sömuleiðis kom fram að svokallað “sitt á hvað” fyrirkomulag væri í gildi á hátíðardögum, eins og um jól og áramót. Af þessu mátti sjá að foreldrar kjósa í vaxandi mæli að börn þeirra dvelji jafnt hjá þeim báðum eftir skilnað eða sambúðarslit. Flestir foreldrarnir voru sáttir við tíðni samvista við börn sín en þó óskuðu tæplega 36% foreldra eftir meiri samvistum, helst feður og foreldrar með sameiginlega forsjá.

Tafla 1 Forsjá, búseta og umgengni á Norðurlöndunum

	Ísland	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland
Sameiginleg forsjá sem meginregla	Já	Já	Já	Já	Já
Heimild dómara að dæma sameiginlega forsjá í ágreiningsmálum	Nei	Já	Já	Já	Já
Tvöfalt lögheimili barna	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Dómarar dæma jafna búsetu barna hjá báðum foreldrum	Nei	Já	Já	Nei	Nei
Umgengnisréttur barna og foreldra eftir skilnað	Já	Já	Já	Já	Já
Dómarar dæma jafna umgengni í ágreiningsmálum	Nei	Já	Já	Já (lögfest)	Já

2.4 Skilnaðarráðgjöf

Um það leyti sem hugmyndir um sameiginlega forsjá komu til skjalanna, þ.e. í kringum 1960, var farið að viðurkenna þörfina á skilnaðarráðgjöf og stuðningi við foreldra með hagsmuni barna í fyrirrúmi (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000; 2005). Ný viðhorf til skilnaðarmála má rekja til þjóðfélagsbreytinga á sjöunda áratugnum, jafnréttisumræðan var þá í brennidepli og vitneskja almennings um réttindi sín og gagnsemi opinberrar fagþjónustu var orðin meiri.

Skilnaðarráðgjöf af einhverju tagi er starfrækt á öllum Norðurlöndunum. Um er að ræða bæði almenna fræðslu og markvisst sáttaferli til þess að ná fram sátt foreldra um skilnaðarmálin í heild sinni. Það sem vegur þungt í þessu samhengi er bein aðstoð, fræðsla og upplýsingar um réttarstöðu barna og aukin vitund um hagsmuni fjölskyldunnar. Markmiðið með skilnaðarráðgjöf eða sáttaumleitun er að ná hagkvæmu og lipru samkomulagi um skýra skipan mála í daglegu lífi eftir skilnað, þ.e. að átök víki fyrir samstarfi (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Fram hefur komið að skilnaðarsamkomulag um börn feli í sér þrenns konar samninga sem mikilvægt er að foreldrar geri sín á milli, þetta er samningur um forsjárskipan, foreldrasamstarf og um samvistir foreldra og barna eftir skilnað (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005). Frumkvöðlar á sviði skilnaðarfræðslu á Íslandi voru félagsráðgjafarnir Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. Þær fóru af stað með fræðslu og þróunarstarf fyrir nýfráskilda foreldra árið 1979 (Nanna K. Sigurðardóttir, 1981; Sigrún Júlíusdóttir, 1984). Með slíkri vinnu var ætlunin að efla og styrkja fjölskyldur og einstaklinga í kjölfar skilnaðar m.a. með því að kenna foreldrum að takast betur á við breyttar aðstæður, ásamt því að stuðla að betri samskiptum við hitt foreldrið. Um var að ræða brautryðjendastarf á sviði félagsráðgjafar og skilnaðarmála þar sem samþætt var bein fræðsla, byggt á rannsóknum og klíniskri reynslu.

Í íslenskum barnalögum (nr. 76/2003) kemur fram að sýslumaður skuli leita sátta með aðilum áður en teknað eru ákvarðanir í ágreiningsmálum. Ef sáttameðferð er aftur á móti bersýnilega tilgangslaus eða aðili sinnir ekki beiðnum sýslumanns þarf ekki að notast við slíkt og fara þá mál fyrir dómstóla. Jafnframt kemur fram í lögnum að *„sýslumaður skal bjóða aðilum forsjár-, umgengnis- og dagsektarmála sérfræðiráðgjöf til að aðstoða þá við að finna lausn máls með tilliti til þess sem er barni fyrir bestu“* (Barnalög, nr. 76/2003, 33. gr.). Þá getur dómari jafnframt ákveðið

að sátta verði leitað milli aðila hjá sýslumanni í stað þess að gera það sjálfur. Þess ber að geta að hér á landi er starfrækt félag fagfólks, *Sátt*, sem starfar við lausn ágreiningsmála. Félagið var stofnað í nóvember 2005 og hefur það megin markmið að breiða út þekkingu á sáttamiðlun. *Sátt* vinnur jafnframt að því að mennta fólk í að leysa deilur og aðstoðar fyrirtæki, félög og hvers kyns hópa að leysa úr samskiptavanda. Félagið stendur einnig að kynningu á sáttamiðlun. Hugmyndin er sú að deiluaðilar séu sérfræðingar í sinni eigin deilu og séu því best til þess fallnir að finna lausn sem er viðunandi fyrir báða aðila (*Sátt*, e.d.).

Í Svíþjóð hafa verið ákvæði í lögum síðan 1998 um rétt allra foreldra sem eru að skilja til skilnaðarráðgjafar hjá fagaðila. Sænsk sveitafélög hafa gefið kost á upplýsandi og styðjandi samtölum við félagsráðgjafa sem er með sérþekkingu í skilnaðarmálum. Gerðar hafa verið úttektir til þess að meta nýtingu slíkrar skilnaðarráðgjafar. Í ljós hefur komið að foreldrar sem hyggja á skilnað hafa nýtt sér nokkuð vel úrræðið, þó ekki eins mikið og vænst var. Árangur af skilnaðarráðgjöf þar í landi hefur hins vegar mælst mjög góður og meiri hluti foreldra (70%) sem fara í ráðgjöf komast í framhaldinu að samkomulagi um fyrirkomulag forsjár og samvista eftir skilnað (*Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005; Socialstyrlesen, 2000*).

Í norsku barnalögunum (*Barnelova no. 7:1981*) kemur fram að bæði giftir foreldrar og foreldrar í sambúð, með börn undir 16 ára aldri sem hyggja á skilnað verði að sækja skilnaðarráðgjöf í formi sáttameðferðar til þess að fá skilnað. Tilgangur sáttameðferðar í Noregi, samkvæmt lögunum, er að fá foreldra til þess að komast að skriflegum samningi um foreldraskyldur, um hvar barn muni eiga fasta búsetu og hvernig samvistum muni vera háttað við hitt foreldrið. Foreldrum er jafnframt gert ljóst hverjar mikilvægustu fjárhagsafleiðingar samningsins eru.

Í Danmörku var almenn skilnaðarráðgjöf sett á laggirnar í hverju héraði árið 1986. Lagabreyting var gerð árið 1996 í þá átt að foreldrar koma sér saman um forsjárfyrirkomulag og þeim ber að sjá sjálf um samninga sín á milli. Samningarnir eru tilkynntir til stjórnvalda og teljast þeir þá gildir (*Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000*). Í dönskum lögum (*Forældreansvarsloven, 2007*) kemur fram að stjórnvöldum í hverju fylki beri að bjóða foreldrum og börnum ráðleggingar varðandi velferð barna eða sáttameðferð í ágreiningsmálum um forsjá, búsetu og samvistir. Þó

þarf ekki að bjóða upp á slíka ráðgjöf ef það er talið óþarfi eða ekki við hæfi í ákveðnum skilnaðarmálum, svo sem eins og þegar um heimilisofbeldi, veikindi eða misnotkun vímuefna er að ræða.

Samkvæmt finnskum lögum er gert ráð fyrir að foreldrar sem eru að skilja, reyni að semja sín á milli áður en ágreiningsmál þeirra fara fyrir dómstóla. Foreldrar geta farið fram á sáttameðferð sem sértæka þjónustu á vegum sveitafélags. Dómstólum ber jafnframt að fræða foreldra um möguleikann á sáttameðferð. Meðferðaraðili í sáttameðferð aðstoðar foreldra við að ná samkomulagi sem er ásættanlegt fyrir alla aðila í fjölskyldunni. Hann aðstoðar foreldrana við að útbúa samning sem leysir ágreiningsmál þeirra. Meðferðaraðilinn þarf sérstaklega að hafa í huga hagsmuni barna í ráðgjöfinni. Sáttameðferð er val en ekki skylda í Finnlandi (European judicial network in civil and commercial matters, e.d.).

Þó svo öll Norðurlöndin bjóði upp á einhvers konar skilnaðarráðgjöf, er misjafnlega mikil áhersla lögð á sáttameðferð eftir skilnað. Áhersla á almennar upplýsingar, fjölskyldufræðslu og ráðgefandi samvinnusamtöl í skilnaðarmálum hefur þó farið vaxandi á öllum Norðurlöndunum, ekki síst í Svíþjóð (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008). Aðeins í Noregi er lagaheimild sem skyldar foreldra til þátttöku í ráðgjöf eftir skilnað. Hin Norðurlöndin bjóða upp á ráðgjöf en það er val foreldra hvort þeir nýti sér slíkt úrræði eða ekki.

Nefnd um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009a) setti fram tillögu um að þeir foreldrar sem væru að slíta sambúð eða samvistum, yrðu skyldaðir til að fara í eitt til tvö viðtöl að lágmarki til þess að fá fræðslu og ráðgjöf fagaðila um samskipti eftir skilnað, óháð því hvort foreldrar væru sammála eða ekki. Ef um ósamkomulag væri að ræða væri þörf á fleiri viðtölum og þá væri markmið ráðgjafarinnar að kanna mögulega sáttaleið og/eða styrkja foreldrasamvinnu eftir skilnað. Viðtölin skyldu vera foreldrum að kostnaðarlausu, eða með lágmarksgjaldtöku, og ávallt skal hafa barnið í forgrunni.

Í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur og Jóhönnu Rósu Arnardóttur (2008) kom fram að tæplega helmingur foreldra (46%) töldu að þörf væri á ráðgjöf á öllum stigum skilnaðarferlisins, þ.e. við ákvörðunartöku, við framkvæmd og eftir skilnað. Jafnframt kom fram að flestir hefðu leitað til fjölskyldu eða vina til þess að fá ráðgjöf á skilnaðarferlinu. Þó hafði ríflega þriðjungur foreldra fengið ráðgjöf á vegum

sýslumanns og um fjórðungur hjá félagsráðgjafa eða sálfræðingi sem ekki var á vegum sýslumanns. Niðurstöðurnar sýndu að vaxandi áhugi er meðal foreldra á faglegrri ráðgjöf og upplýsingagjöf við skilnað. Í nýrri rannsókn höfundar (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2009b) kom fram enn meiri áhersla á ráðgjafarþáttinni, en þar sögðu 78% foreldra að þeir myndu nýta sér ráðgjöf sem væri þeim að kostnaðarlausu fyrir sig eða börn sín.

Það hefur sýnt sig að langflestir foreldrar ráða ágætlega við að finna samstarfsflöt og komast að niðurstöðu um skipan mála með hag barna sinna að leiðarljósi. Hins vegar er einnig nokkur hópur foreldra sem ræður ekki við að þróa sameiginlega lausn og er því nauðsynlegt að fagfólk og dómskerfið geti greint þennan hóp foreldra og unnið með þeim (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005). Fagfólk á sviði skilnaðarmála gegnir jafnframt mikilvægu hlutverki í því að veita foreldrum ráðgjöf og aðstoð um hvernig best sé að bera sig að þegar rætt er við börn um skilnað foreldra og breyttar aðstæður í lífi þeirra vegna þessa, þar skipti aldur og þroski barna máli (Hydén & Hydén, 2002).

Með því að efla ráðgjafarþáttinn má vænta þess að enn fleiri foreldrar sem ganga í gegnum skilnað geti náð samkomulagi og samvinnu fljótt og örugglega. Með því að leggja frekari áherslu á slík úrræði er einnig trúlegt að þörfin á íhlutun stjórnvalda í skilnaðarmálum verði minni (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008).

3 Þróun samvista og helstu áhrifaþættir

Eins og fram kemur í kaflanum hér að framan hefur orðið mikil þróun á samvistarformi og búsetumálum barna eftir skilnað undanfarna áratugi. Þjóðfélagsbreytingar hafa leitt af sé mikla byltingu í málefnum fjölskyldna og lífsháttum þeirra almennt. Skilnaðarbylgja varð víða í heiminum uppúr 1960 en skilnuðum tók þó að fjölga nokkuð seinna á Íslandi en hinum Norðurlöndunum eða í kringum 1970 (Landshagir, 2009). Á sjöunda áratugnum var fyrst farið að rannsaka fyrir alvöru hvaða búsetuform væri hentugt fyrir skilnaðarbörn. Á þessum tíma voru mæður yfirleitt heimavinnandi og feður unnu úti og voru fyrirvinna heimilisins. Því var almennt séð talið hentugast að mæður héldu áfram að vera megin umönnunaraðilar barna eftir skilnað og feður fengu umgengnisrétt. Þessar hugmyndir byggðu m.a. á kenningum um mikilvægi móðurhlutverksins, mikilvægi móður í þroskaferli barna og slæmar afleiðingar þess að aðskilja barn frá móður (Kelly, 2007).

Upp úr 1970 breyttist staða kynjanna í flestum samfélögum. Valdabarátta kynjanna var í brennidepli og konur sóttu rétt sinn, bæði innan sem utan heimilis (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Hefðundið umgengnis- og búsetufyrirkomulag barna eftir skilnað hélt þó áfram að vera algengast og var talið henta öllum börnum og fjölskyldum. Þetta fól í sér að börn bjuggu hjá forsjáforeldrinu og dvöldu þar öllum stundum fyrir utan tvær helgar í mánuði sem þau voru hjá forsjárlausa foreldrinu. Á þessum tíma var almennt talið að það væri skaðlegt heilsu barna að eiga tvö heimli (Kelly, 2007).

Eftir 1980 breyttust áherslurnar talsvert. Farið var að huga að velferð barna og skoða samvistir og umgengni barna og foreldra út frá hagsmunum þeirra. Löggjöf á sviði sifjaréttar tók einnig breytingum í átt að minni höftum, meiri opnun og auknu jafnrétti í lífi fólks (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Það sem var þó ekki tekið inn í myndina var andleg heilsa foreldranna, gæði uppeldisins, tengsl foreldris og barns og ágreiningur milli foreldra. Af þeim sökum fengu börn sem áttu umhyggjusama og ábyrga feður ekki endilega meiri tíma með þeim heldur en börn sem áttu sjálfsekska, reiða, andlega fjarverandi eða að öðru leyti vanhæfa feður (Kelly, 2007).

Á tíunda áratugnum urðu breytingar á samvistum foreldra og barna eftir skilnað. Hvatt var til meiri umgengni barna við báða foreldra og sameiginleg forsjá varð valkostur sem varð sífelld vinsælli hjá foreldrum og þeim sem komu að skilnaðarmálum (Kelly, 2007; Juby, Bourdais & Marcil-Gratton, 2005). Þó má segja að þrátt fyrir breytingar á hlutverki kynjanna undanfarna áratugi, þ.e. mæður hafa orðið virkari á atvinnumarkaðnum og feður tekið meiri ábyrgð á uppeldi barna sinna, hafa orðið hægfara breytingar á búsetufyrirkomulagi barna eftir skilnað. Langflest börn búa ennþá hjá móður og eru í umgengni við feður. Hins vegar varð mjög víða aukning á jafnri búsetu barna hjá báðum foreldrum um og eftir aldarmótin 2000 (Lin, Schaeffer, Seltzer & Tuschen, 2004), þó svo hið hefðbundna fyrirkomulag, önnur hver helgi, sé enn algengasta umgengisformið.

Velta má fram hinum ýmsu þáttum sem hafa haft áhrif á samvistir foreldra og barna eftir skilnað og þróun forsjár-, umgengnis- og búsetufyrirkomulags barna undanfarna áratugi. Hér á eftir verður fjallað um nokkra áhrifaþætti á þróun skilnaða- og fjölskyldumála á Íslandi, þ.e. fæðingarorlof foreldra, jafnrétti kynjanna, almenn umræða í samfélaginu og hagsmuna- og félagasamtök á sviðinu.

3.1 Fæðingarorlof foreldra

Þær breytingar sem hafa orðið á lögum og reglum tengdum fæðingarorlofi eru nátengdar þeim breytingum sem orðið hafa á samfélagslegri stöðu karla og kvenna á 20. öld (Guðný Björk Eydal, 2008; Ingólfur V. Gíslason, 2007). Hér áður fyrr var litið svo á að ekki væri þörf á almennu fæðingarorlofi á meðan meginhugmyndir um stöðu kynjanna fólust í samfélagslegri verkaskiptingu. Sem var þannig að giftum konum bar að helga sig umönnun barna og umsjá heimilis en körlum bar að vera í launaðri vinnu til þess að sjá fyrir heimilinu.

Á Norðurlöndunum voru greiðslur til kvenna í fæðingarorlof teknar upp á árunum 1946-1964. Lög um fæðingarorlof voru þrátt fyrir það ólík eftir löndum og var nokkur munur á greiðsluupphæðum og skilyrðum. Miklar breytingar hafa orðið á hugmyndum um stöðu kynjanna sem liggja að baki fæðingarorlofs á öllum Norðurlöndunum. Fæðingarorlof var fyrst hugsað út frá heilsu móðurs og barns og að tryggja þeim viðunandi lífsskilyrði. Við tók hugsun um mikilvægi þess að viðhalda almennri frjósemi og koma í veg fyrir fólksfækkun. Þegar leið á 20. öldina varð talið

sífelld mikilvægara að konur tækju virkan þátt í launavinnu og farið var að vinna gegn mismunun kynjanna á vinnumarkaði. Í framhaldinu var reynt að sníða fæðingarorlof að því að ekki væri verið að ýta undir þessa mismunun og að konur gætu bæði eignast börn og sinnt launavinnu. Þegar farið var að efla konur á atvinnumarkaðnum var um leið farið að auka ábyrgð karla á heimilinu, með þessu var verið að jafna stöðu karla og kvenna í fjölskyldulífi og starfi. Þetta varð til þess að feðraorlof náðu fram að ganga á Norðurlöndunum. Talið var að það hefði uppeldisleg áhrif á börn að sjá báða foreldra sína taka þátt í umhyggjustörfum sem og heimilisverkum og að það gæti stuðlað að auknu kynjajafnrétti þegar til lengri tíma væri litið (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008; Ingólfur V. Gíslason, 2007; Fríða Rós Valdimarsdóttir, 2005).

Á Íslandi varð þróun fæðingarorlofs hægari en á hinum Norðurlöndunum og voru réttindi foreldra minni hér á landi framan af. Sú stefna að bæta mæðrum það tekjutap sem þær urðu fyrir við fæðingu barns var fyrst tekin inn í lög um almannatyggingar árið 1946 með því að innleiða fæðingarstyrk. Þróun varð á fæðingarorlofi foreldra á árunum sem á eftir komu og ein helsta breytingin varð þegar feður fengu sambærileg réttindi og mæður. Á Íslandi var fyrst tekið upp sameiginlegt orlof árið 1981, en þá var mæðrum skylt að taka fyrsta mánuð eftir fæðingu barns í orlof og svo gátu foreldrar skipt með sér tveimur síðari mánuðunum með leyfi móður. Sjálfstæður réttur giftra feðra til orlofs komst svo á Íslandi árið 1998. Þá áttu feður rétt á tveggja vikna fæðingarorlofi með greiðslum (Fríða Rós Valdimarsdóttir, 2005).

Árið 2000 urðu byltingakenndar breytingar á réttindum mæðra og feðra á Íslandi til fæðingarorlofs með tilkomu laga um fæðingar- og foreldraorlof (nr. 95/2000). Þar segir að markmið laganna sé að tryggja barni samvistir við báða foreldra og jafnframt er lögunum ætlað að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Eftir gildistöku laganna varð Ísland fremst meðal Norðurlanda varðandi sjálfstæð réttindi feðra til fæðingarorlofs. Þessu var náð með því að skipta orlofinu þannig að þrjú mánuðir voru aðeins bundnir við feður, þrjú mánuðir við móður og þremur mánuðum gátu foreldrar skipt að vild (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008; Ingólfur V. Gíslason, 2007).

Fram hefur komið að með gildistöku laga um fæðingar- og foreldraorlof árið 2000 hefur jafnræði milli foreldra aukist hvað varðar launaða vinnu og umönnun

barna. Góður árangur hefur náðst varðandi það markmið laganna að tryggja samvistir barna og foreldra. Eins hefur körlum og konum að einhverju leyti verið auðveldað að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Bilið á milli feðra og mæðra úti á vinnumarkaðnum hefur minnkað og hefur fjölskylduábyrgð orðið frekar sameiginlegt verkefni beggja. Íslenskir feður nýta sér í auknum mæli fæðingarorlof og eru virkir við umönnun barna sinna, ekki aðeins á meðan á orlofinu stendur heldur fyrstu ár barnsins. Feður sem taka fæðingarorlof eru marktækt virkari í umönnun barna sinna heldur en feður sem nýta sér ekki þessi réttindi. Nú taka yfir 90% feðra hér á landi a.m.k. hluta þess fæðingarorlofs sem þeir eiga rétt á (Guðný Björk Eydal, 2008; Ingólfur V. Gíslason, 2007).

Ætla má að samvistir foreldra og barna hafa þróast í átt að meira jafnræði með tilkomu fæðingarorlofs feðra. Þeir fá tækifæri til þess að taka virkan þátt í umönnun barna sinna frá fæðingu og að mynda sterk og varanleg tengsl. Við skilnað má gera ráð fyrir að feður sem hafa verið virkir í uppeldi barna sinna vilji halda því áfram og kjósi því umgengnisfyrirkomulag sem gefur þeim kost á stöðugum samvistum við barn sitt.

3.2 Jafnréttismál

Ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (nr. 10/2008) voru samþykkt á Alþingi í byrjun árs 2008. Eitt af megin markmiðum laganna er að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Þar segir: „*Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjaleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna*” (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, 21. gr.).

Segja má að samvistir foreldra og barna eftir skilnað séu nátengdar umræðunni um jafnrétti kynjanna. Sú þróun sem hefur átt sér stað í jafnréttismálum undanfarna áratugi hefur haft mikil áhrif á fjölskyldulíf og uppeldi barna. Um leið og karlar tóku aukna ábyrgð á heimili og börnum, og konur fóru í auknum mæli út á vinnumarkaðinn breyttist staða foreldra gagnvart börnum sínum og farið var að beina

augum að mikilvægi þess að stuðla að samvistum barna við báða foreldra sína óháð fjölskylduhögum.

Átök kynjanna um rétt sinn innan heimilis og á vinnumarkaði og aukin tíðni skilnaða, áttu þátt í því að löggjöf á sviði sifjaréttar þróaðist í átt að meiri jafnrétti í lífi fjölskyldna. Breytt staða kynjanna í átt til jafnræðis hefur breytt valdastöðu þeirra innan sem utan fjölskyldunnar. Um leið og hlutverk innan heimilis umbreyttust varð lögð aukin áhersla á að tryggja velferð barna og huga að heppilegu formi fyrir foreldra til að sinna uppeldishlutverkum sínum og eiga í tíðum tengslum við börn sín. Út frá þessu varð sameiginleg forsjá hugsuð. Með því að gera ráð fyrir jafnari ábyrgð og hæfni beggja foreldra, var um leið verið að höfða til foreldrahvatarinnar sem og vilja foreldra til að setja hagsmuni barna sinna ofar eigin (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

Með breytingu á íslenskum barnalögum (nr. 76/2003) árið 2006 þar sem sameiginleg forsjá var gerð að megin reglu eftir skilnað eða sambúðarslit, var unnið sérstaklega að því að jafna stöðu foreldra. Þá var stigið skref í átt til þess, sem m.a. kom fram í lögum um fæðingar- og foreldraorlof, að umönnun barna sé samvinnuverkefni foreldra, að þeir beri sameiginlega þær ríku skyldur og þá miklu ábyrgð sem fylgir umönnun barna (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009b). Sem dæmi um önnur mikilvæg skref í átt að jafnrétti kynjanna í fjölskyldumálum má annars vegar nefna tilurð áðurnefnds fæðingarorlofs feðra og hins vegar þróun almennrar barnagæslu sem hefur auðveldað konum endurkomu á vinnumarkaðinn eftir barnsburð og um leið styrkt stöðu þeirra á þeim vettvangi (Fríða Rós Valdimarsdóttir, 2005).

Foreldrar þurfa að sinna foreldrahlutverkum á jafnræðisgrunni með gagkvæmu trausti. Í því felst meðal annars að báðir foreldrar taki jafna ábyrgð. Á það hefur verið bent að þegar jöfnuðurinn minnkar er hættu á að áhuginn á foreldrahlutverkinu dvíni (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Það hvernig foreldrar deila með sér umönnun barna sinna eftir skilnað endurspeglast í því hvernig þau deildu foreldrahlutverkinu fyrir skilnað. Því meiri jafnræði í hlutverkum inn á heimilinu, því meiri líkur eru á að foreldrar velji sameiginlega forsjá og jafnar samvistir. Fram hefur komið að sú þróun sem hefur átt sér stað, í átt að auknu jafnræði kynjanna inni á heimilum og úti á vinnumarkaði, gegni lykilatriði í þróun

samvista foreldra og barna eftir skilnað. Slíkt stuðli að auknum skilningi á rétti barna til beggja foreldra óháð fjölskyldugerð (Juby, Bourdais & Marcil-Gratton, 2005).

3.3 Almenn umræða og félags- og hagsmunasamtök

Segja má með vissu að miklar breytingar hafi orðið í almennri umræðu um skilnaði og málefni fjölskyldna undanfarna áratugi. Mikil þekking hefur skapast um þessi mál og af þeim sökum er umræðan í samfélaginu opnari. Bæði foreldrar og fagfólk á þessu sviði virðast meðvitaðri um mikilvægi þess að tryggja rétt og velferð barna við skilnað foreldra.

Viðhorfsbreytingar hafa orðið í nútímasamfélagi varðandi samvistir foreldra og barna eftir skilnað. Vísbendingar um það má m.a. finna í því hve góð móttökuskilyrði eru fyrir fræðslu og almennri umræðu um skilnað og fjölskyldumál. Með kynningu á niðurstöðum rannsókna, fræðslu og leiðbeiningum til almennings hafa rannsakendur og meðferðaraðilar á sviði skilnaðar- og fjölskyldumála stuðlað að jákvæðum breytingum á þessu sviði. Foreldrar og fagfólk hafa óskað eftir aukinni þekkingu á skilnaðarmálum og hvernig velferð barna sé best þjónað eftir skilnað (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

Ein viðamikil ástæða fyrir aukinni umræðu og breyttu viðhorfi manna á þessum málum er tilkoma félags- og hagsmunasamtaka á sviði skilnaðar- og fjölskyldumála. Félag einstæðra foreldra er hagsmunafélag, stofnað árið 1969 sem vert er að nefna í þessu samhengi. Þetta var fyrsta félag sinnar tegundar hér á landi og hefur það gengt þýðingarmiklu frumkvölastarfi í þágu barna og foreldra. Félagið berst fyrir réttindum einstæðra foreldra og stendur vörð um velferð og hagsmuni þeirra sem og barna þeirra. Félagið er að miklu leyti rekið á hugsjónagrunni, óháð opinberum stofnunum. Það leggur áherslu á að berjast fyrir málefnum einstæðra foreldra og vekja athygli á því sem má betur fara. Einnig er unnið að því að bæta ímynd einstæðra foreldra og koma í veg fyrir fordóma og kerfisbundna mismunun gagnvart þeim og börnum þeirra. Félagið styður við bakið á foreldrum með sameiginlega forsjá og veitir forsjárlausum foreldrum ráðgjöf og upplýsingar (Félag einstæðra foreldra, e.d.).

Næst ber að nefna Félag um foreldrajafnrétti (áður nefnt Félag ábyrgra feðra) sem hefur verið starfrækt frá árinu 1997. Félagið vinnur að því að jafna stöðu mæðra

og feðra við skilnað. Félagsmenn telja að verulega sé brotið á réttindum barna á Íslandi til að umgangast báða foreldra sína í miklum mæli eftir skilnað. Félagið berst fyrir breytingum á lagaumhverfi skilnaðarmála. Þeir telja það úrelt og að íslensk lög séu á eftir þróuninni á Norðurlöndunum. Að þau stuðli enn að því að mæður beri meiri ábyrgð og skyldur við umönnun barna eftir skilnað. Megininntak stefnu félagsins mun vera að tryggja í reynd jafnrétti milli foreldra bæði til forsjár og umönnunar, með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Félag um foreldrajafnrétti vinnur einnig sérstaklega að því að efla umræðu í samfélaginu um stöðu skilnaðarbarna og feðra með því að vekja athygli á þessum málaflokk m.a. á heimasíðu félagsins, með málþingum sem og skrifum (Félag um foreldrajafnrétti, e.d.).

Félag stjúpfjölskyldna (FSF) hefur verið starfrækt síðan árið 2005. Tilgangur félagsins er m.a. að vera vettvangur einstaklinga í stjúptengslum, veita stuðning fræðslu og ráðgjöf og styrkja uppeldisskilyrði barna í stjúptengslum. Félagið vill einnig vera sýnilegt afl í samfélaginu og vekja athygli, bæði opinberra aðila og annarra, á málefnum stjúpfjölskyldna, ásamt því að styrkja hana og efla þekkingu og fræðslu varðandi þennan málaflokk. Félagið beitir sér fyrir því að gert sé ráð fyrir stjúpfjölskyldum í stefnumótun um fjölskyldumál og vinnur að auknum réttindum fólks í slíkri fjölskyldugerð (Stjúptengsl, e.d.).

Annað áhugafélag um foreldrajafnrétti er Félag ábyrgra foreldra á Akureyri sem var stofnað árið 2007. Tilgangur félagsins er að veita feðrum, forsjárlausum foreldrum og börnum þeirra stuðning. Félagsmenn vilja stuðla að málefnalegri umræðu um stöðu barna og foreldra með það í huga að stjórnvöld tryggi að sem flest börn eigi kost á að alast upp hjá báðum foreldrum. Félagið vill jafnframt að það verði viðurkennt að jafn réttur foreldra til uppeldis og umönnunar barna sinna sé grundvallar réttur barna og foreldra óháð fjölskyldugerð (Félag ábyrgra foreldra á Akureyri, e.d.).

Þessi félags- og hagsmunasamtök hafa átt ríkan þátt í að móta viðhorf manna og efla umræðu um skilnaðarmál í íslensku samfélagi. Öll beita þau sér fyrir réttindum barna og jafnrétti í fjölskyldum óháð fjölskyldugerð. Aukin umræða og vitneskja foreldra um velferð og hagsmuni barna eftir skilnað hefur m.a. leitt til þess að samvistir foreldra og barna eftir skilnað hafa orðið jafnari.

4 Skilnaðar- og búsetumál barna í ljósi rannsókna

Á sjöunda og áttunda áratugunum varð mikil aukning á fjölskyldurannsóknum og fræðimenn fóru í auknum mæli að rannsaka áhrif skilnaða á börn. Rannsóknir á þessu sviði fóru hægt af stað hér á landi, en hafa aukist undanfarið. Tekið hefur verið mið af skilnaðarrannsóknum, m.a. um áhrif skilnaða, tengsl og velferð barna við lagabreytingar og þróun þjónustu bæði hérlendis og erlendis. Eiginlegar samvistir foreldra og barna hafa breyst samhliða þróun löggjafar og aukin vitneskja er nú um mikilvægi foreldrasamvinnu og hagsmuni barna (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005; Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008).

Eins og að framan greinir er sameiginleg forsjá meginregla eftir skilnað foreldra hér á landi líkt, og víða annarsstaðar og virðist trú á gildi þess forsjárfyrirkomulags fara sífellt vaxandi. Það hefur sýnt sig að með gildistöku laga um sameiginlega forsjá og með auknum umgengnisrétti þess foreldris sem barnið býr ekki hjá, hefur hægt og bitandi orðið breyting á viðhorfum fólks og uppeldisáherslum barna sem upplifa skilnað foreldra (Kelly, 2007; Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008). Hlutverk foreldra hefur orðið jafnara og algengara að börn dvelji til skiptis hjá báðum foreldrum sínum eftir skilnað. Rannsóknir á jafnri búsetu eru hins vegar nokkuð nýtt viðfangsefni fræðimanna. Þó færast í aukana að tekið sé sérstaklega mið af slíku búsetufyrirkomulagi í skilnaðarrannsóknum nútímans.

Hér verður fjallað um íslenskar rannsóknir á sviði skilnaðarmála og rakin sú þróun sem átt hefur sér stað á gildi sameiginlegrar forsjá fyrir foreldra, samkvæmt niðurstöðum rannsókna. Jafnframt er farið yfir þá vitneskju sem skapast hefur um velferð og aðlögun íslenskra skilnaðarbarna og hún tengd umfjöllun um skilnaðar- og búsetumál barna út frá niðurstöðum erlendra rannsókna.

4.1 Íslenskar rannsóknir

Rannsóknir á sviði skilnaðarmála á Íslandi hafa verið í mótun í um 15 ára skeið og má upphaflega rekja til árs fjölskyldunnar árið 1994. Var þá unnin umfangsmesta rannsókn sem gerð hafði verið á högum foreldra og uppvaxtaraðstæðum barna á Íslandi. Þetta var jafnframt ein fyrsta rannsóknin sem gerð var á reynslu foreldra af skilnaðarmálum hér á landi (Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K.

Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson, 1995). Í þeirri rannsókn, líkt og þeim sem hafa fylgt í kjölfarið, er nær alfarið byggt á sýn foreldranna. Jöfn búseta barna hjá báðum foreldrum í kjölfar skilnaðar er viðfangsefni sem lítið hefur verið rannsakað hér á landi, enda um nokkuð nýtt samvistaform að ræða. Það að börn dvelji til jafns hjá báðum foreldrum var óalgengt ef ekki óþekkt fyrir um tveimur áratugum eða svo, en slík skipan mála hefur aukist til muna undanfarin ár.

Niðurstöður fyrstu rannsóknar á sviði skilnaðarmála á Íslandi gaf mikilvægar upplýsingar um aðstæður barna og samskipti í fjölskyldum (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 1995). Í ljós kom að frásildir foreldrar áttu erfiðast uppdráttar af foreldrum almennt. Skilnaður olli á marga vegu miklum breytingum í lífinu fyrir bæði foreldra og börn þeirra. Foreldrar glímdu við ýmis vandamál vegna skilnaðar, sem síðar gat valdið börnum þeirra erfiðleikum. Fram kom að foreldrar án forsjár vildu hafa meira að segja um börnin sín. Það voru yfirleitt mæður sem höfðu forsjána, en feður urðu einir og án forsjár. Þess ber að geta að foreldrar sem tóku þátt í þessari upphafs rannsókn höfðu ekki átt formlegan möguleika á sameiginlegri forsjá, þar sem slíkt fyrirkomulag var ekki komið í íslensk lög þegar þeir skildu eða slitu samvistum.

Foreldrar án forsjár (oftast feður) virtust ekki endilega óska eftir meiri umgengni við börn sín heldur fremur sameiginlegri forsjá. Þeir voru í heildina mun ósáttari við skilnaðarferlið en foreldrar með forsjá (oftast mæður) sem voru í flestum tilfellum sáttar við fyrirkomulagið eða hlutlausar. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að foreldrar án forsjár virtust eiga erfitt með að skilgreina foreldrahlutverk sitt og fara því gjarnan þá leið í úrvinnslu sorgar sinnar og einmanaleika að draga sig í hlé. Á þessu mátti sjá tengingu milli formlegrar forsjár foreldra og samvista barns og foreldris (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 1995).

Eins og fram hefur komið varð sameiginleg forsjá fyrst valmöguleiki við skilnað á Íslandi árið 1992. Þá urðu breytingar á umhverfi og aðstæðum fráskilinna foreldra og barna þeirra. Fimm árum eftir gildistöku laga um sameiginlega forsjá var gerð rannsókn á reynslunni af sameiginlegri forsjá og velferð barna við skilnað foreldra (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort þetta nýja fyrirkomulag hefði í reynd breytt samskiptum foreldra og barna og hvort foreldrar sem semja um slíkt fyrirkomulag ættu eitthvað sameiginlegt. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna jákvæða reynslu meirihluta foreldra (58%)

af sameiginlegri forsjá og feður voru almennt sáttari en mæður. Jafnframt ríkti sátt um umgengnisfyrirkomulag hjá meirihluta foreldra (66%) og sáttin var meiri hjá feðrum. Foreldrar sem völdu að fara sameiginlega með forsjá barna sinna voru flestir foreldrar í yngri kantinum og bjuggu frekar á höfuðborgarsvæðinu, en á landsbyggðinni. Menntunarstig þessa hóps var hærra og lífskjör milli feðra og mæðra jafnara heldur en hjá þeim hópi sem valdi annars konar forsjárfyrirkomulag.

Í rannsókninni kom jafnframt fram að börn foreldra með sameiginlega forsjá áttu í 90% tilvika lögheimili hjá móður en í 10% tilvika hjá föður. Fátítt var að börn byggju jafnt hjá báðum foreldrum, en aðeins 9% sögðu barnið eiga heima jafnt hjá báðum og dvelja hjá þeim til skiptis. Varðandi fjarlægð milli barns og foreldris kom fram að fjórðungur foreldra bjó í göngufjarlægð við barnið en rúmur helmingur í 10 til 30 mínútna akstursfjarlægð. Fjórðungur foreldra með sameiginlega forsjá var með umsamið samkomulag um samvistir. Ívið stærri hópur sagði umgengnisformið síbreytilegt. Fram kom í umræðu um niðurstöður að sameiginleg forsjá hafi í reynd ekki sýnt meiri tíðni eða lengd í samskiptum föður og barns en að breytingar megji sjá í jákvæðari viðhorfum kynjanna til hvors annars og til foreldrasamstarfsins almennt. Staða foreldranna varð jafnari, það ríkir meiri stöðugleiki í tengslum við uppvaxtarfjölskyldur foreldranna og hagsmunir barnsins virtust frekar sitja í fyrirrúmi með tilkomu sameiginlegrar forsjár (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

Þegar sameiginleg forsjá varð síðan lögfest sem meginregla árið 2006 var stigið skrefinu lengra í átt að jafnari ábyrgð foreldra og rétti barna til beggja foreldra eftir skilnað. Tveimur árum frá gildistöku sameiginlegrar forsjár sem meginreglu var gerð rannsókn á reynslu foreldra af forsjárfyrirkomulaginu (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008). Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að samvistir barna og foreldra voru jafnari þegar forsjáin var sameiginleg, en um 92% foreldra í rannsókninni fóru sameiginlega með forsjá barna sinna. Um 24% svarenda sögðu að barnið dveldi jafnt hjá báðum og voru langflestir (86%) í þeim hópi með svokallað viku-viku fyrirkomulag. Út frá þessum niðurstöðum má álykta að foreldrar á Íslandi kjósi í vaxandi mæli að börn þeirra dvelji jafnt hjá þeim báðum eftir skilnað eða sambúðarslit.

Á Íslandi hefur verið gerð ein nýleg rannsókn um tvískipta (jafna) búsetu barna og samskipti þeirra við foreldra (Ársæll M. Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2008). Þar kom fram að alls bjuggu 4% skólabarna í sjötta, áttunda og tíunda bekk jafnt til skiptis hjá báðum foreldrum. Samskipti þeirra við foreldra virðast jafn góð og barna sem búa hjá báðum foreldrum, sem voru 71% skólabarna, og sömuleiðis eiga þau góð tengsl við vini. Sérstaklega er tvískipt búseta talin skila sér í betri samskiptum við föður en börn sem búa jafnt til skiptis hjá báðum foreldrum eru í jafngóðum samskiptum við feður sína og þau sem búa hjá báðum kynforeldrum. Jafnframt kemur fram að foreldrar sem kjósa jafna búsetu barna þegar sambúð lýkur, eru líklegri til að vera í betri samskiptum hvort við annað en foreldrar sem kjósa annað fyrirkomulag. Getur það haft þau áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar, að foreldrar sem kjósa tvískipta búsetu eru í jafngóðum samskiptum við börn sín og foreldrar sem búa saman. Foreldrar sem eru tilbúnir að hafa börn sín hjá sér til jafns þurfi ekki að óttast neikvæð áhrif á samskipti sín við börnin samkvæmt þessari rannsókn.

Íslenskar rannsóknir hafa sýnt að samvistartími og samvera barna og foreldra hefur margvísleg jákvæð áhrif á líf barna. Börn í jákvæðum tengslum við foreldra sína eru síður líkleg en önnur börn að eiga við sálræn og félagsleg vandamál að stríða. Þá er ólíklegra að vímuefnanotkun verði hluti af lífsmynstri barna sem verja miklum tíma með foreldrum sínum og eru í sterkum tengslum við fjölskyldu sína. Þeim gengur jafnframt betur í námi og eignast frekar vini þar sem svipað samvistarmynstur er við foreldra. Samverutími barna og unglunga með foreldrum og fjölskyldu er mikilvægur heilsu þeirra og lífsstíl (Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl., 2006; Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2009).

Í rannsókn Benedikts Jóhannssonar (2007) kemur fram að almenn líðan og félagsleg aðlögun barna er gjarnan tengd við fjölskylduaðstæður. Fram hefur komið að börn sem búa ekki hjá báðum foreldrum sínum líður ekki eins vel og öðrum börnum og eru ekki eins vel aðlöguð. Munurinn hér er þó ekki mjög mikill. Börn sem búa hjá föður sínum virðist vegna síst og ekki eins vel og þeim sem búa hjá móður sinni. Þó kom hér fram að bæði líðan og félagsleg staða barna sem búa hjá föður sínum er betri ef þau eiga stjúpmóður. Börn sem ekki búa hjá báðum foreldrum sínum eru frekar með veika félagslega stöðu, þau verða oftast fyrir stríðni, útilokun og jafnvel árásam. Jafnframt tala börn sem búa hjá öðru lífforeldri, áberandi sjaldnar um líf sitt

við hitt foreldrið sem þau búa ekki hjá. Því má leiða líkum að því að samvistir barna við foreldrið sem þau búa ekki hjá þyrftu að vera meiri.

Niðurstöður rannsóknar um reynslu og sýn skilnaðarungmenna á aldrinum 17-18 ára sýndi að samvera ungmenna við það foreldri sem það á ekki lögheimili hjá minnkar töluvert eftir skilnað. Um helmingur þeirra töldu sig fá minni tíma ein með því foreldri sem það bjó ekki hjá en fyrir skilnaðinn. Yfir 40% skilnaðarungmenna sögðust vilja breyta samskiptum í nánustu fjölskyldu. Á móti 23% þeirra sem höfðu ekki upplifað skilnað foreldra sinna. Athyglisvert var að ungmenni, sem reynt höfðu skilnað foreldra, voru ólíklegri en önnur ungmenni að telja föður til allra nánustu fjölskyldu. Um 90% skilnaðarungmenna töldu móður til allra nánustu fjölskyldu, en aðeins um 51% töldu föður til allra nánustu fjölskyldu. Samskipti skilnaðarungmenna við foreldra sína voru að jafnaði minni en annarra ungmenna og að sama skapi voru samverustundirnar færri (Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008). Rannsókn á skilnaðarungmönnum hefur jafnframt gefið vísbindingar um að það skorti á ýmsan hátt að hagsmunir barna séu hafðir í fyrirrími þegar foreldrar fara í nýtt samband sem og varðandi fjarlægð milli heimila foreldra og samskipti barns við það foreldri sem það á ekki lögheimili hjá (Guðlaug Magnúsdóttir, 2008).

Niðurstöður þeirra íslensku rannsókna sem hér hefur verið fjallað um ber að sama brunni varðandi mikilvægi samvista og samskipti barna við báða foreldra í kjölfar skilnaðar. Góð foreldrasamvinna virðist gegna lykilhlutverki varðandi aðlögun og líðan barna eftir skilnað. Foreldrar kjósa í auknum mæli sameiginlega forsjá og virðast staðfastir í að ljúka sameiginlega því verki sem hafið er, þ.e. að ala upp og bera ábyrgð á barni sínu. Hagsmunir barna virðast vera í fyrirrími þegar tekin er ákvörðun um forsjá, umgengni og búsetuform og má ætla að aukin reynsla og þekking á skilnaðarmálum hafi haft áhrif þar á.

4.2 Alþjóðlegur samanburður

Rannsakendur á erlendri grundu hafa skilgreint sameiginlega forsjá á tvennan hátt (Kelly, 2007; Bauserman, 2002; Juby o.fl, 2005). Annars vegar er talað um sameiginlega lagalega forsjá (e. joint legal custody) sem felur í sér að foreldrar bera sameiginlega lagalega ábyrgð á börnum sínum. Hins vegar er talað um sameiginlega

daglega forsjá (e. joint physical custody). Það felur í sér að foreldrar bera ekki einungis sameiginlega lagalega ábyrgð á börnum sínum, heldur dvelja börnin nokkurn veginn til jafns hjá báðum foreldrum, þ.e.a.s. börnin verja 30-50% af tíma sínum með öðru foreldrinu en eru að öðru leyti með hinu foreldrinu. Þau búa þá minnst þriðjung á öðru heimilinu og restina á hinu.

Börn foreldra sem fara sameiginlega með forsjá eru talin vera betur aðlöguð, bæði hegðunarlega og tilfinningalega, en börn foreldra þar sem forsjáin er á hendi annars foreldrisins (Kelly, 2007; Bauserman, 2002; Öberg & Öberg, 2002). Jöfn búseta er jafnframt talin hafa jákvæð áhrif á aðlögunarhæfni barna eftir skilnað foreldra (Lee, 2002). Í jákvæðri aðlögun barna felast betri tengsl innan fjölskyldunnar, gott sjálfsálit barnanna, betri hegðun og líðan sem og betri aðlögun barna að breytingum í kjölfar skilnaðarins. Foreldrar með sameiginlega forsjá greina frá minni ágreiningi sín á milli en aðrir fráskildir foreldrar. Ætla má að sameiginleg forsjá sé í flestum tilfellum jákvæðari fyrir börn heldur en ef forsjáin er einhliða. Mögulega vegna þess að það greiðir fyrir áframhaldandi jákvæðum samskiptum og tengslum barna við báða foreldra (Bauserman, 2002). Eins hefur komið fram að börnum líður betur og eru frekar vel aðlöguð þegar fyrirkomulag samvista er þannig að það gerir báðum foreldrum kleyft að taka virkann þátt í lífi barna sinna. Það felur í sér að foreldrum gefist kostur á að tengjast skólum barna sinna, vinum, tómstundum og öðru mikilvægu í lífi þeirra og eins hafi tök á að vera með börnum sínum við ólíkar athafnir og á ólíkum tímabilum í lífi þeirra (Kelly, 2007; Smyth, 2004).

Ekki eru allir sammála um ágæti sameiginlegrar forsjár. Orðið hefur viss ágreiningur um þetta fyrirkomulag, eins og um jafna búsetu. Þeir sem mæla með sameiginlegri forsjá telja að það þjóni hagsmunum barna þar sem þau hafa kost á að vera í meiri og betri samskiptum við báða foreldra eftir skilnað og að með jafnri búsetu verði tengslin sterkari og varanlegri. Þeir sem eru aftur á móti andsnúnir fyrirkomulaginu álíta að það hafi í för með sér rótleysi hjá börnum, skort á stöðugleika og að börn sé berskjaldaðri fyrir ágreiningi og átökum á milli foreldra sinna eftir skilnað (Bauserman, 2002; Lee, 2002; Smyth & Weston, 2004).

Margar erlendar rannsóknir hafa sýnt að ákveðnir þættir hafa áhrif á val foreldra á forsjáryrirkomulagi og búsetu barna eftir skilnað (Kelly, 2007; Juby o.fl., 2005; Smyth & Weston, 2004; Ottosen, 2002). Samskipti foreldra og hlutverkaskipting

inni á heimilinu fyrir skilnað hefur verið talin hafa áhrif á og jafnvel endurspegla það hvernig foreldrar deila með sér umönnun barna sinna eftir skilnað. Foreldrar sem eru vanir að annast og bera sameiginlega ábyrgð á börnum sínum eru líklegri til að kjósa sameiginlega forsjá eftir skilnað og gefa börnum sínum kost á mikilli umgengni við báða foreldra sína og velja þá frekar jafna búsetu en aðrir foreldrar. Jafnframt hefur komið fram að tekjur fjölskyldna, atvinnuhagir og menntun foreldra sem og barnafjöldi spili þar inni. Jöfn búseta er algengari hjá tekjuháum fjölskyldum og útivinnandi foreldrar með meiri menntun eru líklegri til þess að velja sameiginlegt forsjár- og búsetufyrirkomulag barna sinna eftir skilnað.

Þó svo að jöfn búseta barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað sé ekki orðið mjög algengt fyrirkomulag, eru engu að síður samvistir barna við það foreldri sem það býr ekki hjá, oftast föður, orðnar meiri en áður. Sífelld færri börn eiga ekki í samskiptum við föður fyrstu árin eftir skilnað. Þessar breytingar má m.a. rekja til þess að rannsóknir hafa í auknum mæli sýnt að reglulegar samvistir barna við báða foreldra eftir skilnað eru mikilvæg fyrir þroska þeirra og velferð (Kelly, 2007; Juby o.fl., 2005; Fabricius & Luecken, 2007; Lee, 2002). Settir hafa verið fram ákveðnir þættir sem eru taldir hafa áhrif á umgengni feðra við börn sín eftir skilnað (Kelly, 2007; Lin, Schaffer, Seltzer & Tuschen, 2004; Swiss & Bourdais, 2009). Komið hefur fram að kyn og aldur barna, fjárhagsleg staða og menntun feðra, hversu mikill ágreiningur er á milli foreldra, hversu langt er liðið frá skilnaðinum og hversu mikil sátt er með umgengnisfyrirkomulagið hafi áhrif á tíðni samvistanna.

Það forsjár- og búsetufyrirkomulag sem valið er eftir skilnað foreldra, hefur mikið að segja um samvistir og tengsl barna við feður, bæði þegar þau eru ung og eins og fullorðinsárum (Juby o. fl, 2005; Fabricius & Luecken, 2007; Ahrons, 2007). Því meiri sem samvistirnar eru, því betra verður sambandið. Áframhaldandi samband feðra og barna eftir skilnað hefur verið talið beintengt hversu mikinn tíma feður höfðu fyrir skilnað til þess að mynda nán og varanleg tengsl við börn sín (Swiss & Bourdais, 2009). Feður sem hafa tekið virkan þátt í umönnun og uppeldi barns frá fæðingu eru taldir líklegri til þess að gera það áfram eftir skilnað (Ottosen, 2000). Aftur á móti hefur einnig komið fram að eftir því sem börn upplifa og verða vitni að meiri ágreiningi milli foreldra eftir skilnað, því verra samband eiga þau við feður á

fullorðinsárum. Þau finna jafnframt fyrir meiri vanlíðan vegna skilnaðar foreldra sinna (Fabricius & Luecken, 2007).

Samband virðist vera á milli hversu mikill ágreiningu er á milli foreldra og samvistum barna við foreldra sína eftir skilnað (Lee, 2002). Eins hefur komið fram að börn foreldra sem geta verið í góðri samvinnu bæði fyrir og eftir skilnað, eiga í betri samskiptum við foreldra sína, ömmur og afa, stjúpforeldra og systkini. Samskipti og samvinna foreldra á skilnaðartímabilinu virðist því hafa áhrif á gæði fjölskyldutengsla til lengri tíma litið. Það er því fremur hegðun foreldra sem hefur áhrif á aðra fjölskyldumeðlimi heldur en skilnaðurinn sjálfur (Ahrons, 2007; Öberg & Öberg, 2002).

Samband foreldra og barna getur ekki aðeins breyst við skilnaðinn sjálfan heldur getur það haldið áfram að breytast um leið og börnin eldast og þroskast. Börn sem alast upp hjá fráskildum foreldrum eru almennt talin vera óruggari og kvíðnari en önnur börn (Wallerstein, 2005). Þau óttast í meira mæli að þau muni missa einhvern nákominn eða að velferð foreldra þeirra verði ógnað. Jafnframt þurfa þau gjarnan að fullorðnast fyrr, verða sjálfstæð í hugsun og taka meiri ábyrgð en börn í kjarnafjölskyldum. Fyrirkomulag forsjár og samvista getur haft mikið að segja um afleiðingar skilnaðar foreldra á líðan og þroska barna. Fram hefur komið að börn sem alast upp við sameiginlega forsjá og miklar samvistir við báða foreldra eiga í sterkari tengslum við foreldra sína og eiga við færri vandkvæði að stríða heldur en börn sem alast upp við forsjá eins foreldris. Hins vegar hafa niðurstöður sýnt að þessi börn geti orðið fyrir því að missa frekari úr hvað varðar vinatengsl sem og í íþrótt- og tómsundastarfi (Wallerstein, 2005).

Mörg skilnaðarbörn þrá meiri samvistir við það foreldrið sem þau búa ekki hjá (oftast föður) eftir skilnað. Það hefur komið fram að stór hluti barna, sem elst upp hjá öðru foreldrinu, hefði kosið meiri og jafnari samvistir við báða foreldra eða jafna búsetu, ef þau hefðu átt val um það sjálf (Kelly, 2007; Fabricius, 2003). Þó svo mikill minnihluti skilnaðarbarna búi við jafna búsetu virðast börn og ungmenni almennt telja að jöfn búseta sé besta fyrirkomulagið fyrir börn sem upplifa skilnað foreldra sinna. Hins vegar hafa þau trú á að skoðun mæðra og feðra sé ólík í þessum málum og að foreldrar séu ósammála um hvaða búsetufyrirkomulag hentar best börnum þeirra eftir skilnað. Flestir feður sem eru með hefðbundna umgengni við börn sín, þ.e. aðra

hverja helgi, vilja auknar samvistir með börnum sínum og jafnara búsetufyrirkomulag (Fabricius & Luecken, 2007; Fabricius, 2003; Smyth & Weston, 2004).

Fram hefur komið að feður eru viljugri en mæður að taka upp jafna búsetu barna á báðum heimilum eftir skilnað (Fabricius & Luecken, 2007; Smyth & Weston, 2004). Mæður kjósa frekar hefðbundnari búsetufyrirkomulag þar sem börn búa á öðru heimilinu, en eru í reglulegri umgengni við það foreldri sem þau búa ekki hjá. Jöfn búseta er fyrirkomulag sem krefst skipulagningar og getur reynst foreldrum og börnum krefjandi. Talið hefur verið mikilvægt að foreldrar sem taka upp jafna búsetu barna eftir skilnað séu í góðu sambandi og samvinnu og eigi í takmörkuðum deilum. Einnig hefur verið talið hentugt að foreldrar búi nálægt hvort öðru og þá helst í sama skólahverfi. Hafa þarf í huga hvaða áhrif búsetufyrirkomulagið getur haft á börn og meta skal þarfir hvers barns. Skapgerð og persónulegir eiginleikar barna skipta máli, sem og aldur og aðlögunarhæfni. Yfirleitt eru foreldrar taldir vera í bestu stöðunni til þess að meta hvaða fyrirkomulag hæfir þeirra barni (Smyth, 2004).

Foreldrar halda áfram að gegna mikilvægu hlutverki í lífi barna sinna eftir skilnað og því getur verið mikið áfall fyrir barn ef foreldri hverfur úr lífi þess. Því hafa, eins og að framan greinir, erlendar niðurstöður skilnaðarrannsókna sýnt í vaxandi mæli að hagsmunum barna sé best mætt með því að tryggja þeim stöðug og viðvarandi samskipti við báða foreldra eftir skilnað. Foreldrar haldi þá áfram að bera sameiginlega ábyrgð á uppeldi og umönnun barna sinna þrátt fyrir að sambúð þeirra eða hjónabandi sé lokið (Öberg & Öberg, 2002). Þá hafa rannsóknir einnig leitt í ljós að gæði samverustunda skipti fremur máli en tíðnin, þ.e. hversu mikið börn eru með hvoru foreldri fyrir sig, fyrir velferð barna (Smyth, 2004; 2005). Það sem skiptir máli í því samhengi er að foreldrar geti annars vegar átt í góðum samskiptum hvort við annað og hins vegar verið í góðu sambandi við barnið. Þó ber að hafa í huga að börn sem eru í nánu sambandi við báða foreldra sína þurfa að hitta þau reglulega til þess að geta viðhaldið tengslunum og ræktað sambandið (Kelly, 2007; Smyth, 2004).

5 Aðferð og framkvæmd rannsóknar

Sú aðferð sem beitt var í rannsókn þessari er eigindleg rannsóknaraðferð. Rannsóknin nær til tíu fráskilinna foreldra sem eru með barn sitt í jafnri búsetu. Tekin voru viðtöl við þessa foreldra í þeim tilgangi að fá innsýn í reynslu þeirra og sýn á fyrirkomulagi samvistanna, þ.e. viku-viku fyrirkomulag. Eins og fram kom í inngangi ritgerðarinnar er markmið rannsóknarinnar að bæta við og dýpka þekkingu og skilningi á uppeldisaðferðum og aðstæðum barna eftir skilnað og að fá fram sjónarmið og viðhorf foreldra til jafnrar búsetu. Rannsóknarspurningin er: *Hver er reynsla og sýn fráskilinna foreldra af jafnri búsetu barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað?*

Í þessum kafla er gerð grein fyrir aðferð og framkvæmd rannsóknarinnar. Fyrst er umfjöllun um eigindlega aðferðarfræði og siðferðileg álitamál. Þá er greint frá framkvæmd rannsóknarinnar, gagnasöfnun og úrvinnslu. Að lokum er fjallað um þá þátttakendur sem tóku þátt í rannsókninni.

5.1 Eigindleg aðferðarfræði

Eigindlegar rannsóknaraðferðir byggja á að veruleikinn sé félagslega skapaður, huglægir þættir eru skoðaðir á hlutlægan hátt. Markmið rannsakandans er ekki að finna algild svör eða að alhæfa, heldur að öðlast betri skilning á mannlegri hegðun jafnt sem að skilja upplifun viðmælanda sinna af eigin lífi og aðstæðum. Rannsakandi þarf að gera sér grein fyrir því hvaða áhrif nærvera hans hefur á þann einstakling eða það fyrirbæri sem verið er að skoða. Hann þarf að setja til hliðar eigin viðhorf og skoðanir um viðfangsefnið á meðan á rannsókn stendur. Eigindlegar aðferðir fela í sér aðleiðslu. En það er þegar niðurstöður rannsóknarinnar eru fundnar út frá gögnum og kenning er mynduð eftir að rannsakandi hefur fylgst með félagslegum veruleika, þ.e.a.s. fyrirbærinu, í sínu eðlilega samhengi (Esterberg, 2002). Í rannsókninni er beitt fræðilegu sjónarhorni sem nefnist fyrirbærafræði (phenomenology). Það felur í sér rannsókn á þeim formgerðum skilningsins sem gefa hlutunum kost á að birtast sem það sem þeir eru. Þannig er á huglægan hátt skoðuð mannleg vitund eins og hún birtist frá sjónarhorni og í upplifun fyrstu persónu. Hugmyndin er sú að sérhvert fyrirbæri og birting hlutar sé alltaf birting einhvers fyrir einhverjum (Zahavi, 2008/2003).

Þegar eigindlegum rannsóknaraðferðum er beitt er rannskandinn sjálfur megin verkfærið við gangaöflun og úrvinnslu. Beiting aðferðarinnar býður upp á aukin sveigjaleika. Framsetning gagna er ekki í formi tölfræðilegs yfirlits, þ.e. töflur og myndir, heldur fremur í formi eigindlegrar greiningar á frásagnarefninu. Leitast er við að fá heildarmynd af lífi og aðstæðum viðmælenda og eins að ná fram þeim skilning sem það leggur í aðstæður sínar og líf sitt. Rannsóknir í félagsvísindum hafa í gegnum tíðina fremur byggt á meginlegum rannsóknaraðferðum en eigindlegum. Munurinn á þessum tveimur rannsóknaraðferðum er þó ekki eins afgerandi og áður var og hafa eigindlegar aðferðir fengið aukið vægi. Það er nú almenn vitund innan félagsvísinda að báðar aðferðir eru nauðsynlegar til þess að öðlast þekkingu og skilning á tilteknum vanda eða fyrirbæri (Yegidis & Weinbach, 2009).

Með eigindlegum rannsóknaraðferðum er alhæfingargildi (external validity) almennt ekki til staðar. Sömuleiðis fæst lægri áreiðanleiki (reliability) heldur en með meginlegum rannsóknaraðferðum, þar sem ólíklegt er að ná fram samskonar stöðluðum svörum og fyrirfram uppbyggður spurningarlisti gefur. Hins vegar gefa djúpvíðtöl í eigindlegum rannsóknaraðferðum þátttakendum tækifæri á að útskýra eigin upplifun og sjónarhorn nánar. Þetta gefur rannsakanda aukin skilning á svörum viðmælenda sinna. Við það eykst ytra réttmæti (validity) rannsóknarinnar þar sem niðurstöður hennar eru beintengdar veruleikanum (Hall & Hall, 2004). Hin eigindega nálgun felur í sér að rannsakandinn nær að dýpka skilning sinn á lífi og reynsluheimi þátttakanda án þess þó að alhæfa niðurstöðurnar yfir á stærra þýði (Esterberg, 2002).

Eigindlegar rannsóknaraðferðir hentuðu vel viðfangsefni þessarar rannsóknar þar sem markmiðið er að skoða huglæga sýn foreldra barna sem búa jafnt hjá báðum foreldrum og fá upplýsingar um þá merkingu sem þau leggja í aðstæður barnanna og fjölskyldunnar í heild.

5.2 Siðferðileg álitamál

Í rannsóknarvinnu er mikilvægt að huga sérstaklega að siðfræðilegum álitamálum sem geta komið upp og reyna að koma í veg fyrir þau í upphafi. Þetta er m.a. gert með því að hafa alltaf hagsmuni þátttakanda í fyrirrúmi og vernda þá fyrir hugsanlegum skaða vegna þátttöku í rannsóknum (Yegidis & Weinbach, 2009).

Þegar gerð er rannsókn á fólki er rannsakanda settar ýmsar skorður. Rannsóknirnar þurfa að uppfylla ákveðnar aðferðarfræðilegar kröfur en ekki síður siðfræðilegar kröfur. Rannsakanda ber að gæta hagsmuna þátttakanda, tryggja að rannsóknin hafi ekki neikvæð áhrif á þá og virða siðferðislega stöðu þeirra í hvívetna. Rannsakandi þarf jafnframt að byggja rannsókn sína á rökstuddri von um vísindalegan ávinning (Sigurður Kristinsson, 2003). Í rannsóknnum á fólki og þá sérstaklega þegar um viðkvæma hópa er að ræða (eins og börn, aldraða eða aðra jaðarhópa) er gerð krafa um upplýst og óþvingað samþykki. Slíkt felur í sér sérstaka, ótvíræða yfirlýsingu sem einstaklingur eða forráðarmaður hans gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang rannsóknarinnar. Jafnframt þarf viðkomandi að fá vitneskju um hvernig rannsóknin fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð og um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt hvenær sem er (Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000). Viðmælendur rannsóknarinnar skrifuðu allir undir upplýst samþykki til þátttöku í rannsókninni (sjá fylgiskjal 3). Þar kom fram að þátttakendur þyrftu ekki að svara spurningum sem þeir kærðu sig ekki um að svara og að þeim væri frjálst að hætta við ef svo bæri undir. Jafnframt kom þar fram að nafnleynd væri tryggð og gögnum yrði eytt að lokinni úrvinnslu.

Rannsóknir mega ekki fela í sér ónauðsynlega áhættu fyrir þátttakendur. Áhættan þarf að vera innan ásættanlegra marka og áætlaður ávinningur þátttakanda nægilegur til að réttlæta hana. Þátttakendur leggja gjarnan mikið traust á rannsakendur. Því er upplýst samþykki eitt og sér ekki nóg til þess að rannsókn sé siðferðislega réttmæt, heldur þarf til viðbótar að ganga úr skugga um að hún samrýmist hagsmunum þátttakanda (Sigurður Kristinsson, 2003). Í rannsóknarvinnu er mikilvægt að hafa persónugreinanleika manna í huga. Upplýsingar eru persónugreinanlegar ef mögulegt er að rekja þær beint eða óbeint til tiltekins einstaklings (Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000). Rannsakendur þurfa að gæta trúnaðar og fyllstu varkárni þegar unnið er með persónugreinanlegar upplýsingar. Halda skal í lágmarki upplýsingum sem nota mætti óbeint til að bera kennsl á einstaka þátttakendur þar sem slíkt gæti skaðað þá. Trúnaðarbrestur getur stefnt frekari rannsóknarstarfi í voða og er um leið óvirðing við þá einstaklinga sem taka þátt í rannsókninni (Sigurður Kristinsson, 2003).

Þegar unnið er með eiginlega rannsóknaraðferð er um beint persónulegt samtal að ræða. Þarf því sérstaklega að huga að persónugreinanleika gagna og hefur slíkt verið gert í rannsókn þessari. Þátttakendum rannsóknarinnar var heitið trúnaði rannsakanda, gögnin voru dulkóðuð eftir þörfum og persónugreinanlegum gögnum eytt að úrvinnslu lokinni. Engin þátttakandi hlaut skaða að því að taka þátt í rannsókninni. Rannsóknin var tilkynnt persónuvernd.

Við sjálfst efnisval, framkvæmd og úrvinnslu rannsóknarinnar hefur rannsakandi verið meðvitaður um eigin viðhorf og skoðanir til málefnisins. Reynt var að gæta hlutleysis við efnisval. Sem áhrifaþætti á valið má nefna almenna umræðu í samfélaginu um búsetufyrirkomulag barna eftir skilnað, tillögur um endurskoðun á barnalögum sem hafa verið í brennidepli undanfarið og jafnframt er hér um að ræða brennandi mál innan félagsráðgjafarinnar. Rannsakandi hafði auk þess persónulega reynslu sem fullorðið skilnaðarbarn, en þó ekki af því fyrirkomulagi sem hér var rannsakað, þ.e. jafnri búsetu. Það er einlægt mat rannsakanda að skoðanir hans og viðhorf hafi ráðið nokkru við efnisval, en ekki haft áhrif á úrvinnslu eða niðurstöður rannsóknarinnar.

Hið yfirgnæfandi jákvæða viðhorf viðmælenda í rannsókninni til jafnrar búsetu kom nokkuð á óvart þar sem um er að ræða búsetuform sem hefur verið mjög umdeilt í samfélaginu og mikil umræða verið um undanfarið. Á hinn bóginn hafa þátttakendur rannsóknarinnar valið sjálfir þetta fyrirkomulag og því líklegt að þeirra viðhorf sé jákvæðari en annarra. Jafnframt var um nokkuð einsleitan hóp foreldra að ræða og gáfu þeir sjálfir kost á sér til þátttöku í viðtalsrannsókn um skilnaðarmál. Gæti það hafa haft einhver áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar.

5.3 Framkvæmd og úrvinnsla

Upphaflegur undirbúningur rannsóknar hófst í ársbyrjun 2008, með gagnasöfnun og viðtölum við foreldra vegna viðtalsrannsóknar um fjölskyldu og kynslóðatengsl í kjölfar skilnaðar, sem sagt er frá í inngangi. Eiginleg vinna við rannsókn þessa hófst í upphaf árs 2009 eftir að endanleg hugmynd um vinnslu lokaverkefnið hafið verið mótuð og henni lauk í nóvember sama ár.

Við val á þátttakendum í rannsóknina var stuðst við markmiðsúrtak, en slíkt felur í sér að rannsakandi beitir dómgreind sinni til að velja úrtak sem hæfir markmiði

rannsóknar og því sem á að rannsaka (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2003). Þátttakendur voru valdir á þeim forsendum að þeir væru, á þeim tíma sem viðtölin fóru fram, að upplifa það að eiga barn í jafnri búsetu og væru tilbúnir að deila reynslu sinni með rannsakanda. Að viðmælendur væru fráskildir foreldrar, með barn á aldrinum fimm til níu ára. Af þeim 16 fjölskyldum sem tóku þátt í umfangsmikilli viðtalsrannsókn um fjölskyldu og kynslóðatengsl voru fimm fjölskyldur sem uppfylltu ofangreind skilyrði. Foreldrar voru því valdir úr þessum hópi til þátttöku í rannsókninni. Haft var samband símleiðis við fjóra þátttakendur eftir að hafa fengið ábendingar um stöðu þeirra frá fagaðilum (kennara og félagsráðgjafa) og foreldrarnir samþykkt að gefa kost á sér í viðtal. Sex þátttakendanna höfðu sjálfir gefið kost á sér í viðtalsrannsókn eftir að hafa tekið þátt í víðtækri símakönnun um sameiginlega forsjá (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008). Þá var spurt hvort fráskildir foreldrar vildu gefa kost á sér í frekari rannsókn um skilnaðarmál. Foreldrunum var í kjölfarið sent bréf og þakkað fyrir að hafa gefið kost á sér í frekari rannsókn. Nokkru síðar var einnig haft samband við þá símleiðis til að staðfesta samþykkið og ákveðinn staður og stund til þess að framkvæma viðtalið.

Tekin voru tíu hálfstöðluð einstaklingsviðtöl. Það felur í sér að viðfangsefnið er skoðað opinskátt. Rannsakandi leiðir samtalið með stuðningi spurningavísis, en viðmælendur nota eigin orð til að tjá sig út frá eigin sjónarhorni (Esterberg, 2001). Tvö viðtöl fóru fram í janúar og febrúar 2008, en átta viðtöl fóru fram á tímabilinu febrúar til júní 2009. Viðtölin voru að jafnaði 40 til 60 mínútur á lengd og voru tekin upp á upptökutæki með samþykki viðmælenda og afrituð orðrétt að því loknu. Staðsetning viðtalanna var val viðmælenda hverju sinni, en viðtölin fóru annað hvort fram í Háskóla Íslands eða á heimili eða vinnustað viðmælenda.

Í viðtölunum studdist rannsakandi við spurningavísi (sjá fylgiskjali 1). Notast var við grunnvísi úr fyrri rannsókn um skilnaðarbörn og kynslóðasamskipti sem svo var aðlagður að rannsóknarþurningunni. Aukin áhersla var því lögð á reynslu og sýn viðmælenda af jafnri búsetu. Styrkleikinn við að beita grunnvísi er að slíkt gefur forsendur til samanburðar. Þátttakendur voru spurðir um skilnaðartímabilið, eigin reynslu og upplifun af fyrirkomulagi samvistanna, aðlögun og líðan barna þeirra og að lokum tengsl og samskipti innan fjölskyldunnar fyrir og eftir skilnað. Jafnframt voru fengnar lýðfræðilegar upplýsingar um hvern viðmælenda (sjá fylgiskjal 2).

Úrvinnsla og greining gagna hófst að lokinni gagnaöflun sumarið 2009. Rannsóknargögnin voru greind í fyrirfram ákveðin efnissvið samkvæmt markmiðum rannsóknarinnar og sem jafnframt endurspeglar rannsóknaspurninguna sem lagt var upp með í upphafi. Þá voru viðtölin greind á þann hátt að þau voru lesin ítrekað í þeim tilgangi að dýpka skilning rannsakanda af upplifun og reynslu þátttakenda af rannsóknarefninu. Rannsakandi skoðaði sérstaklega þá þætti sem þátttakendur áttu sameiginlega og voru einkennandi fyrir þennan foreldrahóp.

Rannsóknargögnin greindust í fjögur efnissvið eftir þeim megin atriðum sem rannsakandi spurði um í viðtölunum samkvæmt spurningavísi. Hvert efnissvið greindist í tvo til þrjá þætti eftir innihaldi viðtalanna, en nánar er fjallað um þá greiningu í rannsóknarniðurstöðunum hér að neðan. Efnissvið rannsóknarinnar voru eftirfarandi: (i) *samband foreldra*, (ii) *reynsla foreldra af jafnri búsetu*, (iii) *breytingar í lífi barna* og (iv) *fjölskyldutengsl*. Í framsetningu á niðurstöðum sem birtar eru í kafla sex má sjá hvernig efnissviðin gáfu misjafnlega mikla umfjöllun í viðtölunum. Því er úrvinnsla og tilvitnanir í þau svið sem mikil umfjöllun var um efnismeiri heldur en í þau svið sem höfðu minna vægi í viðtölum við þátttakendur.

Allar rannsóknir hafa einhvers konar takmarkanir. Hér skal hafa í huga að byggt var á eigindlegum rannsóknaraðferðum og því má telja til takmarkana að þátttakendur rannsóknarinnar voru fáir og því ekki hægt að alhæfa niðurstöðurnar yfir á stærri hóp foreldra. Jafnframt gáfu foreldrarnir sjálfir kost á sér til þátttöku sem gæti haft einhver áhrif á samsetningu hópsins. Niðurstöðurnar gefa engu að síður skýra mynd af stöðu foreldra sem eiga börn sem búa við jafna búsetu.

5.4 Þátttakendur

Þátttakendur rannsóknarinnar voru sem fyrr segir tíu fráskildir foreldrar barna sem búa við jafna búsetu hjá báðum foreldrum. Um var að ræða fimm foreldrapör (fyrirverandi maka) sem áttu hvert, eitt barn saman. Þátttakendur eru aðgreindir í niðurstöðunum eftir fjölskyldu þar sem hvert foreldrapar hefur fengið númer frá einum og upp í fimm. Foreldrarnir hafa svo verið aðgreindir sem Faðir annars vegar og Móðir hins vegar. Þannig eru þátttakendur með eftirfarandi gervinöfn í rannsóknarniðurstöðunum: *Faðir 1, Móðir 1, Faðir 2, Móðir 2, Faðir 3, Móðir 3, Faðir 4, Móðir 4, Faðir 5 og Móðir 5*.

Foreldrarnir í rannsókninni voru á aldrinum 25 til 45 ára, flest voru í kringum 35 ára aldurinn. Börn þeirra, sem voru samtals fimm, voru á aldrinum sex til átta ára þegar rannsóknin var framkvæmd. Í þeim hópi voru tveir drengir og þrjár stúlkur. Foreldrarnir höfðu slitið samvistum eða skilið á árunum 2002 til 2008. Hér er þó ekki greint á milli skilnaðar og sambúðarslita. Börnin voru á aldrinum eins árs til sex ára, en flest í kringum þriggja ára aldurinn þegar skilnaðurinn varð. Foreldrarnir fóru allir sameiginlega með forsjá barns síns og barnið bjó í jafnri búsetu, þ.e.a.s. það dvaldi í viku hjá öðru foreldrinu og viku hjá hinu. Meiri hluti foreldraparanna skiptust á að hafa skráð lögheimili barnsins, en í tveimur tilvikum var lögheimilið alltaf hjá móður. Flestir foreldrarnir voru komnir í nýtt samband (8 af 10) og meiri hluti þeirra bjó með núverandi maka. Aðeins þrír foreldrar höfðu eignast börn með núverandi maka. Eitt foreldri átti börn úr fyrra sambandi og fjórir foreldrar eignuðust stjúp börn eftir að hafa farið í nýtt samband.

Menntunarstig foreldranna var nokkuð hátt, meiri hluti þeirra hafði lokið háskólaprófi (6 af 10) eða stúdentsprófi (3 af 10). Foreldrarnir voru allir búsettir á höfuðborgarsvæðinu og áttu flestir eigið húsnæði (8 af 10). Flestir bjuggu í sérbýli og aðrir í blokkaríbúð. Stærð húsnæðis var mjög misjöfn hjá foreldrum, eða á bilinu 50 til 200 fermetrar að stærð. Lang flest foreldranna voru útvinnandi (9 af 10) og af þeim unnu flestir meira en fulla vinnuviku, þ.e. yfir 40 klst. á viku.

6 Niðurstöður: Jöfn búseta barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað

Þessi kafli snýr að helstu niðurstöðum rannsóknarinnar. Greint er frá niðurstöðum viðtala við tíu frásékilda foreldra sem eiga það sameiginlegt að vera með börn sín í jafnri búsetu (viku-viku) á heimilum sínum eftir skilnað. Innihald viðtalanna var, eins og fram kom í umfjöllun um framkvæmd rannsóknar hér að framan, skipt upp í efnissvið með hliðsjón að rannsóknarspurningunni. Efniviður rannsóknarinnar var greindur í fjögur eftirfarandi efnissvið: (i) *samband foreldra*, (ii) *reynsla foreldra af jafnri búsetu*, (iii) *breytingar í lífi barna* og (iv) *fjölskyldutengsl*. Hvert svið var greint í ákveðna þætti sem eru gerð skil hér að neðan. Teknar eru saman helstu niðurstöður viðtalanna og fjallað um reynslu þessara foreldra. Til skýringar og dýpkunar eru beinar tilvitnanir í viðtölin. Niðurstöðurnar byggja á upplýsingum sem fram komu á þeim tíma sem viðtölin voru tekin en þau fóru fram á rúmlega eins árs tímabili (samanber framkvæmd rannsóknar hér að framan).

Með það markmið að svara rannsóknarspurningunni var lögð áhersla á það í viðtölunum að ná fram upplifun viðmælenda af skilnaði, ásamt sýn þeirra og reynslu af jafnri búsetu og samskiptum og tengslum innan fjölskyldunnar. Frásagnir foreldranna voru mjög lýsandi og gáfu athyglisverða mynd af samvistum þessa hóps foreldra og barna sem búa við jafna búsetu eftir skilnað.

6.1 Samband foreldra

Foreldrar voru spurðir um samband sitt við fyrrverandi maka fyrir skilnað, á skilnaðartímabilinu og eftir skilnað. Greina mátti ákveðna þróun í sambandi foreldranna, frá ágreiningi og ósætti, eða vanlíðan, yfir í samvinnu sem helgast af því að ala upp sameiginlega og tryggja hagsmuni sameiginlegs barns.

Fyrsta efnissvið rannsóknarinnar fjallar, eins og áður segir, um *samband foreldra* og greindist það í tvö þætti. Fyrst er umfjöllun um *skilnað og ráðgjöf*. Þar fékkst sýn foreldranna á skilnaðartímabilið, vitneskju fjölskyldumeðlima á þeim tíma sem skilnaðurinn fór fram og skilnaðarráðgjöf. Þá er fjallað um *samskipti og*

samvinnu, en það speglar sýn foreldranna á það hvernig samskipti þeirra voru eftir skilnað og hvernig þeim vegnaði í foreldrasamvinnu.

6.1.1 Skilnaður og ráðgjöf

Viðmælendur rannsóknarinnar, þ.e. foreldrarnir tíu, sóttu um skilnað eða slitu samvistum á árunum 2002 til 2008. Um er að ræða fimm mismunandi aðstæður og ástæður fyrir skilnaðinum. Hér verður ekki farið nánar í ástæður þess að ákvörðun var tekin um skilnað. En þegar á heildina er lítið voru þeir flestir tilfinningalega erfiðir, en þó lítið um innbyrðis átök milli foreldra. Viðmælendur töldu flestir að eftir á að hyggja hefði skilnaðurinn verið óhjákvæmilegur og að nýtt jafnvægi sé komið á í lífi fjölskyldumeðlima eftir skilnaðinn. Móðir 1 sagði að margföld hamingja hefði hlotist af skilnaðinum og móðir 3 talaði um að allir fjölskyldumeðlimir hefðu blómstrað eftir skilnaðinn.

Hvert foreldrapar átti eitt barn saman, börnin voru á aldrinum 1 árs til 6 ára þegar skilnaðurinn varð. Það er því misjafnt hversu miklir þátttakendur börnin voru eða hve meðvituð þau voru um skilnaðarferlið meðan á því stóð og má helst rekja það til aldurs og þroska barnanna. Flest barnanna voru mjög ung, undir þriggja ára aldri, þegar skilnaðurinn varð. Telja foreldrar þeirra að þau eigi fáar minningar af foreldrum sínum sem pari og muni ekki eftir skilnaðartímabilinu sem slíku. Faðir 3 sem átti þriggja ára barn þegar foreldrarnir skildu sagði:

*Hann var það ungur að hann tók þessu bara sem heilögum sannleika
... þetta var ekkert sem hann var að mótmæla eða neitt slíkt ...
[seinna] jukust spurningarnar, svona almennt um þessi mál.*

Allir foreldrarnir virtust hafa einbeitt sér sérstaklega að því að koma barni sínu sem best í gegnum þennan erfiða tíma í fjölskyldunni og skapa öruggt og gott umhverfi fyrir barnið, eins fljótt eftir skilnað og mögulegt var. Þó svo foreldrarnir væru sum ósátt við aðstæðurnar og framkvæmd skilnaðarins var mjög áberandi í viðtölunum að megin áhersla foreldranna virtist vera á að koma börnum sínum sem best í gegnum skilnaðinn. Móðir 4 sagði:

Það snérist strax um hennar hag ... við settumst bara niður og tókum ákvörðun um að vera almennileg ... hennar vegna. Það hefur svo mikið hjálpað okkur að klára okkar mál.

Varðandi vitneskju annarra fjölskyldumeðlima og vina í skilnaðarferlinu voru fáir viðmælenda sem sögðu þau hafa verið inni málunum. Tvö foreldrapör vildu meina að fjölskyldumeðlimir þeirra (þ.e. foreldrar eða systkini) hefðu verið meðvitað um það sem á gekk í skilnaðarferlinu og tekið afstöðu með eða á móti skilnaðinum. Faðir 4 talaði um að fjölskylda sín hefði fylgst vel með og verið til staðar til þess að hlusta og veita stuðning. Faðir 5 nefndi að fjölskyldan hefði vitað hvað var í gangi og tekið afstöðu í málinu.

Almennt má segja að foreldrarnir í rannsókninni hafi meðvitað ekki blandað öðrum fjölskyldumeðlimum inn í málið þegar þau voru að taka ákvörðun um að skilja og jafnvel að reyna að vinna í sínum málum. Flest sögðu þau foreldrum sínum, þ.e. ömmu og afa barnanna, og öðrum fjölskyldumeðlimum ekki frá skilnaðinum fyrr en eftir að hafa tekið ákvörðun um að slíta samvistum og hvernig fyrirkomulagið yrði háttað gagnvart barninu. Móður 2 sagði í því samhengi:

...Við ákváðum það strax að við myndum ákveða þetta saman, við tvö ... Við erum foreldrar hennar, þetta er okkar ábyrgð og okkar málefni og það erum við sem erum að dila við þetta en ekki þau [amma og afi].

Flest, eða fjögur pör, leituðu sér ráðgjafar eða aðstoðar á skilnaðartímabilinu en með misjöfnum árangri að eigin mati. Nokkrir foreldrar höfðu góða reynslu af skilnaðarráðgjöf og töldu það hafa auðveldað ferlið og eflt foreldrasambandið. Faðir 3 sagði til að mynda:

...Ég mæli tvímælaust með því að fá svona álit frá þriðja aðila.

Einnig voru foreldra pör sem töldu að skilnaðar- eða hjónabandsráðgjöfin hefði komið of seint í ferlinu, ákvörðun um skilnað hafði þegar verið tekin og þau hefðu því ekki verið móttækileg fyrir henni á því stigi ferlisins. Þetta kom helst fram í því að foreldrar

greindu frá því að eftirá að hyggja hefðu þau viljað fara fyrr í ráðgjöf. Faðir 5 komst svo að orði:

Ég hafði aldrei á tilfinningunni að þetta þýddi neitt. Við vorum þarna bara til málamynda, það var mín tilfinning.

Eins kom fram að foreldrar töldu sig ekki hafa þurft á ráðgjöf að halda þar sem samskipti þeirra voru góð og þau voru sammála um að slíta samvistum. Virtust þau því tengja ósætti og ágreining við þörf á ráðgjöf eftir skilnað eða í skilnaðarferlinu. Móðir 2 fékk hvorki ráðgjöf né aðstoð fagaðila og taldi að það hefði ekki breytt neinu í hennar skilnaði:

Ef það hefði verið sko ósátt þá hefði það geta hjálpað mikið til og verið mjög gagnlegt og allt það ... en af því við vorum svo ofboðslega samhliða með þetta þá held ég að það hafi ekki skipt neinu máli í þessu tilfelli.

Í heildina var viðhorf foreldra til skilnaðarráðgjafar jákvætt, hvort sem þau höfðu sóst eftir slíku sjálf eða ekki. Foreldrunum hvorki bauðst né leituðu þau sérstaklega eftir, ráðgjöf varðandi forsjá, búsetu eða umgengni barns síns eftir skilnað. Ef frá er talið staðlað viðtal hjá sýslumanni sem foreldrar höfðu þó misgóða reynslu af. Faðir 1 lýsti reynslu sinni:

Ég man bara eftir þessu, þetta situr í mér, það var nógu erfitt að standa í þessu [skilnaðinum] og ekki bætti þessi [aðili frá sýslumanni] það ... Hennar einu viðbrögð með að við ætluðum að hafa þetta svona [viku-viku] ... hún sagði bara að þetta ætti aldrei eftir að ganga.

6.1.2 Samskipti og samvinna

Eitt miðlægasta viðfangsefni rannsóknarinnar og sem virðist vera gegnum gangandi í öllum viðtölunum felur í sér góða foreldrasamvinnu og jákvæð samskipti milli foreldranna. Öll foreldrapörin tóku meðvitaða ákvörðun eftir skilnað um að leggja til hliðar allan ágreining og átök sín á milli og einbeita sér fyrst og fremst að velferð barns síns. Þetta mátti greina í öllum viðtölunum og töldu flestir viðmælendur góð

samskipti og samvinnu vera undirstöðu þess að þau gætu verið með jafna búsetu barnsins með viku-viku fyrirkomulagi. Foreldrarnir virtust leggja áherslu á að hafa hagsmuni barns sín í fyrirrúmi. Þá kom fram að þeir voru meðvitaðir um mikilvægi þess fyrir barnið að finna og sjá að foreldrarnir gætu átt í góðum samskiptum og unnið saman að uppeldinu. Eftirfarandi eru beinar tilvitnanir í setningar út viðtölunum við foreldrana þar sem þeir lýsa eigin mati á mikilvægi foreldrasamvinnu og vægi hennar fyrir velferð barnsins:

Móðir 1:

...Ég held að það skipti rosalega miklu máli að allir geti hist og talað saman og [barnið] er að sjá sko pabba sinn og stjúppabba, þú veist vera góðir félagar ... og bara okkur sem foreldra.

Faðir 2:

...Hún getur séð það að við [foreldrarnir] getum verið í sama herbergi og talað saman þó að við fluttum í sundur sko.

Móðir 3:

...Við hittumst oft og ... hann hefur aldrei þurft að upplifa nein leiðindi eftir að við skildum. Ég held að það einhvern veginn hafi bjargað öllu.

Faðir 4:

...Það er náttúrulega svolítið óbærilegt að hugsa til þess að manneskja [maki] sem maður er búinn að búa með og eiga samskipti við og er orðin svona mikill vinur manns að það sé ekki hægt að hafa samskipti við hana meira ... Ég held að við höfum bæði litið þannig á það.

Móðir 5:

...Megin ástæðan fyrir því [að það hafi gengið vel] er að við höfum alltaf bara náð að vera ofsa góðir vinir. Við höfum alltaf verið í góðu sambandi, alltaf getað talað um allt ... ég held að það sé bara grunnurinn fyrir að svona geti gengið vel. Ef það er ekki gott á milli

*foreldranna þá held ég að það skili sér alltaf á einhvern hátt ... barnið
finnur það alltaf einhvern veginn óbeint sko.*

Foreldrarnir sömdu um forsjárskipan og fyrirkomulag samvista, þ.e. búsetu, sín á milli. Aðeins eitt par gerði með sér skriflegan samning. Hvergi komu upp deilur varðandi fyrirkomulagið eða þær ákvarðanir sem teknar voru um hagi barnsins eftir skilnað. Faðir 1 sagði í því sambandi:

...Það gengur allt í blússandi samvinnu og hún er ánægð hjá báðum.

Fjögur foreldrapör bjuggu í sama skólahverfi og höfðu samið um að gera það áfram til þess að auðvelda barninu að fara á milli foreldranna og viðhalda sambandi við vini sem og að efla foreldrasamstarfið. Faðir 5 sagði um ákvörðun foreldranna að búa í saman skólahverfi:

*Maður náttúrulega reynir að finna bestu lausnina gagnvart honum.
Hann er náttúrulega númer eitt í þessu og hefur alltaf verið hjá okkur.*

Foreldrarnir sóttu flestir foreldrafundi og aðra viðburði í skóla, leikskóla eða frístundastarfi barnsins saman. Þau virtust telja það mikilvægt til þess að vera bæði meðvituð um það sem gerist í lífi barnsins. Foreldrapörin leituðu flest til hvors annars þegar þau vantaði þösson fyrir barnið. Nokkur pör gerðu með sér samkomulag um að leita alltaf fyrst til hvors annars og hjá öðrum hafði það þróast þannig. Bæði vegna þess að samskiptin voru góð og að þau bjuggu nálægt hvort öðru og því hagkvæmt fyrir þau. Þá kom fram í öllum viðtölunum að þegar eitthvað var um að vera hjá hinu foreldrinu (eins og afmæli, fjölskylduboð eða aðrir viðburðir) var það foreldri sem barnið dvaldi hjá þá vikuna viljuga að láta það af hendi til þess að barnið þyrfti ekki að missa af. Þetta sýnir að gott samkomulag og traust ríkir almennt á milli þessara foreldra.

Varðandi samkomulag foreldranna um að fá barnið lánað þegar eitthvað var um að vera hjá hinni fjölskyldunni sagði móðir 3 eftirfarandi:

...Við höfum alltaf verið rosalega líbó með það ... Ef eitthvað er um að vera þá fer ég bara og næ í hann og skila honum þremur tímum seinna ... og hann gerir það líka mín megin.

Nokkrir foreldrar greindu frá því að þegar nýir makar hefðu komið til sögunar hefði tekið þá tíma að venjast því góða sambandi sem núverandi maki þeirra átti við fyrrverandi maka, þ.e. barnsföður eða -móður. Í einhverjum tilvikum skapaði þetta óöryggi og erfiðleika í fyrstu, en varð aldrei langvarandi vandamál hjá neinum. Móðir 4 tjáði sig um núverandi maka barnsföður síns og sagði:

...Hún er mjög skilningsrík gagnvart þessu ... Hún gerir sér grein fyrir því að hún er komin í sambúð með manni sem á barn og er í mjög góðum tengslum við sína fyrrverandi.

Í viðtalsgögnunum mátti greina að jafnræði ríkti á milli foreldraparanna. Þau tóku flest jafnan þátt í uppeldi barns sín fyrir skilnað. Faðir 3 sagði varðandi jafnræði á umönnun barnsins fyrir skilnað:

Við vorum alveg jafn mikið með hann og allt svoleiðis áður en við skildum þannig að það var ekkert breyting þannig séð.

Hvergi kom fram greinileg skipting á hlutverkum innan heimilisins varðandi barnið. Þrjár mæður töldu barnið hafa verið sérstaklega háð föður sínum fyrir skilnað. Foreldrarnir voru allir mjög ákveðnir í að láta foreldrasamvinnuna ganga vel. Móðir 4 sagði í því samhengi:

...Við byrjuðum á þessum grunni og ætlum að klára verkefnið saman, þangað til [barnið] getur ákveðið hvað það vill sjálf.

Helst mátti greina erfiðleika í samskiptum eða samvinnu foreldranna í kringum jól og stórhátíðir, þ.e. þegar breyta þurfti útaf fyrirkomulagi samvistanna. Faðir 1 sagði í því samhengi:

...Við förum alltaf í svona talningarkeppni einu sinni á ári ... í kringum jólin.

Hvergi voru þó meiriháttar ósætti eða erfiðleikar varðandi þær breytingar sem gera þurfti á fyrirkomulaginu á þessum tímum. Nokkur foreldrapör vildu meina að þessi tími hefði verið sérstaklega erfiður fyrstu árin eftir skilnaðinn, en þegar reynsla komst á skipulagið, og um leið og barnið og foreldrarnir urðu betur aðlöguð, gekk vel að skipulegga jól og stórhátíðir í sátt og samvinnu.

Foreldrarnir voru meðvitaðir um að einn mikilvægasti þátturinn í því að koma barni sínu áfallalaust í gegnum skilnaðinn væri samvinna og góð samskipti þeirra á milli. Vildu nokkur þeirra meina að samskiptin hefðu gengið betur eftir skilnaðinn heldur en meðan þau voru enn par, eins og móðir 3 komst að orði:

...Góð samskipti koma ekkert að sjálfu sér ... maður þarf náttúrulega að hafa fyrir því ... það þarf að æfa og vanda samskipti sín ... fyrrverandi maki þinn er ekki lengur maki.

6.2 Reynsla foreldra af jafnri búsetu barna

Foreldrarnir voru sérstaklega spurðir útí fyrirkomulag samvistanna. Þá var fjallað um forsjá, umgengni og lögheimilisskipan og reynslu foreldranna af þeim þáttum. Reynsla þeirra af jafnri búsetu virðist í heildina mjög jákvæð og kom það fram í því að þau höfðu trú á því að það sé besta lausnin fyrir þau og barn þeirra til þess að tryggja stöðugar samvistir. Þau hafa þó fundið fyrir bæði neikvæðu og jákvæðu viðhorfi annarra til jafnrar búsetu. Fram kemur greinileg breyting á samvistum viðmælenda við börn sín. Rekja má þessa breytingu til þess að foreldri er með barn sitt aðra hverja viku og ekkert þess á milli.

Þetta efnissvið rannsóknarinnar *reynsla foreldra af jafnri búsetu barna* greinist í þrjá þætti. Fyrst er fjallað um *tilhögun samvistanna* þar sem greint er frá uppbyggingu fyrirkomulagsins og skiptunum, þ.e. þegar barnið fer á milli foreldranna. Svo er fjallað um *upplifun og viðhorf til fyrirkomulagsins*, þar er skoðuð reynsla foreldranna af fyrirkomulaginu. Að lokum er umfjöllun um *samvistir foreldra og barna* og breytingar sem hafa orðið á samvistunum eftir skilnað.

6.2.1 Tilhögun samvistanna

Allir foreldrarnir höfðu sameiginlega forsjá með barni sínu og jafna búsetu, enda var það ein megin forsendan fyrir þátttöku í rannsókninni. Öll voru þau með svokallað viku- viku fyrirkomulag þar sem barnið dvaldi í viku hjá öðru foreldrinu og svo í viku hjá hinu. Eitt foreldraparanna var þó með örlítið frábrugðið fyrirkomulag en þó gisti barnið alltaf í viku hjá hvoru foreldri í senn en var í samvistum við hitt foreldrið og borðaði hjá því kvöldmat þrjá daga í viku. Þetta var gert til þess að ekki liði of langur tími á milli þess sem barnið hitti hvort foreldri, en þeim þótti gallinn við viku- viku fyrirkomulag vera að þau sæju ekki barnið í heila viku í senn og leystu það því á þennan máta.

Varðandi lögheimili barnsins skiptust þrjú pör á að vera með skráð lögheimili. Þá var móðirin með skráð lögheimili barnsins annað árið og faðirinn hitt árið. Hjá tveimur foreldrapörum var lögheimili barns hins vegar alltaf skráð hjá móður. Foreldrarnir voru flestir hlyntir því að barn gæti átt tvö lögheimili (en slíkt er ekki heimilt hér á landi, samanber umfjöllun í kafla tvö). Faðir 4 sagði:

Við viljum að barnið okkar geti átt tvö lögheimili af því það náttúrlega á tvo foreldra.

Nokkrir foreldrar höfðu lent í erfiðleikum vegna lögheimilisskipan og ekki getað skráð barn sitt í frístundastarf, né nálgast upplýsingar um það þar sem lögheimilið var skráð hjá hinu foreldrinu á þeim tíma. Móðir 1 lýsti reynslu sinni á eftirfarandi hátt:

...Ég lenti í því tvisvar, ef ekki þrisvar í samskiptum við borgaryfirvöld að mér var sagt að ég væri ekki með forræði yfir barninu mínu ... Við eigum bæði að geta ráðstafað tíma eða skráð hana í hitt og þetta en það er bara ekki raunin.

Fjögur foreldrapör höfðu fellt niður meðlagsgreiðslur en í einu tilviki greiddi faðir meðlag. Öll foreldrapörin skiptu með sér öllum greiðslum og kostnaði til framfærslu barnsins.

Skiptin, þ.e. þegar barnið fór frá öðru foreldrinu til hins, fóru fram annað hvort á mánudögum eða föstudögum. Í flestum tilvikum fóru skiptin fram í skóla barnsins

með þeim hætti að það foreldri sem barnið var hjá þá vikuna fór með það í skólann og það foreldri sem tók við næstu viku sótti barnið í skólann. Faðir 1 sagði eftirfarandi í sambandi við skiptin:

...Það er miklu auðveldara að skiptin verða á menntasvæðinu. Þá kemur hún að morgni og bara er þar og fer síðan ... þá er hún ekkert að skilja við mig eða mömmu sína ... sá viðskilnaður gerðist alveg átta tímum áður eða eitthvað svoliðis.

Í einu tilviki fóru skiptin fram á heimili þess foreldris sem hafði barnið vikuna áður og hitt foreldrið kom inná heimilið og sótti barnið þangað. Móðir 4 sagði í því samhengi:

...Við höfum ekki svona "dropzone" á henni, við ákváðum það.

Börnin voru í öllum tilvikum með aðstöðu hjá báðum foreldrum sínum. Jafnframt var algengast að allur megin aðbúnaður fyrir barnið, eins og t.d. föt, dót og hreinlætisvörur, væru til staðar á báðum heimilunum. En í flestum tilvikum var einungis til eitt sett af einstaka hlutum, eins og útifötum, íþróttafötum, skólatösku og tónlistardóti. Fylgdi það börnunum þegar þau fóru á milli. Þá var nokkuð um að foreldrarnir færu saman og keyptu þessar dýrari flíkur, eins og t.d. snjógalla eða úlpu. Börnin voru yfirleitt ekki látinn bera hluti á milli sjálf heldur komu foreldrarnir þeim frekar á milli eftir þörfum. Hjá nokkrum foreldrapörunum hafði það tekið einhvern tíma að þróast þannig að barnið ætti alla hluti á báðum stöðunum. Höfðu þau því farið með aðbúnað barnsins á milli til að byrja með. Faðir 5 sagði:

...Framan af þá átti hann bara eitt sett af fötum ... Ég var bara með skúffu hjá mér, þetta var bara allt sett ofaní tösku á föstudegi og komið með ... en núna er þetta þannig að hann á orðið meira sitt á hvorum staðnum.

Í öllum tilvikum höfðu foreldrarnir verið með jafna búsetu barns síns og viku- viku fyrirkomulag frá því að þau slitu samvistum. Fæstir sáu fram á að breyting yrði á fyrirkomulaginu á næstunni, en nokkrir gáfu þó þann fyrirvara á að ef annað foreldrið myndi flytja í burtu þyrfti að endurskoða fyrirkomulagið. Eins þegar barnið yrði eldri

og ef það óskar sjálft eftir breytingum. Nokkrir sáu fyrir sér að þróunin gæti orðið á þann hátt að þegar barnið yrði eldra myndi það jafnvel dvelja tvær vikur í senn á hvoru heimili og þá samt sem áður halda jafnri búsetu hjá báðum foreldrum. Móðir 5 sagði í því samhengi:

...Þegar hann verður eldri þá verður þetta kannski ekki eins niðurnjörvað og þá bara skoðar maður það þá.

Í flestum tilvikum var um nokkurn sveigjaleika á fyrirkomulaginu að ræða. Þó börnin dveldu hjá öðru foreldrinu viku í senn, voru þau flest í samskiptum við hitt foreldrið á því tímabili. Foreldrarnir sögðu allir að barn þeirra væri alltaf viljugt að fara í dvöl hjá hinu foreldrinu og mjög sjaldan kæmu upp erfiðleikar varðandi skiptin eða fyrirkomulagið í heild. Móðir 4 sagði að það væri alltaf mögulegt fyrir barnið að vera í samskiptum við það foreldri sem það var ekki hjá þá vikuna:

...Svo má hún líka hringja og fara í heimsókn ef hún vill ... ef það er í lagi sko, báðu megin og ef það er eitthvað.

6.2.2 Upplifun og viðhorf til fyrirkomulagsins

Í heildina eru þeir tíu foreldrar sem talað var við í rannsókninni mjög jákvæðir í garð jafnrar búsetu barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað. Þau hafa öll haft það fyrirkomulag frá upphafi og eru sátt með hversu vel hefur gengið. Varðandi þá ákvörðun að taka upp viku- viku fyrirkomulag eftir skilnað voru lang flestir sammála um að ekkert annað hefði komið til greina. Þau höfðu öll tekið þessa ákvörðun mjög fljótt á skilnaðartímabilinu. Faðir 4 lýsti því þegar barnsmóðir hans ræddi fyrst við hann um fyrirkomulag samvistanna á eftirfarandi hátt:

...Já við verðum að skiptast á að vera með barnið og þá var ég búinn að sjá það út að það væri það bara eðlilegt og ég sagði bara strax já við því.

Þrátt fyrir löngun foreldranna til þess að vera með barn sitt öllum stundum og geta tekið ákvarðanir um líf þess án þess að þurfa að bera það undir annan aðila á öðru heimili, virtust þau vera mjög meðvituð um rétt barnsins til þess að umgangast báða

foreldra til jafns. Þau töldu hefðbundið umgengnisfyrirkomulag (þ.e. önnur hver helgi) ekki sanngjarnt fyrirkomulag gagnvart barninu né því foreldri sem yrði með svo takmarkaða umgengni við barn sitt. Eftirfarandi eru beinar tilvitnanir í viðtöl við foreldrana sem lýsa upplifun þeirra af fyrirkomulaginu:

Faðir 1:

Ég held að þetta sé best svona jafnt, því annars fer þetta að verða svona, annað foreldrið fer þá að verða bara svona stuðnings foreldri og hitt er aðal.

Móðir 2:

...Okkur bar saman um þetta ... honum fannst algjörlega fráleitt að fara að hitta barnið sitt einhverja fjóra daga í mánuði og ég var alveg sammála honum með það.

Móðir 3:

...Það kom ekkert annað til greina hjá okkur ... Við vorum bara bæði í þeirri stöðu að við yrðum að skipta til helminga, annað væri ósanngjarnt. Við erum bæði svona 'aktív' gagnvart öllu sem tengist honum.

Faðir 4:

Ég held að það hafi ekki verið hægt að taka betri ákvörðun en það að hafa hana hjá okkur í viku og viku ... Hún á tvö heimili og það er hvorutveggja heimili og hefur alltaf verið.

Faðir 5:

Ég sé enga galla við þetta ... Það hafa allir leikskólakennarar og kennarar þar sem við förum í foreldraviðtöl ... hrósað þessu rosalega.

Þeim foreldrum sem bjuggu í sama skólahverfi (8 af 10) fannst mikilvægt að barnið skipti ekki um umhverfi eða vinahóp þegar það færi á milli heimila og væri ávallt í nágrenni við skólann sinn. Mæðurnar greindu frekar frá því að það hefði tekið þær nokkurn tíma að venjast fyrirkomulaginu í upphafi og áttu frekar erfitt með að láta

barnið frá sér til að byrja með. Hins vegar virtist það venjast fljótt og voru allir foreldrarnir sammála um að fyrirkomulagið væri sanngjarnt gagnvart öllum aðilum. Það væri það besta í stöðunni. Aðspurð um hver ástæðan væri fyrir því að svo vel gengi að vera með jafna búsetu barns hjá báðum foreldrum svaraði móðir 5:

Af því að við erum alltaf að vanda okkur ... og höfum alltaf verið í góðu sambandi.

Foreldrarnir greindu bæði frá jákvæðu og neikvæðu viðmóti annarra út í fyrirkomulagið. Faðir 3 sagði í því samhengi:

...Það er til fólk sem er neikvætt út í þetta og jafnvel fussar yfir þessu ... Mér finnst það kannski meira vera eldra fólk ... eða jafnvel ungt fólk sem kaus að gera eitthvað annað.

Móðir 1 talaði, eins og fleiri viðmælendur, um efasemdir fagfólks út í fyrirkomulagið. Sérstaklega fundu þau fyrir þessu í upphafi og áður en reynsla komst á það hjá foreldrunum:

...Ég hef samt einhvern veginn aldrei fengið nákvæmlega af hverju, nema bara þetta að barnið verði að vera með rætur á einhverjum stað.

Móðir 3 lýsti einnig ákveðnum fordómum sem hún varð vör við þegar hún og barnsfaðir hennar byrjuðu með viku-viku fyrirkomulag og segist stundum finna fyrir því enn. Þá helst frá þeim sem ekki þekkja til og hafa enga reynslu af jafnri búsetu barna. Þetta má tengja jafnréttis umræðunni í þjóðfélaginu:

...Við náttúrulega mættum rosalega miklum fordómum gagnvart þessu ... að ég væri ekki hæf móðir fyrst að ég væri tilbúin að láta barnið mitt frá mér í viku í senn ... en á móti kemur að barnsfaðir minn, hann var bara ofurpabbi sko.

Einnig kom fram jákvætt viðmót annarra í garð fyrirkomulagsins. Margir foreldranna vildu meina að þeim hefði mikið verið hrósað fyrir fyrirkomulagið og hversu vel það

hefði gengið, bæði frá almenningi og fagfólki. Þá sérstaklega aðilum sem störfuðu náið með barninu, eins og kennarar eða þjálfarar.

Svo virðist sem mæðurnar í rannsókninni hafi átt erfiðara með að aðlagast fyrirkomulaginu, þær höfðu í einhverjum tilvikum efasemdir gagnvart því í upphafi en á sama tíma vildu þær að börnin væru í miklum samvistum við föður sinn og því skapaðist togstreita. Móðir 5 sagði:

...Við erum sátt við þetta ... sérstaklega ég, af því ég hélt að þetta yrði svo mikið róleysi, mér fannst að hann þyrfti að eiga svona heimili á einum stað ... En svo náttúrulega vildi maður að hann fengi sinn tíma með pabba sínum, bara "full time".

Eins og áður segir virtust breytingarnar taka meira á mæðurnar. Þær töluðu frekar um að það hafi tekið þær tíma að venjast því að sjá barnið ekki í heila viku. Móðir 5 sagði í því samhengi:

Þetta var náttúrulega þvítík breyting ... Fyrsta árið mitt var náttúrulega bara skelfilegt ... ég sat bara aðra hvora viku barnlaus ... ég vissi ekkert hvað ég átti að gera ... Það tók mig allavega eitt ár að fatta það að ég gæti alveg gert eitthvað með góðri samvisku.

Foreldrarnir tíu í rannsókninni töldu að jöfn búseta barna og viku-viku umgengni væri hentugasta fyrirkomulagið og best til þess fallið að tryggja hagsmuni barna og foreldra eftir skilnað. Þau virtust leggja mikla áherslu á mikilvægi þess að barnið hefði kost á að viðhalda samskiptum og samvistum við báða foreldra sína og töldu sig því vera að fara réttu leiðina. Móðir 1 sagði frá eigin upplifun á þeirri ákvörðun að taka upp jafna búsetu eftir skilnað á eftirfarandi hátt:

...Ég er alltaf jafn hissa á konum sem ganga einhvern veginn út frá því að tengslin við barnið skipti þabann eitthvað minna máli ... Við gátum hvorugt hugsað okkur að sjá af henni, aldrei, og ef ég hefði lent í því að hitta hana bara aðra hverja helgi, ég hefði bara dáið og það sama gildir auðvitað með pabbana.

Varðandi neikvæðar hliðar á jafnri búsetu barna hjá báðum foreldrum, kom fram að foreldrarnir í rannsókninni töldu fyrirkomulagið hafa litla sem enga galla og sögðust ekki vilja hafa það neitt öðruvísi. Hins vegar mátti greina í viðtölunum að foreldrunum fannst viss ókostur að sjá barnið ekki í heila viku þegar það var hjá hinu foreldrinu. Þeim fannst þau þurfa að nýta tímann sem þau höfðu með barninu sérstaklega. Þau höfðu í einhverjum tilvikum áhyggjur af því hvaða áhrif fyrirkomulagið hefði á aðra fjölskyldumeðlimi, eins og systkini barnanna, stjúpforeldra/nýja maka eða ömmu og afa barnanna.

6.2.3 Samvistir foreldra og barna

Úr viðtalsgögnunum mátti greina að margvíslegar breytingar hefðu orðið á samvistum foreldra í rannsókninni og barna þeirra eftir skilnað. Foreldrarnir greindu frá því að eftir að hafa tekið upp viku-viku fyrirkomulag hafi þau farið að skipuleggja tíma sinn öðruvísi en áður. Nokkuð var um að foreldrarnir ynnu hlutfallslega færri vinnustundir þá viku sem barnið var í þeirra umsjá og að sama skapi skipulögðu þau persónulegar frístundir sínar, þ.e. án barna, þá viku sem barnið dvaldi hjá hinu foreldrinu. Móðir 1 sagði:

...Ég jafnvel skipulegg tímann þannig að ef við erum að fara eitthvað í frí án barna þá reyni ég að gera það þá vikuna sem hún er ekki hjá mér. Þannig að ég fái að vera með henni þegar hún er hjá mér.

Þessar breytingar á tímaskipulagi foreldranna urðu til þess að flest barnanna fóru mun sjaldnar í pössun til ættingja eða vina heldur en fyrir skilnað þar sem foreldrarnir skipulögðu sig þannig að þau þyrftu ekki á pössun að halda. Faðir 5 sagði í því samhengi:

...ég lét hann voða lítið í pössun. Ég var náttúrulega ekki með hann nema eina viku og þá var ég bara með hann sko ... Af því maður er með hann stutt þá er maður bara soldið fókuseraður á hann.

Foreldrarnir töluðu um hvernig samverustundir þeirra með barninu hefðu breyst. Þau urðu eigingjarnari á tímann með barninu og fóru að nýta samvistir sínar með barninu

öðruvísi. Faðir 2 talaði um að hann hefði eytt meiri tíma með dóttur sinni eftir skilnað og að samvistir þeirra væru öðruvísi en þær voru:

...Þetta er meira svona okkar tími.

Flestar mæðurnar í rannsókninni sögðust finna fyrir því að þær höfðu takmarkaðari tíma með barni sínu eftir að nýja fyrirkomulagið komst á. Kom þetta m.a. fram í því að þær sögðust hafa farið að einbeita sér meira eða á annan hátt að barninu og þeirra samverustundum en fyrir skilnað og fóru að nýta tímann öðruvísi fyrir vikið. Jafnframt kom fram að vegna fyrirkomulagsins hefðu sumir foreldrar ósjálfrátt látið meira eftir barni sínu heldur en áður. Móðir 3 sagði:

Þegar maður er svona rosalega mikið að nýta alltaf tímann að vera með honum ... þá kannski er ég farin að finna fyrir því núna ... það kemur svo sjaldan dauð stund ... þetta er náttúrulega bara útaf þessu tímaleysi sem ég hef með honum ... Þetta er kannski ekki nógu svona afslappað alltaf.

Foreldrarnir virðast flestir miða líf sitt við fyrirkomulag samvistanna og ráðstafa tíma sínum eftir því hvort þau séu með barnið eða ekki. Móðir 2 sagði í því samhengi:

...Ég held að maður sé líka meðvitaður um þann tíma sem maður hefur með börnunum sínum þegar maður hefur bara helminginn af tímanum ... Maður nýtir helgarnar allavega betur heldur en maður gerði.

Af þessu má sjá að eðlisbreyting hafði orðið á samvistum barna og foreldranna í rannsókninni eftir skilnað. Jöfn búseta gerir það að verkum að foreldrar nýta tímann með börnum sínum öðruvísi og skipuleggja hann á annan hátt. Foreldrarnir vildu hvorugt missa af samverustundum með barni sínu á mikilvægum stundum eins og um jól, áramót eða þegar þau áttu afmæli. Meiri hluti foreldraparanna hélt saman upp á afmæli barnsins og skiptu jólunum með sér á þann hátt að barnið fékk tvöföld jól. Móðir 3 sagði líkt og fleiri foreldrar:

Það segir sig náttúrulega sjálf, þú ert bara með barnið þitt í viku og færð það ekki aftur fyrr en eftir viku að þá náttúrulega nýtir þú tímann þinn betur.

6.3 Breytingar í lífi barna eftir skilnað

Í viðtölunum var athygli beint að því hver upplifun foreldranna væri á líðan og aðlögun barnanna að fyrirkomulaginu og þeim breytingum sem urðu í fjölskyldunni í kjölfar skilnaðar. Foreldrarnir sögðu, út frá eigin upplifun, frá reynslu barna þeirra bæði af skilnaðinum og af jafnri búsetu. Í heildina telja foreldrarnir að skilnaðurinn hafi ekki haft mikil áhrif á líðan barna þeirra og að þau hafi fljótt aðlagast fyrirkomulagi samvistanna. Að þau séu almennt sátt og ánægð með skipulagið. Þau telja mörg að helsta breytingin sem hafi orðið í lífi barnsins í kjölfar skilnaðarins hafi verið myndun nýrrar fjölskyldugerðar.

Þetta þriðja efnissvið rannsóknarinnar um *breytingar í lífi barna eftir skilnað*, greinist í þrjá þætti. Fyrst eru það *viðbrögð, þroski og líðan barna*, þar sem fjallað er um viðbrögð barnanna við skilnaðinum og þau áhrif sem hann hafði á þroska og líðan þeirra. Þá er fjallað um *aðlögun barna eftir skilnað foreldra*, en þar er greint frá því hvernig börnin hafa aðlagast fyrirkomulaginu og breyttum aðstæðum. Að lokum er umfjöllun sem snýr að *áhrifum fjölskyldubreytinga – nýrrar fjölskyldugerðar á líf barnsins*.

6.3.1 Viðbrögð, þroski og líðan barna

Eins og fram hefur komið voru börn viðmælenda rannsóknarinnar fimm talsins og þau voru á aldrinum sex til átta ára þegar rannsóknin var framkvæmd. Algengast var að þau hafi verið í kringum þriggja ára aldurinn við skilnað foreldra. Þau foreldrapör sem áttu barn sem var komið yfir þriggja ára aldur þegar skilnaðurinn varð sögðu barninu í sameiningu frá skilnaðinum og þeim breytingum sem yrðu hjá fjölskyldunni í framhaldinu. Í tveimur tilvikum var barn það ungt að það var ekki talið hafa nægilegan þroska til þess að hægt væri að útskýra gang mála á þeim tímamarki sem skilnaðurinn átti sér stað. Faðir 3 sagði frá því þegar hann ásamt barnsmóður sinni sagði rúmlega þriggja ára barni sínu frá skilnaðinum á eftirfarandi hátt:

...Þetta var í raun og veru útskýrt á þann hátt að núna er þetta bara svona, við búum í sitt hvoru lagi og þú skiptist á að vera hjá mömmu og pabba ... stundum bara geta foreldrar ekki búið saman ... við viljum bæði svo mikið vera með þér að við þurfum að skiptast á.

Flestir foreldranna virtust reyna að útskýra í sameiningu fyrir barni sínu skilnaðinn og fyrirkomulag samvistanna á eins einfaldann hátt og þau gátu, þar sem um mjög ung börn var að ræða. Hins vegar kom fram að staða mála hefði jafnframt verið útskýrð smám saman um leið og spurningar barnanna jukust eftir því sem þau urðu eldri og þroskaðri og þörf þeirra fyrir upplýsingar um skilnaðinn og útskýringu á aðstæðum varð meiri. Faðir 1 sagði frá sinni reynslu af þessu á eftirfarandi hátt:

...[Þörfin fyrir útskýringar] það kemur seinna sko, hún er svona aðeins farin að spyrja persónulegra spurninga. Bara hver hafði frumkvæðið og varst þú búin að kynnast konunni þinni áður en þið hættuð saman og svona.

Í heildina töldu foreldrarnir viðbrögð barna sinna við skilnaðinum hafa verið mjög væg. Engin greindi frá því að barnið hefði orðið fyrir áfalli eða átt erfitt með að sætta sig við skilnað foreldra sinna. Móðir 2, sem átti sex ára gamalt barn þegar skilnaðurinn varð, sagði í því samhengi

Það kom mér á óvart hve lítið þetta tók á hana sem slíkt á þessum tíma ... Ég veit ekki hvort hún hafi kannski ekki alveg skilið þetta almennilega eða hvað ... Hún var allavega ekki í meira uppnámi heldur en ef ég hefði bannað henni á fá ís eða eitthvað þannig.

Það var þó nokkur breytileiki á hvernig foreldrarnir upplifðu líðan barna sinna eftir skilnaðinn, en hvergi kom fram að þau hefðu orðið vör við mikla vanlíðan hjá barninu. Meðal annars kom fram að barn hefði sýnt æðruleysi og engin breyting virðist hafa orðið á líðan þess. Að sama skapi kom fram að barn hefði opnast og liðið mun betur eftir að foreldrarnir slitu samvistum. Flestir foreldranna sögðu frá því að barn þeirra hefði á einhverjum tímamarki eftir skilnaðinn tjáð vilja sinn til þess foreldrarnir tækju

aftur saman og að fjölskyldan yrði heil á ný. Þetta átti við hvort sem foreldri var komið í nýtt samband eða ekki. Móðir 5 sagði:

...Hann hefur alveg sagt einhvern tímann: „ég vildi að þú og pabbi væruð saman“ ... Það hefur alveg komið fyrir og þá bara ræðir maður það eins mikið og maður getur og eins vel og maður getur.

Foreldrarnir greindu frá því að skilnaður þeirra sem og fyrirkomulag samvistanna væri mjög eðlilegt í augum barna þeirra. Þau tækju þessu sem sjálfsögðum hlut og væru ekki mikið að velta sér upp úr aðstæðunum. Þessar breytingar í lífi barnanna við ungan aldur virðast, að mati foreldranna, hvorki hafa haft áhrif á þroska barnanna né líðan þeirra.

6.3.2 Aðlögun barna eftir skilnað foreldra

Allir foreldrarnir í rannsókninni vildu meina að börn þeirra hefðu verið fljót að aðlagast þeim breytingum sem urðu í lífi þeirra eftir skilnaðinn. Að það hefði tekið þau skamman tíma að venjast fyrirkomulagi samvistanna, þ.e. jafnri búsetu. Þau hefðu jafnvel sum hver verið á undan foreldrum sínum að aðlagast breytingunum. Móðir 3, sem átti rúmlega þriggja ára gamalt barn við skilnað, sagði:

...það var bara strax viku-viku ... bara [lítið] barn farið að telja uppá 7 og bara já það eru 3 dagar eftir mamma ... lærði þetta bara alveg strax og bara gekk inni það ... ekkert mál.

Foreldrarnir telja almennt börn sín vera mjög ánægð og sátt við fyrirkomulag samvistanna. Faðir 2 sagði til að mynda um upplifun barns síns af jafnri búsetu og því að fara alltaf á milli foreldra sinna vikulega:

...Henni finnst þetta bara sjálfsgagt, er ekkert að spá í því.

Foreldrarnir greindu frá því í viðtölunum að börnin hefðu fljótlega lært hvenær og hvernig skiptin færu fram og væru iðulega mjög viljug að fara frá einu foreldrinu til hins. Þau hefðu jafnframt fljótt orðið vanaföst og ekki kunnað því vel ef breyting varð á fyrirkomulaginu. Eins og t.d. um jól, á sumartíma eða vegna vinnu foreldranna. Þá

kom fram að barn yrði fljótt þreytt ef skiptin voru oftari en vikulega og einnig kom fram að barn hefði verið farið að sakna foreldris ef lengra en vika leið á milli skipta. Foreldrarnir töldu því allir að jöfn búseta (vika-vika) hefði hentað þeirra barni vel, það hefði verið fljótt að aðlagast og sé almennt í mjög góðu jafnvægi. Um aðlögun barnsins að fyrirkomulaginu sagði móðir 3 eftirfarandi:

...Hann er náin okkur báðum ... Ég held að hann myndi ekki vilja breyta þessu ... Allir vita, já ertu hjá mömmu þinni núna, ertu hjá þabba þínum ... Það er bara svo eðlilegt fyrir honum.

Móðir 4 hafði svipaða sögu að segja um þær breytingar sem urðu í lífi barnsins við skilnaðinn og aðlögun þess að jafnri búsetu:

...Hún fer á milli, á allt í einu tvö heimili í staðinn fyrir eitt ... það var skrítið í einhvern tíma en það er ekkert skrítið lengur ... Hún er bara glöð og með allt á hreinu og finnst það bara eðlilegt.

Foreldrarnir töldu almennt að börn sín ættu ekki við nein sérstök vandkvæði að stríða sem rekja mætti til þess að foreldrar þeirra hefðu slitið samvistum og að þau byggju hjá báðum foreldrum til jafns. Eins og áður segir greindu nokkur foreldrapör frá jákvæðri reynslu kennara, þjálfara eða annarra sem sinntu barni þeirra af þessu fyrirkomulagi. Faðir 4 sagði frá því þegar foreldrarnir fóru saman á foreldrafund í skóla barnsins nokkrum mánuðum eftir skilnaðinn:

...Hvorugt okkar lét vita að við hefðum skilið, svo fórum við á foreldrafund ... og þá komu þær bara alveg af fjöllum ... Þetta væri nú alveg sérstakt skilnaðarbarn, það væri nú ekki að merkja á barninu að við værum ekki í sambandi.

Þetta kom fram hjá fleiri foreldrum og almennt má segja að viðmælendur hafi talið barn sitt standa vel bæði námslega og félagslega og að það hafi ekki fundið sérstaklega fyrir því að vera skilnaðarbarn. Móðir 2 sagði:

...þær voru alltaf að spyrja okkur í skólanum hvort að þetta væri alveg örugglega rétt að við værum búin að skilja vegna þess að þær sáu aldrei nein áhrif á hana.

6.3.3 Áhrif fjölskyldubreytinga – ný fjölskyldugerð

Það var misjafnt hversu mikla breytingu foreldrarnir töldu hafa orðið á lífi barna þeirra við skilnaðinn og hve mikil áhrif það hafi haft á barnið. Flestir foreldrar sögðu að óhjákvæmilega hefðu orðið einhverjar breytingar og að þau hefðu reynt að milda áhrif þeirra eins og hægt væri hverju sinni. Helsta breytingin var talin vera sú að fjölskyldueining barnsins væri ekki lengur til staðar þar sem foreldrarnir væru fluttir í sundur. Barnið var aðeins með öðru foreldrinu í einu og þurfti að fara á milli þeirra. Það átti tvö heimili í stað eins sem gerði það að verkum að flutningar voru einnig hluti af breytingunum í þeirra lífi. Móðir 5 sagði:

Að vera ekki með okkur báðum allan tímann, það hlýtur að vera aðal breytingin ... Já við fluttum náttúrulega ... það er mikil breyting fyrir lítið barn.

Nokkuð var um að foreldrarnir greindu frá breytingum sem börnin hefðu fundið fyrir við myndun nýrrar fjölskyldugerðar. En hjá öllum fimm börnunum höfðu myndast einhvers konar stjúp tengsl. Sjö foreldrar voru komnir aftur í sambúð og barnið því búið að eignast stjúppforeldra. Í fjórum tilvikum höfðu foreldrarnir eignast stjúpbörn og börnin þá stjúp systkin. Einnig höfðu tvö börn eignast hálf systkin. Breytingar sem mátti rekja til myndun nýrrar fjölskyldugerðar eru t.d. að barni fannst slæmt að geta ekki lengur sofið uppí rúmi hjá foreldri, barni fannst foreldri hafa minni tíma fyrir sig og barn saknaði hefða sem foreldrið og barnið hefðu átt saman áður en fjölskyldugerðin breyttist. Móðir 1 sagði í því samhengi:

Það hefur orðið mikil breyting ... það eru komin systkini og þau eru að tæta í draslið hennar og allt þetta og það er aldrei tími.

Þrátt fyrir að foreldrarnir hafi greint frá góðum samskiptum og tengslum barna við nýja fjölskyldumeðlimi, þ.e. fyrst og fremst stjúppforeldri og stjúp systkini, þá varð mikil

breyting á heimilislífi barnanna þegar ný fjölskyldugerð varð til. Faðir 1 sagði í því samhengi:

...Stjúpforeldrar eru náttúrulega voðalega mikið svona í öðru sæti ... það eru alltaf svona bara minni tengsl ... Sambönd hérna inni á heimilinu eru annars vegar nán og hins vegar bara svona kunningsskapur ... þannig að oft er fjörugt.

Foreldrarnir lögðu þó almennt mikla áherslu á mikilvægi þess að barn sitt væri sátt við nýja maka beggja vegna. Móðir 2 sagði frá þegar hún eignaðist nýjan maka og átti samtalið við barn sitt um það:

...Ég sagði það við hana að hann væri kærasti minn ... En ef að henni liði illa með það þá réði hún því hvort að hann byggi hérna ... ég myndi aldrei taka hann fram yfir hana, hún skipti meira máli.

Fleiri foreldrar töluðu um mikilvægi þess að barninu liði vel í návist stjúpforeldris og á því má greina að foreldrarnir hafi lagt áherslu á að barnið væri sátt við þær breytingar sem yrðu á fjölskyldugerðinni. Móðir 4 sagði:

...Hún [dóttirin] veit að forsendur á nýjum mökum inn reiknast algjörlega útfrá henni.

Foreldrarnir í rannsókninni, og þá sérstaklega mæðurnar, virtust meðvituð um að breytingar í fjölskyldunni eftir skilnaðinn gætu verið erfiðar fyrir barnið og þyrfti að sýna varkárni gagnvart því. Þetta mátti m.a. greina í því sambandi að flestir foreldranna töluðu um að þau hefðu sérstaklega gætt þess að kynna barnið sitt ekki fyrir nýjum maka fyrr en samband þeirra á milli væri orðið tryggt og stöðugt. Móðir 3 sagði:

Ég tók mjög markvissa ákvörðun um að sá maður sem ég myndi kynna barninu mínu fyrir yrði bara maðurinn minn ... þetta var bara eitthvað sem ég var búin að ákveða.

6.4 Fjölskyldutengsl

Í viðtölunum voru foreldrar spurðir um tengsl innan fjölskyldunnar. Bæði eigin tengsl og samskipti sem og tengsl barna við foreldra og aðra fjölskyldumeðlimi, þá helst ömmu og afa beggja vegna. Í heildina má segja að fram hafi komið mikil áhersla foreldra á fjölskyldutengslin og góð samskipti barna við alla fjölskyldumeðlimi. Foreldrarnir stóðu vörð um eigin tengsl við barnið og voru mjög meðvituð um mikilvægi þess að stuðla að góðum tengslum milli kynslóða.

Fjórða og síðasta efnissvið rannsóknarinnar snérist um *fjölskyldutengsl*. Greinist það í tvo þætti. Fyrst er fjallað um *tengsl foreldra og barna*, þ.e. hvernig tengslin eru innan fjölskyldukjarnans og hvernig breyting varð á þeim. Svo er fjallað um *kynslóðatengsl* og þá einna helst tengsl barnanna við ömmu og afa hvoru megin og þau áhrif sem jöfn búseta hefur haft á þessi tengsl.

6.4.1 Tengsl foreldra og barna

Þegar horft er til tengsla foreldra og barna í rannsókninni kemur fram að flestir foreldrar töldu litlar sem engar breytingar hafa orðið á þeirra tengslum við eigið barn eftir skilnaðinn. Allir foreldrarnir töldu sig vera í mjög nánu sambandi við barn sitt og að þrátt fyrir að vera aðeins með það helming tímans væru tengslin sterk og örugg. Þá kom fram að samverustundir foreldris og barns hefðu frekar breyst en sjálf tengslin. Móðir 2 talaði um að tengslin væru orðin fókuseraðri þar sem barnið væri hjá henni aðeins helming tímans. Faðir 3 talaði um að þeir feðgar hefðu orðið tengdari á því að vera bara tveir saman:

...Við fjarlægðumst allavega ekki, urðum bara nánari ef eitthvað er.

Svo virðist sem tengslamyndun barns og foreldris fyrstu æviárin hafi hér mikið að segja og þá sérstaklega hjá feðrunum. Foreldrarnir höfðu í öllum tilvikum báðir myndað sterk tengsl við börnin strax frá fæðingu. Athyglisvert var að þær mæður sem áttu dóttur töluðu allar um sérstaklega sterk tengsl milli föður og dóttur bæði fyrir og eftir skilnað. Þær sögðu allar eitthvað á þessa leið:

...Hún hefur alltaf verið rosalega mikil pabbastelpa.

Engin viðmælandi taldi viku-viku fyrirkomulag hafa haft neikvæð áhrif á tengsl við barnið. Þeir foreldrar sem höfðu eignast börn í nýju sambandi sögðu tengslin við þau börn vera eins og við barnið sem bjó við jafna búsetu. Að sama skapi töldu þau tengsl hálf systkina vera eins sterk og ef þau væru alsystkin. Flestir foreldrarnir töldu jafnframt að tengsl barns síns og stjúpfóreltris, þar sem það átti við, væru mjög góð. Fram kom að því yngri sem börnin voru þegar stjúpfóreltrið kom inn í myndina því sterkara virtist sambandið verða. Þau börn sem áttu einnig stjúpsystkini höfðu flest myndað góð tengsl við þau og því nær í aldri sem þau voru því betri virtust tengslin verða. Móðir 1 talaði um tengslamyndun barns síns við stjúpsystkini:

...Það verða miklu nánari tengsl, svona vinatengsl þar á milli ... þær hafa kallað hvor aðra systur en það hefur aldrei gerst með hin ... þau eru bara það mikið eldri þegar þau koma inni þetta.

Í viðtölunum kom fram að aukinn aldur og þroski barns hefði í einhverjum tilvikum eflt tengslin barnsins við foreldri og þá frekar móður. Jafnframt kom fram að börnin væru gjarnan vakandi fyrir því sjálf að halda jafn góðum tengslum við báða foreldra sína og gera ekki upp á milli þeirra. Móðir 2 sagði í því samhengi:

...Ég sé það alveg að hún passar ... að við upplifum ekki að hún elski annað meira ... en samt ekki þannig að hún sé að segja það eitthvað sérstaklega heldur talar hún um að hún elski mömmu sína og pabba sinn.

Fáir foreldrarnir sjá fyrir sér að tengsl þeirra við barnið hefðu þróast eitthvað öðruvísi ef skilnaðurinn hefði ekki orðið. Móðir 5 sagði líkt og fleiri foreldrar í rannsókninni um tengslin við barn sitt:

Það er allavega ekkert sem ég finn að ég sakni eða mér finnst vanta.

Aðspurð um hvort foreldrunum þætti æskilegt að eitthvað væri öðruvísi í tengslum sínum við barn sitt svöruðu allir því neitandi.

6.4.2 kynslóðatengsl

Foreldrarnir voru spurðir um kynslóðatengsl, þ.e. samband barna við ömmur og afa, og hvort breytingar hefðu orðið á þeim tengslum eftir skilnaðinn. Hvort fyrirkomulag samvistanna, þ.e. jöfn búseta, hafi haft einhver áhrif á þessi fjölskyldutengsl. Fram kom að tengslin hefðu bæði eflst, orðir veikari og engin breyting orðið þar á. Í heildina má þó segja að sá tími sem amma og afa fengu með barnabarni sínu virðist hafa orðið minni eftir skilnaðinn þar sem foreldrarnir höfðu takmarkaðann tíma með barninu sjálf. Þrátt fyrir það væru tengslin við barnið (kynslóðatengslin) eins og áður. Faðir 1 sagði í því samhengi:

Mínir foreldrar bara aðalega kvarta yfir því að það er minni tími sem þau fá með henni af því nú erum við bæði kröfurík á að hafa hana þegar við erum með hana ... það er ekki eins mikið sem maður tímir að senda hana í pössun.

Flestir foreldrarnir sögðu börn sín eiga sterk og örugg tengsl við ömmu og afa beggja vegna. Þar sem voru lítil tengsl, mátti rekja það til landfræðilegrar fjarlægðar annars vegar eða veikinda elstu kynslóðarinnar hins vegar. Í tveimur tilvikum (af 10) varð sambandið meira og var þá um að ræða föðurömmu og -afa hjá báðum. Þá leitaði faðirinn frekar til foreldra sinna með barnið eftir skilnaðinn heldur en áður. Í öðrum tilvikum urðu samskiptin hins vegar minni eða stóðu í stað. Foreldrarnir töluðu þó flestir um að þeir vildu gjarnan að kynslóðasamskiptin yrðu meiri. Móðir 3 sagði eftirfarandi um tengsl barns síns við ömmu og afa, sem er mjög lýsandi fyrir skoðun margra foreldra í rannsókninni um kynslóðasamskiptin:

Mér finnst það ekkert nema jákvætt ... Eina neikvæða er að þá fæ ég ekki minn tíma með honum ... það er í rauninni það eina ... Mér finnst að tengsl sonar míns við foreldra mína mættu alveg í rauninni vera meiri, þetta er bara svona, ég tími ekki tíma mínum.

Þetta viðhorf, sem rekja mátti fyrst og fremst til þess að börnin dvöldu viku hjá öðru foreldrinu og viku hjá hinu, var nokkuð algengt meðal foreldranna. Enn fremur nefndi móðir 1 eftirfarandi:

...Ömmur og afa [báðu megin] hafa kvartað yfir því að þau sjá hana minna ... Þessa viku sem hún er hjá mér þá er ég ekkert glöð með að senda hana í pössun ... þannig að það minnkar sá tími sem amma og afi fá.

Foreldrarnir voru flestir meðvitaðir um mikilvægi þessara tengsla og vildu gefa börnum sínum færi á að styrkja tengslin við ömmu og afa beggja vegna, þó má geta þess að flestir foreldranna höfðu sjálf lítil sem engin samskipti við fyrrverandi tengdaforeldra eftir skilnaðinn. Faðir 5 sagði um samvistir barns síns við ömmu og afa, þ.e. foreldra sína:

...Ég hef stundum verið að hugsa ... ég ætti kannski að reyna að koma honum þangað núna svo þau geti ræktað sín tengsl. En ég myndi ekki segja að [tengslin] væru neitt rosalega mikil ... þó þau séu góð og það er í raun og veru kannski bara mér að kenna eða okkur.

Úr hluta viðtalanna mátti greina að sú breyting hafi orðið á kynslóðasamskiptunum að forsendurnar fyrir samvistum barnanna við ömmu og afa voru frekar á ábyrgð foreldranna. Þau þurftu minna á pössun að halda og litu öðruvísi á þann tíma sem þau höfðu sjálf með barni sínu. Elsta kynslóðin (amma og afi) þurftu því í minna mæli að gæta barnanna eða létta undir með foreldrunum. Móðir 2 sagði um kynslóðasamskiptin eftir skilnað:

...Mér finnst allt of mikill aðskilnaður, ég held að það væri ekki slæmt ef að kynslóðirnar tengdust meira og betur ... Það er kannski það sem ég er ekki að standa mig nógu vel í ... mig langar til þess að hún verði meira hjá ömmu sinni og langömmu.

Aðspurð um eigin skoðun á gildi samskipta milli kynslóða sögðu allir viðmælendur að slík samskipti væru jákvæð og gríðarlega mikilvæg fyrir kynslóðir. Þau vildu öll að barn sitt hefði tækifæri á að eiga í góðu sambandi við ömmu og afa. Faðir 2 sagði að kynslóðatengsl væru:

*...Dýrmæt og lífsnauðsynleg, mjög vanmetin í dag ... kynslóðirnar hafa
nóg að kenna hvor annarri.*

Fleiri foreldrar töldu mikilvæga þekkingu hljótast af því að vera í tryggum tengslum við ömmu og afa. Þau vitnuðu mörg í eigin samskipti við sína ömmu og afa og hve mikil áhrif það hefði haft á líf þeirra. Faðir 4 sagði í því samhengi:

*Það er bara ekki hægt að meta það hvað það er mikils virði að vera í
góðum tengslum við foreldra sína, og ég tala nú ekki um ömmu og afa
sem eiga yfir svo mikilli visku að búa að það er í rauninni ótrúlegt.*

7 Umræða og ályktanir

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir rannsókn á jafnri búsetu barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað. Gerð var viðtalsrannsókn sem náði til tíu fráskilinna foreldra ungra barna sem búa við jafna búsetu, þ.e. viku-viku fyrirkomulag, eftir skilnað foreldra. Hvert foreldrarpar átti eitt barn saman. Spurt var um skilnaðartímabilið, reynslu þeirra af fyrirkomulagi samvistanna, aðlögun og líðan barna þeirra eftir skilnaðinn og tengsl og samskipti fjölskyldumeðlima fyrir og eftir skilnað. Út frá markmiðum rannsóknarinnar var sett fram eftirfarandi rannsóknarspurning: *Hver er reynsla og sýn fráskilinna foreldra af jafnri búsetu barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað?* Spurningunni er svarað í loka þessa kafla.

Hér á eftir er greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar í hnotskurn og ályktanir dregnar. Umfjöllun fræðilegs hluta ritgerðarinnar er tengdur rannsóknarniðurstöðum og höfundur dregur ályktanir. Annars vegar út frá löggjöf og þróun á sviðinu. Hins vegar tengt reynslu og þekkingarsköpun sem fyrst og fremst hefur orðið til út frá rannsóknarniðurstöðum á sviðinu. Að lokum er fjallað um framtíðarsýn í þessum efnum í ljósi niðurstaðna.

7.1 Heildarmynd af niðurstöðum rannsóknarinnar

Í rannsókninni var skoðuð huglæg sýn viðmælenda af jafnri búsetu og fengnar voru upplýsingar um þá merkingu sem foreldrar leggja í aðstæður barna sinna og fjölskyldunnar í heild.

Þeir tíu foreldrar sem tóku þátt í rannsókninni höfðu svipaða stöðu í samfélaginu, flestir voru í kringum 35 ára aldur. Foreldrarnir voru yfirleitt vel menntaðir (með háskólagráðu) og útívinnandi, og unnu meira en fulla vinnuviku. Meiri hlutinn átti sitt eigið húsnæði og virtist hafa komið sér vel fyrir. Annað sem var einkennandi fyrir þennan foreldrahóp var að öll höfðu þau gengið í gegnum tilfinningalega erfiðan skilnað sem þó virtist fljótt einkennast af sátt og samvinnu, gagnkvæmu trausti og virðingu. Foreldrarnir höfðu lagt til hliðar eigin ágreining og átök og einbeitt sér fyrst og fremst að hagsmunum sameiginlegs barns. Ætla má að staða foreldranna í samfélaginu (þ.e. fjölskyldustaða, menntunarstig og fjárhags- og atvinnustaða) sem og aðdragandi og aðstæður skilnaðarins hafi áhrif á hæfni

foreldranna til þess að eiga í góðu foreldrasambandi. Að sama skapi hafi það áhrif á ákvörðun þeirra að taka upp jafna búsetu barns eftir skilnað. Annað sem ætla má að hafi haft áhrif á þessa ákvörðun er jafnræði í uppeldi og hlutverkum fyrir skilnað, en slíkt virtist einnig vera einkennandi fyrir þennan foreldrahóp.

Eitt viðamesta viðfangsefni rannsóknarinnar var foreldrasamvinna. Allir þátttakendur greindu frá góðu sambandi við hitt foreldrið. Virtust þau öll mjög meðvituð um að góð samskipti og samvinna væri undirstöðuatriði fyrir jafnri búsetu. Foreldrasamvinnan kom m.a. fram í því að þau leituðu til hvors annars eftir barnapössun, fóru saman á foreldrafundi, héldu saman upp á afmæli barnsins, samræmdu reglur og unnu sameiginlega að hagsmunum barnsins. Foreldrarnir virtust þannig líta á uppeldi og umönnun barnsins sem samvinnuverkefni.

Þau tóku öll strax ákvörðun um að hafa jafna búsetu og viku- viku fyrirkomulag. Fjögur þör bjuggu í sama skólahverfi, þrjú þör skiptust á að hafa lögheimili barnsins og fjögur þör felldu niður meðlagsgreiðslur. Af þessu má álykta að sátt og samvinna skipti þessa foreldra miklu máli. Foreldrapörin virðast líta á hvort annað sem jafningja í uppeldinu og virða þörf hins foreldris fyrir umgengni og samvistir við barnið.

Foreldrarnir tíu litu allir jákvæðum augum á jafna búsetu barna. Það komu hvergi upp deilur um fyrirkomulag samvistanna og þær ákvarðanir sem teknar voru um hag barnsins eftir skilnað. Foreldrarnir virtust hafa verið sammála og tekið ákvörðun um fyrirkomulagið í sameiningu. Þau töldu öll að jöfn búseta hentaði þeim best og að hefðbundið umgengnisfyrirkomulag (önnur hver helgi) hefði aldrei komið til greina. Það tók foreldrana, sérstaklega mæðurnar, nokkurn tíma að venjast fyrirkomulaginu. Þeim fannst erfitt, og leið jafnvel illa, að vera í viku án barnsins og fengu sum samviskubit yfir því að gera eitthvað sér til ánægju þá vikuna. Þetta virtist þó líða hjá og líkt og börnin, náðu foreldrarnir að aðlagast fyrirkomulaginu.

Hér kom fram jákvætt viðhorf og sterk sannfæring foreldranna um gildi jafnrar búsetu barna. Fæstir þátttakendur vildu tilgreina galla á fyrirkomulaginu og allir héldu foreldrarnir því fram að allt gengi einstaklega vel. Ætla má að áhrifavaldur á hið jákvæða viðhorf sé að hér er um að ræða hóp foreldra sem sjálfir völdu sér þetta fyrirkomulag og jafnfram var hér um að ræða nokkuð einsleitan hóp. Foreldrarnir virðast vilja skapa jákvæða umræðu og ímynd jafnrar búsetu í samfélaginu. Má velta því fyrir sér hvort þar sé um að ræða ákveðin fegrunaráhrif en slíkt felur í sér að

viðmælendur rannsóknar hafi tilhneygingu til þess að gefa jákvæðari mynd af aðstæðum sínum en í raun kann að vera. Í rannsókninni er um er að ræða foreldra sem virðast allir vera mjög barnamiðaðir í hugsun og gjörðum. Þau telja að öðruvísi fyrirkomulag myndi ekki henta þeim og má ætla að þeim sé mikið í mun að standa vörð um þetta fyrirkomulag og sýna fram á gildi og gagnsemi þess fyrir skilnaðarbörn og foreldra þeirra. Foreldrarnir virtust meðvitaðir um rétt barns síns til að umgangast báða foreldra sína og á sama tíma voru þau hvorugt tilbúin að gefa eftir og vera með barnið minna en helming tímans. Af þeim sökum gæti þessi hópur mögulega hafa lagt sérstaka áherslu á góða foreldrasamvinnu og viljað trúa því í einlægni að fyrirkomulagið væri gott fyrir alla aðila og að öllum liði vel með það, sérstaklega barninu.

Almennt virðist vera mikill sveigjaleiki á umgengni hjá þessum fimm fjölskyldum. Börnin gátu haft samband við foreldri á meðan þau voru í dvöl hjá hinu foreldrinu. Ef eitthvað var um að vera hjá fjölskyldunni öðru hvoru megin fékk barnið yfirleitt að fara á milli án nokkurra vandkvæða. Foreldrarnir virtust þó vera nokkuð uppteknir af því að missa ekki sjálfir af hátíðarstundum með börnunum, eins og t.d. þegar þau áttu afmæli og um jól og áramót.

Foreldrarnir héldu því allir fram að skilnaðurinn hefði ekki haft mikil áhrif á börn þeirra, að þau hefðu verið fljót að aðlagast nýjum aðstæðum, væru almennt sátt við fyrirkomulagið og liði vel. Börnin voru mjög ung, flest um þriggja ára, þegar foreldrar þeirra skildu. Mörg þeirra muna ekki eftir öðru en að búa við jafna búsetu og finnist það eðlilegt. Börnunum virðist þó ekki líka vel við að breytingar séu gerðar á fyrirkomulaginu og dvölin hjá öðru foreldrinu styttr eða lengd.

Svo virtist sem meiri breyting hafi orðið á lífi barnanna þegar fjölskyldugerðin breyttist, þ.e. þegar foreldrar fóru í nýtt samband, heldur en þegar skilnaðurinn sjálfur varð. Hjá flestum börnunum blundaði sú ósk að foreldrarnir tækju saman aftur og fjölskyldan myndi sameinast á ný, þetta átti við hvort sem foreldrar voru komnir í nýtt samband eða ekki. Ætla má að sú sátt og samvinna sem einkenndi foreldrasambandið hafi valdið vissum ruglingi hjá börnunum og af þeim sökum hafi verið erfitt fyrir þau að skilja hvers vegna foreldrar þeirra gætu ekki verið saman. Þar sem átök, ósætti eða ágreiningur ríkir á milli foreldra eftir skilnað er viðbúið að börn haldi síður í þá von að fráskilDIR foreldrar þeirra taki saman á ný.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að samvistir foreldra og barna eftir skilnað taki öðruvísi og jafnvel meiri breytingum þegar barn býr við jafna búsetu heldur en ef það býr hjá öðru foreldrinu og er í umgengni við hitt. Fram kom að tengsl foreldranna við börn sín væru eins og þau hefðu verið fyrir skilnað og í öllum tilvikum töldu þau að um náíð samband væri að ræða, sérstaklega við feður. Það var ekkert sem foreldrarnir vildu breyta í tengslum sínum við barn sitt. Hins vegar varð breyting á eiginlegum samvistum þar sem foreldrarnir höfðu takmarkaðan tíma með börnunum og vildu því nýta þann tíma eins vel og þeir gátu. Í slíku fyrirkomulagi má gera ráð fyrir að sjaldnar skapist afslappað heimilislíf þar sem gjarnan er verið að keppast um tímann og verið að reyna að ná að gera meira á styttri tíma. Ætla má að þetta geti skapað aukið álag fyrir börnin til lengri tíma litið.

Foreldrarnir virtust miða líf sitt algjörlega út frá fyrirkomulaginu. Þau unnu mörg hver meira þá viku sem barnið var hjá hinu foreldrinu og skipulögðu sig þannig að þau væru sem mest á lausu þá viku sem barnið var hjá þeim. Fyrir vikið fór barnið sjaldnar í pössun eins og t.d. til ömmu og afa, sem virtust einmitt finna fyrir því að samvistir þeirra við barnabarnið urðu takmarkaðri. Foreldrarnir voru síður tilbúnir að deila þeim tíma sem þau áttu með barninu með ömmu og afa eða öðrum nákomnum. Þrátt fyrir þetta kom fram að foreldrarnir lögðu flest mikla áherslu á mikilvægi kynslóðasamskipta og fjölskyldutengsla almennt.

Umönnun og uppeldi barna sem rannsóknin beinist að, deilist á tvö heimili. Í mörgum tilvikum er um að ræða tvö foreldrapör og jafnvel systkini hvoru megin. Ætla má að þrátt fyrir sátt, samkomulag og samvinnu foreldranna geti það reynst vera álag á ungt barn að fara á milli heimila/fjölskyldna aðra hverja viku. Þó hafa börnin þörf fyrir og vilja vera í tengslum og samvistum við báða foreldra sína til jafns og foreldrarnir vilja deila ábyrgð og uppeldi barnsins með hinu foreldrinu. Þetta er einn af fylgifiskum skilnaðar sem væntanlega verða seint úr sögunni, jafnvel ekki þegar hæfustu foreldrar eiga í hlut.

7.2 Löggjöf og þróun skilnaðarmála

Eins og gerð er grein fyrir í kafla 2.1 hér að framan, eru liðin 17 ár frá því að sameiginleg forsjá var lögfest á Íslandi. Síðan þá hefur orðið jöfn og þétt aukning á því að foreldrar velji að fara sameiginlega með forsjá barna sinna eftir skilnað. Á öllum

Norðurlöndunum hefur verið lögfest sú megin regla að foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns síns nema annað sé sérstaklega ákveðið. Ísland sker sig hins vegar úr þar sem það er eina landið sem hefur ekki heimilað dómurum að dæma sameiginlega forsjá í ágreiningsmálum. Afstaða fráskilinna foreldra og fagfólks á sviðinu hefur þó verið jákvæð varðandi að lögfesta svokallaða dómaraheimild (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008; Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009a). Í rannsókninni voru allir foreldrarnir með sameiginlega forsjá og litu á það sem sjálfsagðan hlut. Af þessu má álykta að afstaða og viðhorf foreldra sé komin fram úr löggjöfinni og að þörf sé á endurskoðun í takt við ríkjandi viðhorf, rannsóknarniðurstöður og reynslu Norðurlandanna.

Búsetureglur barna eftir skilnað foreldra eru nokkuð svipaðar á öllum Norðurlöndunum. Þó geta dómara í Svíþjóð og Noregi dæmt jafna búsetu barna hjá báðum foreldrum. Hvergi hefur verið heimilað að börn geti átt tvö lögheimili. Fram hefur komið að foreldrar eru almennt hlynntir því að börn geti átt tvöfalt lögheimili (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008). Í þessari rannsókn kom fram vilji nokkurra foreldra til að berjast fyrir því að slík skipan yrði lögfest hér á landi. Flestir foreldrarnir (6 af 10) skiptust á að vera með lögheimili barnsins og enn fleiri (8 af 10) höfðu felld niður meðlagsgreiðslu. Mikil réttindi fylgja lögheimilisforeldrinu og fyrir því fundu þessir foreldrar sérstaklega. Þetta sýnir að með því að heimila ekki tvö lögheimili er ekki verið að mæta þörfum foreldra og barna sem eru með jafna búsetu.

Undanfarna áráthugi hefur markvisst verið unnið að því á öllum Norðurlöndunum að tryggja börnum samvistir við báða foreldra sína óháð fjölskyldugerð. Ísland greinir sig frá hinum Norðurlöndunum á þessu sviði, sem öðrum, þar sem dómara geta ekki dæmt jafna umgengni, þ.e. í allt að 7 daga af 14. Þó hefur komið fram að fráskildir foreldrar kjósa í vaxandi mæli að börn þeirra dvelji jafnt hjá þeim báðum eftir skilnað (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008; Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Sú ákvörðun verður að vera tekin af foreldrunum sjálfum hér á landi. En í sjálfu sér er ekkert í lögum sem hindrar slíkt, ef foreldrar eru sammála. Foreldrarnir í rannsókninni höfðu aldrei átt í ágreiningi sín á milli varðandi umgengnisfyrirkomulagið og þurftu ekki að leita til dómstóla heldur tóku sameiginlega ákvörðun um þessi mál. Af því má ætla að fyrirkomulag samvistanna hafi gengið eins vel og fram kom í vitnispurði foreldranna

vegna hæfni þeirra til foreldrasamvinnu. Er allskosta óvíst að viðhorf foreldra sem væru dæmd til þess að vera með jafna umgengni með barni sínu væri eins jákvætt. Þó ber ávallt að hafa hagsmuni barna í fyrirrúmi og gæti komið upp sú staða að það væri hagur barns að vera í jafnri umgengni við báða foreldra sína þrátt fyrir ágreining og ósætti þeirra á milli. Við slíkar aðstæður getur ráðgjöf, stuðningur og fræðsla skipt máli, eins og rætt verður hér á eftir.

Frumvarp Daggar Pálsdóttur (2007/2008), sem fjallað var um í kafla 2, er það allra nýjasta sem fram hefur komið á sviði löggjafar hér á landi. Í því eru tillögur um að lögfesta flest þau atriði sem enn greinir Ísland frá hinum Norðurlöndunum um forsjá, búsetu og umgengni eftir skilnað. Álykta má að ef frumvarp þetta næði fram að ganga væri Ísland samstiga hinum Norðurlöndunum í skilnaðarmálum og stæði þeim jafnvel framar í ákveðnum málum, m.a. varðandi tvöfalt lögheimili. Eftir vinnslu þessa verks er höfundur sammála nefnd Félags- og tryggingamálaráðuneytis, sem einnig var fjallað um í kafla 2, um að full ástæða sé til þess að endurskoða íslensk barnalög um forsjá, búsetu og umgengni með hliðsjón af því hvort og í hve miklum mæli þau þjóni í raun fyrst og fremst hagsmunum barna.

Öll Norðurlöndin bjóða upp á skilnaðarráðgjöf í einhverju formi en Noregur er þó eina landið sem er með lagaheimild sem skyldar foreldra til þátttöku í ráðgjöf eftir skilnað. Í hinum löndunum er það val foreldra hverju sinni. Niðurstöður íslenskra rannsókna hafa sýnt að sí vaxandi áhugi er meðal foreldra á faglegri ráðgjöf og upplýsingagjöf við skilnað eða sambúðarslit. Á undanförunum tíu árum hefur m.a. komið fram aukin áhersla foreldra á þörf fyrir ráðgjöf. Árið 1999 töldu 25% foreldra þörf á ráðgjöf við skilnað á móti 46% foreldra árið 2008. Enn frekar á þetta við um stjúptengsl þar sem fram hefur komið að 96% foreldra telji þörf á sértækri ráðgjöf og fræðslu innan opinberrar þjónustu um málefni stjúpfjölskyldna (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000; Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008). Ný rannsókn höfundar sýndi jafnframt að 78% foreldra segjast myndu nýta sér ráðgjöf eða meðferðarþjónustu ef það stæði þeim til boða að kostnaðarlausu (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2009b). Í rannsókninni nýttu flest foreldrapör (4 af 5) sér aðstoð og ráðgjöf á skilnaðartímabilinu. Hins vegar bauðst engum þeirra sérstök fræðsla eða ráðgjöf varðandi fyrirkomulag barna þeirra eftir skilnað. Misjafnt var hvar foreldrarnir leituðu eftir ráðgjöf og hversu mikið gagn þeim þótti vera af því.

Þó má álykta að þar sem ekki er boðið upp á fræðslu eða ráðgjöf í skilnaðarmálum, sem snúa að hagsmunum barna sérstaklega og er foreldrum að kostnaðarlausu, er fátítt að foreldrar leiti sér sérstaklega eftir slíkri aðstoð. Eins má hugleiða hvort þeir foreldrar sem helst þurfi á upplýsingum, fræðslu og ráðgjöf að halda leiti ekki endilega eftir því. Þeir eigi jafnvel í raun alls ekki kost á því þar sem slíkt getur verið kostnaðarsamt ef leitað er á einkastofur. Höfundur telur að með því að skylda foreldra í viðtöl við framkvæmd skilnaðar væri um leið verið að leggja grunn að auknum möguleikum að góðri foreldrasamvinnu og um leið betur gætt að velferð barna eftir skilnað foreldra. Skilnaðarfræðsla þjónar fyrir víst miklum forvarnartilgangi og hafa m.a. félagsráðgjafar sinnt þýðingarmiklu starfi í þeim málaflokki, bæði á einkastofum og í opinberri þjónustu (Hydén & Hydén, 2002).

Mikil þróun hefur orðið á samvistarformi og búsetumálum barna eftir skilnað undanfarna áratugi, hér á landi sem og annars staðar. Þó forsjá sé sameiginleg er ennþá algengast á Íslandi að börn búi hjá móður og hafi reglulega umgengni við föður eftir skilnað. Þetta gefur til kynna að þróunin í átt að jafnri búsetu hefur ekki verið eins ör, enda ekki gert ráð fyrir því í lögum og rannsóknir takmarkaðar.

Í ritgerðinni er gerð grein fyrir þáttum sem hafa haft áhrif á þróun samvista foreldra og barna eftir skilnað. Fyrst ber að nefna fæðingarorlof foreldra en sú þróun sem hefur orðið á lögum og reglum tengdum fæðingarorlofi eru nátengdar samfélagslegri stöðu feðra og mæðra. Þróunin hefur verið hægari hér á landi, en Ísland varð fremst meðal Norðurlanda með sjálfstæðum rétti feðra til fæðingarorlofs. Mikill meirihluti íslenskra feðra, eða yfir 90%, taka nú fæðingarorlof og eru því virkir þátttakendur í umönnun barna sinna frá upphafi (Guðný Björk Eydal, 2008). Í rannsókninni mátti greina sterka tengslamyndun beggja foreldra við barn sitt frá upphafi. Sérstaklega kom fram að feðurnir væru vel tengdir barni sínu og hefðu alltaf verið. Hins vegar voru feður ekki spurðir hvort þeir hefðu tekið fæðingarorlof, en greinilegt var að þeir höfðu tekið virkan þátt í umönnun barnsins frá fæðingu þess og er því líklegt að þeir hafi nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs.

Annar áhrifaþáttur eru jafnréttismál en samvistir foreldra og barna eftir skilnað eru nátengdir jafnréttisstöðu kynjanna. Áhersla hefur verið á að jafna hlutverk og stöðu foreldra eftir skilnað, það var m.a. gert með því að lögleiða sameiginlega

forsjá sem megin reglu. Jafnræði foreldra inn á heimilum telst hafa áhrif á hlutverk þeirra í umönnun og uppeldi barna sinna eftir skilnað. Í rannsókninni kom fram að foreldrarnir hefðu alltaf tekið jafnan þátt í umönnun og uppeldi barns síns, bæði fyrir og eftir skilnað. Af þessu má álykta að sú jafnstaða hafi haft áhrif á ákvörðun foreldranna um að taka upp jafna búsetu. Þau hafa verið vön að deila hlutverkum fyrir skilnað og því verið tilbúin að gera það áfram. Hins vegar má velta því fyrir sér hvort jafnréttissjónarmiðið gleymist gjarnan við skilnað. Sú hugsun felst í því að foreldrar eru tilbúnir til þess að deila uppeldishlutverki sínu jafnt fyrir skilnað, en eru svo jafnvel ekki tilbúnir til þess eftir skilnað og vilja þá sjálfir taka megin ábyrgðina. Þetta á eflaust frekar við um mæður en feður. Ef horft er til algjörðs jafnréttis milli foreldra við skilnað má ætla að jöfn búseti sé það fyrirkomulag sem ætti að verða fyrir valinu (Ottosen, 2002). Þó verður ávallt að huga að því hvernig hagsmunum barna sé best þjónað, óháð jafnrétti og hagsmunum foreldranna. Á þetta sérstaklega við ef um er að ræða ofbeldi, vanrækslu, veikindi foreldra eða misnotkun vímuefna.

Enn annar áhrifaþáttur í þróun skilnaðarmála á Íslandi er almenn orðræðu þróun. Mikil þekking hefur skapast á þessu sviði sem hefur gert það að verkum að það hefur orðið viðhorfsbreyting og umræðan orðið opnari. Í rannsókninni töluðu foreldrarnir um að hafa heyrt bæði jákvæða og neikvæða umræðu um jafna búsetu. Þau gáfu í skyn að einstaklingar með þekkingu eða reynslu af fyrirkomulaginu hafi haft jákvæðari viðhorf heldur en einstaklingar sem ekki þekktu til. Af þessu má ætla að almenn kynning á niðurstöðum skilnaðarrannsókna, fræðsla og leiðbeiningar til almennings hafi talsverð áhrif á skoðanir fólks og um leið almenna umræðu.

Loka áhrifaþátturinn var hér talinn vera félags- eða hagsmunasamtök sem hafa barist fyrir réttindum foreldra og barna í skilnaðarfjölskyldum og vakið athygli á málaflokknum með ýmsum hætti. Þá hefur m.a. þróun í nafnabreytingum félaga sýnt hvernig viðhorf manna hafa breyst, samanber Félag ábyrgra feðra verður Félag um foreldrajafnrétti. Starfsemi af þessu tagi hefur skapað meðvitund og þekkingu fyrir almenning á sviði skilnaðarmála. Einnig skapast þar vettvangur fyrir fráskilda foreldra og fjölskyldur þeirra til þess að leita eftir stuðningi, fræðslu og upplýsingum.

7.3 Þekkingarsköpun og reynsla

Íslenskar rannsóknir á sviði skilnaðarmála eiga sér ekki langa sögu en um er að ræða rannsóknarsvið sem hefur verið í mótun í um 15 ára skeið. Þá hafa þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi komið til álita bæði við lagabreytingar og þróun þjónustu og jafnframt orðið til þess að auka þekkingu manna á skilnaðarmálum. Íslenskum rannsóknum ber saman um að samvistir barna við báða foreldra eftir skilnað séu mikilvægar líðan þeirra og þroska. Þar gegnir góð foreldrasamvinna lykilhlutverki og samvistarfyrirkomulag sem mæti þörfum barnsins hverju sinni. Foreldrar kjósa í auknum mæli jafna búsetu barna eftir skilnað. Þó hefur enn hvorki skapast haldbær reynsla né þekking á því fyrirkomulagi hér á landi, né hvernig það mætir þörfum og velferð skilnaðarbarna.

Fræðin sýna að börn foreldra sem eru með sameiginlega forsjá standa betur að vígi en börn foreldra þar sem forsjáin er einhliða. Einnig hefur sýnt sig að börn sem eiga reglulegar samvistir við báða foreldra sína eftir skilnað koma betur út heldur en börn sem eru í takmörkuðum samvistum við annað foreldrið (Kelly, 2007). Í þessari rannsókn kom fram að foreldrarnir töldu börn sín standa vel, bæði félagslega og námslega. Þau töldu þau vera vel aðlöguð, sátt og ánægð jafnt sem að eiga í öruggum tengslum við báða foreldra sem og aðra fjölskydumeðlimi.

Rannsóknir á jafnri búsetu hafa sýnt að foreldrar sem eru í góðum samskiptum eru líklegri til að velja slíkt fyrirkomulag eftir skilnað heldur en foreldrar sem eiga í ágreiningi sín á milli við framkvæmd skilnaðar (Smyth, 2004). Þetta kom jafnframt fram í þessari rannsókn þar sem einn sterkasti þátturinn í viðtalsgögnunum reyndist vera, eins og fram hefur komið, góð samskipti og samvinnuhæfni foreldranna. Foreldrar sem eru ekki í góðri samvinnu eru eflaust líklegri til þess að velja annars konar fyrirkomulag.

Íslenskar jafnt sem erlendar rannsóknir hafa gefið til kynna að tekjur, menntunarstig og atvinnuhagir foreldra hafi áhrif á hvernig forsjár- og búsetufyrirkomulag er valið eftir skilnað (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000; Kelly, 2007; Ottosen, 2002). Leiða líkur að því að staða foreldra í samfélaginu hafi áhrif á val á fyrirkomulagi samvista eftir skilnað. Foreldrar í þessari rannsókn falla nokkuð vel inní þann foreldrahóp sem þegar hefur verið skilgreindur í

fyrri rannsóknum og er öðrum fremur líklegur til að velja sameiginlega forsjá og jafna búsetu.

Tengsl feðra við börn sín eftir skilnað hafa fengið nokkuð mikið vægi í erlendum rannsóknum en minna verið gefur gaumur að þeim í íslenskum skilnaðarrannsóknum. Rannsóknum ber þó saman um að meiri hættu sé á að tengsl barna minnki eða rofni við feður og föðurfjölskylduna í heild eftir skilnað heldur en við mæður og þeirra fjölskyldur (Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008). Þá hefur komið fram að samband feðra og barna eftir skilnað sé beintengt sambandi þeirra fyrir skilnað og hversu sterk tengsl hefðu náð að myndast þeirra á milli. Feður eru einnig taldir viljugri til að taka upp jafna búsetu eftir skilnað, en fram hefur komið að slíkt fyrirkomulag skili sér í betri samskiptum barna og feðra (Swiss & Bourdais, 2009; Ottosen, 2002). Í þessari rannsókn komu fram sterk tengsl allra feðranna við börn sín og þeir höfðu í heildina jákvæðari sýn á fyrirkomulag samvistanna heldur en mæðurnar, þrátt fyrir að þeirra viðhorf hefði einnig verið jákvætt.

Rannsóknir á fullorðnum skilnaðarbörnum hafa gefið til kynna að börn sem alast upp við takmarkaða umgengni við annað foreldri sitt eftir skilnað eru gjarnan ósátt við það og hefði sjálfst kosið jafnari samvistir (Kelly, 2007; Fabricius, 2003). Lítið hefur borið á rannsóknum á upplifun barna sem hafa búið við jafna búsetu af fyrirkomulaginu og því þörf á meiri þekkingarsköpun á því sviði. Í þessari rannsókn töldu foreldrarnir börn sín almennt ánægð með fyrirkomulagið og líða vel í jafnri búsetu, þeirra mat var að þetta væri það besta fyrir börnin. Hins vegar ber að hafa í huga að viðhorf foreldranna þarf ekki endilega að endurspeglar raunverulega upplifun barnanna af fyrirkomulaginu, fæstir foreldranna höfðu sérstaklega rætt við börn sín um fyrirkomulagið enda hér um frekar ung börn að ræða.

7.4 Samantekt og framtíðarsýn

Með vísun í markmið rannsóknarinnar og rannsóknarspurningu má álykta að óhætt sé að svara henni á þann veg að reynsla þeirra tíu foreldra, sem tóku þátt í viðtalsrannsókn um jafna búsetu barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað, sýni jákvæða reynslu og að eiginlegar samvistir foreldra og barna breytast eftir skilnað á annan hátt þegar búsetu er jafn skipt. Þetta má rekja til þess að báðir foreldrarnir

hafa takmarkaðan tíma með börnum sínum, þ.e. aðra hverja viku. Sýn þessara foreldra á fyrirkomulagið er ekki aðeins jákvæð heldur telja þau það henta sér og barni sínu einstaklega vel. Jöfn búseta hefur þó einnig áhrif á þann hátt að samvistir barna við aðra fjölskyldumeðlimi, fyrst og fremst ömmu og afa, verða minni þar sem foreldrarnir verða eiginjarnari á tímann með barninu. Álykta má, út frá niðurstöðum rannsóknarinnar, að vissir þættir þurfi að vera til staðar til þess að jöfn búseta barna geti gengið vel, bæði fyrir foreldra og börn þeirra. Þessi þættir eru: (i) *góð foreldrasamvinna sem einkennist af gagnkvæmri virðingu og trausti*, (ii) *sterk tengslamyndun barns við báða foreldra, sérstaklega þó við feður*, (iii) *jafnræði í hlutverkum foreldra fyrir og eftir skilnað*, (iv) *foreldrar búsettir nálægt hvort öðru*, (v) *góð aðlögunarhæfni barns*.

Af því sem að framan greinir má draga þá ályktun að þörf sé á heildarendurskoðun á íslenskri löggjöf um forsjá, búsetu og umgengni barna eftir skilnað foreldra. Mikilvægt er að tryggja hagsmuni barna í þessu samhengi og að lögin séu til þess fallin að velferð barna sé ávallt í fyrirrúmi. Einnig ber að huga að jafnræði milli foreldra og að tækifæri séu fyrir fráskipda foreldra sem vilja halda áfram að deila ábyrgð og umönnun barnsins eftir skilnað til að gera slíkt. Jafnframt má álykta að þörf sé á aukinni uppfræðslu og viðhorfsmótandi umræðu í samfélaginu, bæði meðal almennings sem og fagfólks. Þá má ætla að félagsráðgjafar geti sinnt mikilvægu hlutverki með ráðgjöf og fræðslu við skilnað foreldra sem og við myndun nýrrar fjölskyldugerðar, en slíkar breytingar geta haft mikil áhrif á stöðu og líðan barna. Heildarsýn félagsráðgjafa er vel til þess fallin að mæta fjölskyldum þar sem þær eru staddar og aðstoða foreldra við að vinna úr breytingum með hagsmuni barna sinna í fyrirrúmi. Þá er þörf á enn frekari framlagi fræðimanna á búsetufyrirkomulagi barna eftir skilnað foreldra og samvistum þeirra. Með rannsóknum á sviði skilnaðar og fjölskyldumálefna fæst þekking sem mikilvægt er að taka mið af við komandi lagabreytingar og þróun þjónustu.

Í rannsókn þessari var byggt á sýn foreldra líkt og í flestum skilnaðarrannsóknum sem gerðar hafa verið hér á landi. Hagur barnanna var þó undirliggjandi málefni og því telur höfundur að brýn þörf sé á að efla rannsóknir sem byggja á reynsluheimi skilnaðarbarna. Hvernig þau upplifa sjálf skilnað foreldra sinna, breytingar í eigin lífi við skilnaðinn, tilhögun samvistanna, tengsl innan fjölskyldunnar

og milli kynslóða fyrir og eftir skilnað. Næsta skref er að rannsaka jafna búsetu út frá reynslu og sýn barna sem búa við slíkt fyrirkomulag og ekki síður fullorðinna skilnaðarbarna sem höfðu sem börn búið við jafna búsetu. Þar sem um er að ræða frekar nýtt samvistarform hér á landi gæti orðið erfitt að nálgast þátttakendur með reynslu af fyrirkomulaginu en þó er höfundur bjartsýnn á að slíkt væri mögulegt á næstu árum. Forvitnilegt er að sjá hvort skilnaðarbörn hafi sömu sýn og foreldrar á jafna búsetu barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað.

Þegar beitt er eigindlegri rannsóknaraðferð hefur rannsakandi óhjákvæmilega áhrif á úrvinnslu rannsóknargagna. Með því að hafa hvorki myndað sér jákvæða né neikvæða skoðun á jafnri búsetu og beitt hlutleysi við úrvinnslu gagna telur höfundur sig hafa unnið gegn eigin áhrifum á niðurstöður rannsóknarinnar. Höfundur var meðvitaður um eigin skoðanir og reynslu á skilnaðarmálum frá upphafi og hélt þeim utan við rannsóknarvinnuna.

Notagildi rannsóknarinnar er að hér hefur verið sett fram ný þekking um jafna búsetu barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað. Ljósi hefur verið varpað á aðstæður, viðhorf og upplifun foreldra ungra barna sem búa við jafna búsetu. Þá er það von rannsakanda að niðurstöður rannsóknarinnar og fræðileg umfjöllun hennar geti haft áhrif á þróun löggjafar, fræðslu og þjónustu á sviði fjölskylduráðgjafar. Einnig felst notagildið í því að lesa má úr niðurstöðunum að þörf er á frekari rannsóknum um einstaka efnisþætti eins og kynslóðasamskipti í kjölfar skilnaðar, gildi skilnaðarráðgjafar og síðast en ekki síst rannsóknir sem byggja á rödd skilnaðarbarna um reynslu þeirra og sýn. Að lokum er vert að nefna að hér er um að ræða brýna þörf á vísindalegri þekkingu sem hafi hagnýtt gildi í aðferð og þjónustuþróun í félagsráðgjöf. Slík þekking mun gagnast í ráðgjafar og meðferðarstarfi, við löggjöf og stefnumótun á sviði skilnaðarmála og barnaverndar.

Heimildir

- Ahrons, C. R. (2007). Family ties after divorce: Long-term implications for children. *Family Process, 46*(1), 53-65.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2006). *Ungt fólk 2006 – Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og Greining.
- Ársæll M. Arnarsson og Þóroddur Bjarnason. (2008). Jafnt til skiptis? Tvískipt búseta barna og samskipti þeirra við foreldra. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 151-158). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Barnalög* nr. 20/1992, 76/2003.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna* nr. 18/1992.
- Barnelova* no. 7:1981.
- Bauserman, R. (2002). Child adjustment in joint-custody versus solo-custody arrangements: A meta-analytic review. *Journal of Family Psychology, 16*(1), 91-102.
- Benedikt Jóhannsson. (2007). Börn og fjölskylduaðstæður – könnun. *Áfram ábyrgð. Áhrif skilnaðar á börn og leiðir til úrbóta*. Reykjanesbær: Kjalarnessprófastsdæmi og Reykjanesbær.
- Björnberg, U. & Dahlgren, L. (2008). Family policy. The case of Sweden. Í I. Ostner & C. Schmitt (ritstjórar), *Family policies in the context of family change. The Nordic countries in comparative perspective* (bls. 37-56). Netherlands: VS Verlag.
- Dögg Pálsdóttir. (2007-2008). Frumvarp til laga um breytingar á barnalögum. 135. *löggjafarþing, þskj. 159 – 149. mál*.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: Mc Graw Hill.
- European judicial network in civil and commercial matters. (e.d.). *Divorce-Finland*. Sótt 10. október 2009 af http://ec.europa.eu/civiljustice/divorce/-divorce_fin_en.htm.

- Fabricius, W.V. (2003). Listening to children of divorce: New findings that diverge from Wallerstein, Lewis, and Blakeslee. *Family Relations*, 52(4), 385-396.
- Fabricius, W.V. & Luecken, L.J. (2007). Postdivorce living arrangements, parent conflict, and long-term physical health correlates for children of divorce. *Journal of Family Psychology*, 21(2), 195-205.
- Félag ábyrgra foreldra á Akureyri. (e.d). *Lög félagsins*. Sótt 15. október 2009 af http://fafak.org/index.php?option=com_content&task=view&id=31&Itemid=36.
- Félag einstæðra foreldra. (e.d.). *Um félagið*. Sótt 15. október 2009 af <http://www.fef.is/umfelagid.htm>.
- Félag um foreldrajafnrétti. (e.d). *Félag um foreldrajafnrétti – stefna og starfsemi*. Sótt 15. október 2009 af <http://foreldrajafnrretti.is/default.asp?Page=88>.
- Félags- og tryggingamálaráðuneyti. (2009a). *Skýrsla nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum*. Reykjavík: Höfundur.
- Félags- og tryggingamálaráðuneyti. (2009b). *Skýrsla félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála. Jafnrétti kynjanna í tölum*. Reykjavík: Höfundur.
- Forældreansvarsloven, 2007.*
- Fríða Rós Valdimarsdóttir. (2005). *Þróun löggjafar um fæðingarorlof á Norðurlöndunum og reynslu þjóðanna*. (Skýrsla). Akureyri: Jafnréttisstofa.
- Guðlaug Magnúsdóttir. (2008). *Skilnaður og fjölskyldubreytingar frá sjónarhóli barna*. Reykjavík: Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Óbirt MSW-ritgerð.
- Guðný Björk Eydal. (2008). Policies promoting care from both parents – the case of Iceland. Í Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason (ritstjórar), *Equal rights to earn and care* (bls. 111-148). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason. (2008). Paid parental leave in Iceland – history and context. Í Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason (ritstjórar), *Equal rights to earn and care* (bls. 15-44). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hagstofa Íslands. (2009, júní). *Forsjá barna úr skilnuðum og sambúðarslitum 2008*. Sótt 30. október 2009 af <http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=4016>.
- Hall, I. & Hall, D. (2004). *Evaluation and social research, introducing small-scale practice*. Hampshire: Palgrave macmillan.

- Hydén, M. & Hydén, L. (2002). *Samtal om den nya familjen och det eviga föräldraskapet*. Stockholm: Natur och Kultur.
- Ingólfur V. Gíslason. (2007). *Fæðingar- og foreldraorlof á Íslandi. Þróun laga eftir lagasetninguna árið 2000*. (Skýrsla). Akureyri: Jafnréttisstofa og Félagsmálaráðuneyti.
- Juby, H., Bourdais, C.L. & Marcil-Gratton, N. (2005). Sharing roles, sharing custody? Couples characteristics and children's living arrangements at separation. *Journal of Marriage and Family*, 67(1), 157-172.
- Kelly, J.B. (2007). Children's living arrangements following separation and divorce: Insights from empirical and clinical research. *Family Process*, 46(1), 35-52.
- Lagen om Föräldrabalk nr. 1949:381 með áorðnum breytingum nr. 1998:319.*
- Laki larsen huollosta ja tapaamisoikeudesta nr. 1983/361.*
- Landshagir. (2009). *Mannfjöldi*. Sótt 9. maí 2009 af <http://www.hagstofa.is/-Pages/2353>.
- Lára Björnsdóttir. (2006). Heildrænt skipulag heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn. Félagaráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 49-61). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknasetur í barna og fjölskylduvernd.
- Lee, M. (2002). A model of children's postdivorce behavioral adjustment in maternal- and dual-residence arrangements. *Journal of Family Issues*, 23(5), 672-697.
- Lin, I., Schaeffer, N.C., Seltzer, J.A. & Tuschen, K.L. (2004). Divorce parents' qualitative reports of children living arrangements. *Journal of Marriage and Family*, 66(2), 385-397.
- Lög um breytingu á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar nr. 69/2006.*
- Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000.*
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.*
- Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.*
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2009). *Ungt fólk 2009. 8., 9., og 10. Bekkur. Menntun menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir & Greining.

- Nanna K. Sigurðardóttir. (1981). Kurser for nyfraskilte. Mentalhygiejnisk projekt. *Nordisk Socialt Arbeid*, 1(4), 18-25.
- NOU. (2008:9). *Med barnet i fokus – en gjennomgang av barnelovens regler om foreldreansvar, bosted og samvær*. Ósló: NOU.
- Ottosen, M.H. (2002). *Samboskab, Ægteskab og Forældrebrud. En analyse af børns familieforhold gennem de første leveår*. København: Socialforskningsinstituttet.
- Sátt. (e.d). *Hvað er sátt?* Sótt 20. nóvember 2009 af www.satt.is.
- Socialstyrelsen. (2000). *Samarbetssamtal – socialt arbete med föräldrar*. SoS-rapport 2000:7. Stockholm: Socialstyrelsen.
- Sigrún Júlíusdóttir. (1984). *Experiences with post divorce education*. (A seminar report). Copenhagen: The Danish national institute of social research.
- Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson. (1995). *Barnafjölskyldur: Samfélag - lífsgildi – mótun*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2000). *Áfram foreldrar. Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2005). Réttur barna og velferð við skilnað foreldra – Um lýðræðishugsun og hagsmuni. *Tímarit lögfræðinga*, 55, 183-196.
- Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir. (2008). *Ungmenni og ættartengsl. Rannsókn um reynslu og sýn skilnaðarungmenna*. Reykjavík: Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd og Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2008). Sameiginleg forsjá sem meginregla og íhlutun stjórnvalda. Rannsókn um sjónarhorn foreldra. *Tímarit lögfræðinga*, 4(58), 465-494.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir. (2009a). *Rannsókn um skilnaðarbörn og kynslóðatengsl*. Óbirt handrit.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir. (2009b). *Félagsleg skilyrði og lífsgæði. Rannsókn á högum einstæðra foreldra á Ásbrú/Keili í Reykjanesbæ*. (Rit Röð, þriðja hefti). Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

- Sigurður Kristinnsson. (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 161-180). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Smyth, B. (2004). Parent-child contact schedules after divorce. *Family Matters*, 69, 32-43.
- Smyth, B. (2005). Time to rethink time? The experience of time with children after divorce. *Family Matters*, 71, 4-10.
- Smyth, B. & Weston, R. (2004). The attitudes of separated mothers and fathers to 50/50 shared care. *Family Matters*, 67, 8-15.
- Stjúptengsl. (e.d.). *Stjúptengsl*. Sótt 15. október af www.stjuptengsl.is.
- Swiss, L. & Bourdais, C.L. (2009). Father child contact after separation: The influence of living arrangements. *Journal of Family Issues*, 30, 623-652.
- Wallerstein, J.S. (2005). Growing up in the divorced family. *Clinical Social Work Journal*, 33(4), 401-413.
- Yegidis, B. L. & Weinbach, R.W. (2009). *Research Methods for Social Workers*. Boston: Pearson Education.
- Zahavi, D. (2008). *Fyrirbærafræði* (Björn Þorsteinsson þýddi). Reykjavík: Heimspækistofnun og Háskólaútgáfan. (Upphaflega gefin út 2003).
- Þingskjal 159. (2007-2008). Frumvarp til laga um breytingar á barnalögum, nr. 76/2003. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*. Sótt 11. nóvember 2009 af <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=135&mnr=149>.
- Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 51-66). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Öberg, G. & Öberg, B. (2002). *Vuxna skilsmässobarn berättar*. Stockholm: Prisma.

Fylgisköl

Fylgiskjal 1: Spurningavísir

Fylgiskjal 2: Lýðfræðilegar upplýsingar

Fylgiskjal 3: Upplýst samþykki

Sigrún Júlíusdóttir, prófessor og Sólveig Sigurðardóttir, MA-nemi
Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands
2008-2009

Foreldrar

Viðtalskönnun

Spurningavísir

Nafn: _____ Tími: _____

1. Skilnaðartímabilið: aðdragandi og aðstæður.

- Hvort ykkar vildi skilnaðinn frekar? Hann ____ Hún ____
Jafnt__
- Höfðu foreldrar eða aðrir (fjölskyldumeðlimir eða vinir) einhver áhrif?
Já____ Nei____ Hver þá helst_____
- Var skilnaðurinn óhjákvæmilegur að þínu mati (eftir á að hyggja)?
Já____ Nei____
- Fengu þið einhverja aðstoð/ráðgjöf? – telur þú að það hefði getað breytt einhverju, hverju? Já____ Nei____
- Fengu þið fræðslu/uppl./ráðgj. um forsjá/umgengni? Já____ Nei____
- Hvernig og hvenær var talað við barnið?

2. Vitneskja aðstandenda um skilnaðinn

- Hversu mikið var fjölskyldan (foreldrar/tengda foreldrar) inn í málunum á skilnaðar tímabilinu? Lýstu! Mikið____ Miðlungs____ Lítið____
- Tóku þau afstöðu/beittu þau sér? Fá fram skoðun og reynslu.

3. Fyrirkomulag í kjölfar skilnaðar.

- Hvernig gekk skilnaðurinn fyrir sig (á milli hjónanna)?
Samkomulag__ Sátt__ Átök__ Tilfinningatogstreitur__ Forsjárdeila__
- Hvernig er búsetu/forsjá/umgengni foreldri/barn hátta?
Sameiginleg forsjá__ Móðir með forsjá__ Faðir með forsjá__
Lögheimili hjá: Móður__ Föður__ Öðrum__
Samvistaform: Vika-vika__ Önnur hver helgi__
Önnur hver lengd helgi__ Eftir hentugleika__
- Hver er reynsla ykkar af fyrirkomulaginu, þín skoðun, jákvætt vs. neikvætt.
- Hafa orðið breytingar á fyrirkomulaginu, eru breytingar á döfinni?

4. Breytingar í lífi barnsins/barnanna í kjölfar skilnaðarins.

- Hvaða breytingar urðu í lífi barnsins?
- Hvað breyttist ykkar á milli? (skiptir aldur og kyn þar mál?)
Hvernig urðu/þróuðust tengslin eftir skilnað? (meiri/minni tími-
öðruvísi samvera. Þóssun) Lýstu!
- Getur þú/þið komið með dæmi um hvernig tengslin og samskiptin í fjölsk. hafa breyst eftir skilnaðinn? (fjölskylduboð, sumarbústaðaferði, ferðalög).
- Hver á oftast frumkvæðið af samverustundum ykkar með barninu?

Ég sjálf/ur___Barnið___ Móðir___ Faðir___ Móðuramma/afi___ Föðuramma/afi___

- Hver hefur mest um það að segja hvernig fjölskyldusamskiptin eru almennt?
- Hvað er jákvætt - hvað neikvætt við tengslin/umgengnina og samskiptin við börnin?
- Hvernig voru tengsl innan fjölskyldunnar fyrir skilnað? en eftir skilnað?
 - tengsl við fyrrverandi tengdafjölskyldu.
 - almenn samskipti innan fjölskyldunnar.

5. Staðan í dag.

Hvernig standa málin núna?

- Að hvaða marki er nýtt jafnvægi komið á í fjölskyldunni?
 - Fá fram skoðun, viðhorf, tilfinningar og reynslu viðmælanda (lög)
 - Mat á aðstæðum: Hversu sanngjarnt gagnvart öllum aðilum?
- Hversu sátt/ur ertu? Hverju vildir þú breyta?
- Hvað væri æskilegt að væri öðruvísi í tengslum milli þín og barnsins?
- Fjölskyldustuðning/aðstoð fyrir skilnað og nú – hvernig, í hverju felst hún?
 - Þú veitir/þú færð, hversu mikið/oft, gagnkvæmni?
 - Nefndu dæmi um hvers konar aðstoð þú veitir/þau veita þér?
- Hverju telur þú að skilnaðurinn hafi breytt/mun breyta í tengslum milli barnsins og þín.
 - Hvernig sérðu að tengslin væru eða gætu orðið öðruvísi til lengri tíma litið ef skilnaðurinn hefði ekki orðið?
- Hver er skoðun þín á gildi samskipta milli kynslóða?
- Telur þú að tryggja eigi rétt barna til samvasta við afa og ömmu í barnalögum?

Sigrún Júlíusdóttir, prófessor og Sólveig Sigurðardóttir, MA-nemi
Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands
2008-2009

FORELDRAR

Viðtalskönnun

Lýðfræðilegar upplýsingar:

Aldur: _____ Kyn: Karl _____ Kona _____

Hjúskaparstaða:

Fráskilin/n _____ Í sambúð _____ Í hjónabandi _____ Annað _____

Ef í sambúð eða hjónabandi:

Var núverandi maki áður í sambúð/hjónabandi Já__ Nei__

Á núverandi maki börn úr fyrri samböndum Já__ Nei__

Búa þau börn á heimilinu Já__ Nei__

Fjöldi barna: _____

Fjöldi skilnaða að baki: _____

Menntun:

Grunnskóli eða minna _____ Verklegt framhaldsskólanám _____

Stúdentspróf _____ Háskólapróf _____

Starf: _____

Fjöldi vinnustunda pr. vika:

0 -10 klst. _____ 11-20 klst. _____ 21-30 klst. _____

31-40 klst. _____ 41-45 klst. _____ 46 klst eða meira _____

Húsnæði:

Eigið húsnæði _____ Leiguhúsnæði _____ Foreldrahúsnæði _____

Tegund: Einbýlishús _____ Raðhús _____

Sérbýli _____ Fjölbýli (blokk) _____

Stærð í fermetrum: _____

Gæsla barna:

Skóladaðheimili _____ Móður amma/afi _____ Föður amma/afi _____

Annar fjölskyldumeðlimur _____ Aðili utan fjölskyldu _____

Upplýst samþykki

til þátttöku í viðtalskönnun um fjölskyldu- og kynslóðatengsl í kjölfar skilnaðar

Ég undirrituð/undirritaður samþykki hér með að taka þátt í *Viðtalskönnun um fjölskyldu- og kynslóðatengsl í kjölfar skilnaðar*. Ég hef fengið kynningu á rannsókninni, forsendum hennar, markmiðum og hvernig hún fer fram. Mér er ljóst að ég þarf ekki að svara spurningum sem ég ekki kæri mig um, og að mér er frjálst að hætta við ef svo ber undir. Nafnleynd er tryggð og gögnum er eytt að lokinni úrvinnslu. Ábyrgðarmaður rannsóknar er Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og sér hún, ásamt Sólveigu Sigurðardóttur MA nema í félagsráðgjöf um framkvæmd og kynningu á niðurstöðum.

Dagsetning

Undirskrift